

STEINUNN HARÐARDÓTTIR

*Er með helgidóm í stofunni um jólin*

• heimili

**ALLT** Í MIÐJU BLAÐSINS

PÁLL ÓSKAR HJÁLMTÝSSON

*Bókaður út árið 2010*

Vinsældir konungs íslenskrar popptónlistar eru með ólíkindum og hann þráir frí.

FÓLK 38









# FRÉTTABLAÐIÐ

PITT

14. desember 2009 — 295. tölublað — 9. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


## MÁNUDAGUR

### Í faðmi fjölskyldunnar



Haraldur Gíslason tónlistarmaður á 35 ára afmæli í dag.

TÍMAMÓT 20

### Hvað skiptir máli?

„Kjörnum fulltrúum í fagráðum hefur fækkað mjög hlutfallslega enda erfitt að ráða fimmtán manna borgarstjórn í sjötíu sæti fagráða,“ skrifar Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir.

UMRÆÐAN 16

### Strákar vilja dansa

Ásta Bærings opnar dansskóla í Reykjanesbæ á næsta ári. Tuttugu strákar hafa þegar skráð sig til náms.



FÓLK 38

### Enn eitt tapið



Liverpool tapaði sínum sjötta leik í deildinni í vetur er Arsenal kom í heimsókn.

ÍÞRÓTTIR 32

### VEÐRIÐ Í DAG




**HÆGLÆTISVEÐUR** Í dag verða suðaustan 3-8 m/s V-til, annars hæg breytileg átt. Bjartviðri norðan- og austanlands en skýjað með köflum sunnan- og vestan til. Hiti víðast 3-10 stig, mildast syðst.

VEÐUR 4






# Milljarði sóað í dráttarvexti

**Langflestar stofnanir ríkisins greiða dráttarvexti til utanaðkomandi aðila. Nokkrar þeirra greiða dráttarvexti þrátt fyrir að afgangur sé af fjárheimildum. 1.200 milljónir hafa farið í súginn síðan 2007.**

**FJÁRMÁL** Ríkisstofnanir greiddu 1,2 milljarða króna í dráttarvexti frá ársbyrjun 2007 fram á mitt þetta ár. Stofnanir sem greiddu yfir milljón króna voru 37 talsins en sex þeirra bera meirihluta þessa kostnaðar og er uppsöfnuðum rekstrarhalla undanfarinna ára um að kenna.

Stofnunum er ekki heimilt samkvæmt lögum að fjármagna rekstur með lánum eða yfirdrætti.

Þetta kemur fram í samantekt Ríkisendurskoðunar fyrir Fréttablaðið um dráttarvaxtagreiðslur ríkisstofnana. Á síðasta ári greiddi A-hluti ríkissjóðs, en til hans heyrir hin eiginlega starfsemi ríkissjóðs sem fjármögnuð er af skatttekjum, tæpar 650 milljónir króna í dráttarvexti til aðila utan ríkisins. Þar af námu dráttarvextir sem tengjast bankahruninu með beinum hætti samtals yfir 150 milljónum króna.

### DRÁTTARVEXTIR STOFNANA FRÁ 2007

| Stofnun | Dráttarvextir 2007 - júní 2009 |
|---|---|
| Landspítali | 474 millj. króna |
| Heilsugæsla á höfuðborgarsvæðinu | 64 millj. króna |
| Hólaskóli - Háskólinn á Hólum | 55 millj. króna |
| St. Jósefsspítali, Sólvangur | 33 millj. króna |
| Þjóðleikhúsið | 23 millj. króna |
| Heilbrigðisstofnun Austurlands | 22 millj. króna |
| Landbúnaðarháskóli Íslands | 18 millj. króna |
| Heilbrigðisstofnun Suðurnesja | 17 millj. króna |
| Háskóli Íslands | 11 millj. króna |

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar um endurskoðun ríkisreiknings 2008 kemur fram að dæmi er um að stofnanir sem starfa innan fjárheimilda, greiða engu að síður umtalsverðar upphæðir í dráttarvexti. Ríkisendurskoðun telur nauðsynlegt að tekið verði á þessum vanda í heild sinni tafarlaust og að með öllu sé ólíðandi að stofnanir greiði dráttarvexti að ástæðulausu. Ríkisendurskoðun hvetur fjármálaráðuneytið til þess að bjóða stofnunum sem eiga í verulegum rekstrarvanda upp á endurfjármögnun skulda á meðan unnið er að varanlegri lausn rekstrarvandans.

Nokkrar stofnanir skera sig úr hvað varðar greiðslu dráttarvaxta. Þær eiga það sammerkt að bera uppsafnaðar skuldir frá síðustu árum; aðallega til birgja.

- shá



FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**ÉG HLAKKA SVO TIL** Á jólasýningu Árbæjarsafns á sunnudögum gefst gestum færi á að fylgjast með jólaundirbúningi eins og hann fór fram fyrr á árum. Jólasveinarnir líta líka inn og þeir Stúfur og Gluggagægir völdu lukku hjá yngri kynslóðinni í gær.

Mál vegna iðnaðarmálagjalds flutt hjá Mannréttindadómstóli Evrópu:

# Iðnaðurinn bíður dóms frá Strassborg

**MANNRÉTTINDI** Mannréttindadómstóll Evrópu í Strassborg mun á næstunni skera úr um hvort íslenska ríkið gerist brotlegt við mannréttindi með því að innheimta svokallað iðnaðarmálagjald, sem er 0,08 prósent af veltu iðnfyrirtækja í landinu.

95 prósentum af gjaldinu er ráðstafað til Samtaka iðnaðarins, hagsmunasamtaka, sem hafa meðal annars að markmiði að hafa áhrif á stefnu stjórnvalda.

Einar S. Hálfdánarson hæstaréttarlögmaður flutti málið gegn íslenska ríkinu fyrir Mannréttindadómstólnum í mars. Venjulega líða 4-5 mánuðir frá því að mál er flutt þar til dómur fellur. Nú eru liðnir um níu mánuðir frá því að málið var tekið til dóms og er því búist við niðurstöðu fljótlega.

Einar S. Hálfdánarson flytur málið fyrir hönd félagsmanns í Meistarafélagi húsasmíða, sem telur gjaldtökuna brjóta gegn ákvæðum Mannréttindasáttmála Evrópu um félagafrelsi, tjáningarfrelsi og fleira. Hæstiréttur hafði áður komist að þeirri niðurstöðu að gjaldtakan væri lögmæt.

„Menn, sem vilja ekki vera félagar í Samtökum iðnðarins þurfa samt sem áður að greiða þetta gjald, þótt þeir séu félagsmenn annars staðar og telji sig hafa andstæða hagsmuni við Samtök iðnaðarins,“ segir Einar. „Þetta er keimlíkt félagsgjaldi, þótt það sé kallaður skattur.“

Jón Steindór Valdimarsson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins, segir rangt að líkja iðnaðarmálagjaldinu við skatt eða félagsgjald. Samtökin hafi þá skyldu samkvæmt lögum að verja gjaldinu til framþróunar og iðnþróunar í landinu. Það sé meðal annars gert með þátttöku í rekstri Tækniskólans og Háskólans í Reykjavík.

- pg / sjá síðu 11

Íslensk gáfumannahljómsveit:

# Með besta lagið í netkeppni

**FÓLK** Gáfumannahljómsveitin The Esoteric Gender vann nýverið alþjóðlega lagakeppni sem var haldin á Netinu. Hljómsveitin er skipuð erlendum nemum úr Háskóla Íslands og einum háskólaprófessor.

„Þetta kom okkur mjög á óvart. Við áttum alls ekki von á því að vinna þetta,“ segir söngkonan Lisa Jamesdaughter frá Manchester.

- fb / sjá síðu 28

Loftslagsráðstefnan:

# Tólf hundruð verið handtekin

**DANMÖRK, FBL Stærsta mótmælaganga í sögu Kaupmannahafnar var farin um helgina í tilefni af loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna sem þar stendur yfir. Yfir 1.200 manns hafa verið handteknir vegna mótmælanna og viðbúnaðurinn er gríðarlegur.**

**Mannréttindasamtökin Amnesty International hafa gagnrýnt framgöngu lögreglu og krafist rannsóknar á atburðunum.**

- kóp / sjá síðu 4







## SPURNING DAGSINS



*Toggi, kemur þetta við hjartað í þér?*

„Ja, þetta kemur allavega við veskið á mér."

Tónlistarmaðurinn Toggi er ekki par sáttur við það hvað hann fær snautlega greiðslu frá STEF-i þetta árið, þrátt fyrir að hafa samið eitt allra vinsælasta lag síðasta árs: Þú komst við hjartað í mér.

Davíð Þór Björgvinsson efast ekki um að Icesave-frumvarpið standist stjórnarskrá:

# Ítarleg lögfræðileg álitsgerð óþörf

**STJÓRNSÝSLA** Davíð Þór Björgvinsson, dómari við Mannréttindadómstól Evrópu í Strassborg, telur ekki tilefni til að efast um að Icesave-frumvarpið standist stjórnarskrá. Er hann raunar þeirrar skoðunar að ástæðulaust sé að tekin verði saman ítarleg lögfræðileg álitsgerð um málið.

Davíð er í hópi þeirra lögspekinga sem fjárlaganefnd Alþingis hefur, að ósk stjórnarandstæðinga, beðið um að skrifa lögfræðiálit um hvort Icesave standist ákvæði stjórnarskrár. Snýst álitaefnið um hvort í frumvarpinu felist framsal dómsvalds og þar með brot á stjórnarskránni.



DAVÍÐ ÞÓR BJÖRGVINSSON

Í bréfi til þingsins segir Davíð að reynist skilningur hans á frumvarpinu réttur geti hann ekki séð að um framsal dómsvalds geti verið að ræða, sem fari gegn stjórnarskrá. „Sýnist raunar þetta atriði það einfalt [að] ekki sé tilefni til að taka saman ítarlega lögfræðilega álitsgerð um það sérstaklega," segir í bréfinu.

Að því sögðu kveðst Davíð ekki geta tekið að sér að vinna umbeðið lögfræðiálit vegna starfa sinna í Strassborg.

Guðrún Erlendsdóttir og Pétur Kr. Hafstein, fyrrverandi hæstaréttardómarar og Skúli Magnússon, ritari EFTA-dómstólsins í Lúxemborg, hafa einnig beðist undan verkefninu.

Lagaprófessorarnir Björg Thorarensen og Eiríkur Tómasson vinna hins vegar að álitsgerð um málið, að ósk meirihluta fjárlaganefndar. Stjórnarandstæðingar telja þau vanhæf þar sem þau hafa áður komið fyrir nefndina og látið í ljós álit sitt munnlega. Munu þau þeirra skoðunar að Icesave-frumvarpið brjóti ekki í bága við stjórnarskrá. **- bþs**

Sendiherrahús í New York:

# Selt fyrir 550 milljónir króna

**UTANRÍKISMÁL Utanríkisráðuneytið hefur selt sendiherrabústaðinn í New York fyrir 550 milljónir íslenskra króna. Þetta kemur fram í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2010, en önnur umræða um það á að hefjast í dag.**

**Fjárlaganefnd leggur til að 27 milljónum króna verði varið í leigu á sendiherrabústað í New York á næsta ári. Utanríkisráðuneytið gerir ráð fyrir að húsnæðið verði leigt frá næstu áramótum.**

**Utanríkisráðuneytið gerir engu síður ráð fyrir að fest verði kaup á sendiherrabústað í New York síðar en segir ekki til um hvenær af því gæti orðið. - jhh**

Rannsókn SFO á Kaupþingi:

# Stærsta á hérlendu fyrirtæki

**LÖGREGLUMÁL Rannsókn SFO, efnahagsbrotadeildar bresku lögreglunnar, á Kaupþingi í Bretlandi er sú umfangsmesta sem ráðist hefur verið í vegna íslenskra fyrirtækja. Rannsóknin beinist meðal annars að millifærslum frá Singer & Friedlander, dótturfélagi Kaupþings, sem og lánveitingum til þekktra viðskiptavina.**

**Stjórnarmenn Singer & Friedlander hafa þegar leitað til breska lögfræðingsins Ians Burton sem sérhæfir sig í fjársvikamálum, að sögn breskra dagblaða. Þriggja manna teymi á vegum SFO var hér á landi í október og skiptist á upplýsingum og gögnum við starfsmenn embættis sérstaks saksóknara auk þess að njóta liðsinnis Evu Joly. - ghh**

Vandræði Tiger Woods:

# Gillette dregur sig frá Tiger

**BANDARÍKIN** Stórfyrirtækið Gilette tilkynnti á laugardag að það hygðist draga úr mikilvægi kylfingsins Tiger Woods í markaðsherferðum sínum. Þetta gerir fyrirtækið, að sögn, til að gefa kylfingnum svigrúm til að ráða fram úr vandamálum í einkalífi sínu.



TIGER WOODS

Eins og kunnugt er hefur hann tilkynnt að hann muni ekki spila á golfmótum um óákveðinn tíma eftir að upp komst um framhjáhald hans.

Steve Williams, kylfusveinn Tigers, hefur í fyrsta skipti tjáð sig við fjölmiðla um málið. Hann segist ekkert hafa vitað af fjölþreifni Tigers. Ef svo væri kæmi hann hreint fram og segði frá því. **- shá**



**Í ÞINGINU** Þrátt fyrir óánægju Jóns Bjarnasonar með fyrirhugaða sameiningu sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins og iðnaðarráðuneytisins er hvergi hvikað frá verkefninu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Jón berst gegn sameiningu ráðuneyta

**Jón Bjarnason er andvígur sameiningu sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins og iðnaðarráðuneytisins. Ríkisstjórnin hvikar ekki frá áformum þar um.**

**STJÓRNMÁL** Jón Bjarnason, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, hefur beitt sér gegn sameiningu sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins og iðnaðarráðuneytisins. Samkvæmt heimildarmönnum Fréttablaðsins, úr þingliðum beggja stjórnarflokka, hefur hann reynt að torvelda vinnu við verkefnið, meðal annars með því að neita að hitta embættismenn sem starfa að sameiningunni.

Kveðið er á um sameiningu ráðuneytanna í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í atvinnuvegaráðuneyti. Samhliða henni á að færa rannsókir, mótun nýtingastefnu og ráðgjöf vegna auðlinda til umhverfisráðuneytisins, sem við það verður umhverfis- og auðlindaráðuneyti.

Í þingmálaskrá ríkisstjórnarinnar er gert ráð fyrir að frumvarp um nauðsynlegar lagabreytingar vegna sameiningarinnar og tilfærslu verkefna verði lagt fram nú á haustþingi. Það hefur ekki enn verið gert en samkvæmt heimildum blaðsins er enn stefnt að því.

Ekki hefur verið ákveðið hvenær af sameiningunni verður en bæði hefur verið rætt um mitt næsta ár og ársbyrjun 2011.

Viðmælendur Fréttablaðsins segja Jón leggjast bæði gegn sameiningu ráðuneytanna og flutningi verkefna er lúta að auðlindamálum úr sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu í umhverfisráðuneytið. Veigamest er færsla Hafrannsóknarstofnunarinnar á milli ráðuneyta. Í stefnuskrá Vinstri hreyfingarinnar - græns framboðs fyrir síðustu kosningar var fjallað um að auka beri veg auðlindamála í umhverfisráðuneytinu.

Viðmælendur Fréttablaðsins úr stjórnsýslunni furða sig á háttalagi Jóns í ljósi þess að breytingarnar eru á stefnuskrá ríkisstjórnarinnar og njóta þar með samþykktar hans eigin þingflokks.

Þingmenn úr VG sem rætt var við sögðu málið njóta stuðnings meirihluta þingmanna flokksins og almennur vilji væri fyrir því að af breytingunum yrði. Jóni hefði verið gerð grein fyrir því.

Ekki náðist í Jón Bjarnason.

bjorn@frettabladid.is



**LAMINN** Berlusconi var blóðugur í andliti eftir atvikið. NORDICPHOTOS/AFP

Forsætisráðherra Ítalíu:

# Berlusconi laminn í jörðina

**ÍTALÍA** Silvio Berlusconi, forsætisráðherra Ítalíu, var laminn í andlitið með barefli á fundi sem hann hélt fyrir stuðningsmenn sína í Mílanó í gær. Ítalskur maður, hinn 42 ára gamli Massimo Tartaglia, var handtekinn, grunaður um verknaðinn.

Tvær tennur brotnuðu í Berlusconi, sem auk þess skarst á vör og brákaðist á nefi. Í gærkvöldi var talið að hann myndi eyða nóttinni á sjúkrahúsi.

Aðstoðarmenn Berlusconis hjálpuðu honum á fætur og inn í bíl, en hann féll í jörðina við höggið. Stuttu síðar reyndi hann að klifra upp á þakið á bílnum til að sýna fram á að hann væri ómeiddur, segir á fréttavef BBC. **- kg**

Loftslagsmál:

# Fjölmenni á kertavökum

**UMHVERFISMÁL Áætlað er að mörg hundruð þúsund manns hafi mætt á meira en 3.200 loftslagskertavökur í 139 löndum í gær. Meira en ellefu milljónir manna um allan heim hafa skrifað undir yfirlýsingu um að þeir séu tilbúnir fyrir raunverulegar aðgerðir gegn loftslagsbreytingum.**

**Á Íslandi voru haldnar kertasamkomur í Stykkishólmi, Borgarnesi og Reykjavík. - shá**






Hótuðu mönnum sem reyndust vopnaðir og hringdu þá hræddir á lögreglu:

# Setið um vopnaða menn í Keflavík

**LÖGREGLUMÁL** Sérsveitarmenn ríkislögreglustjóra voru kallaðir til Reykjanesbæjar í gærmorgun eftir að tilkynnt var um að menn vopnaðir haglabyssu hefðu haft í hótunum við aðra í íbúðarhúsi í bænum.

Tildrögin voru þau að tveir menn bönkuðu upp á í húsinu á tíunda tímanum vopnaðir hafnaboltakylfu. Þeir töldu sig eiga sitthvað vantalað við tvo menn sem þar voru, eftir slagsmál sem brotist höfðu út nóttina áður, og höfðu í hótunum við þá vegna þess.

Tvímenningarnir í húsinu brugðust ókvæða við hótununum og dró annar þeirra upp haglabyssu og miðaði á aðkomumennina, sem sáu sér þann kost vænstan að flýja af vettvangi og hringja í kjölfarið á lögreglu.

Lögreglan á Suðurnesjum kom á staðinn og naut liðsinnis fjögurra vopnaðra sérsveitarmanna sem umkringdu húsið og lokuðu götum í grenndinni. Eftir hálfrar klukkustundar umsátur um húsið náðist símasamband við annan mannanna í húsinu. Sá var þá hinn rólegasti og samþykktu mennirnir báðir að gefa sig þegar fram. Þeir voru í kjölfarið handteknir.

Haglabyssan fannst við leit í húsinu og reyndist hún óhlaðin. Engin skotfæri fundust á staðnum.

Mennirnir fjórir eru allir um þrítugt og hafa komið við sögu lögreglu áður. **- sh**



**SÉRSVEITARMENN** Sérsveitarmennirnir umkringdu húsið og skapaðist umsátursástand í hálfa klukkustund. Myndin er úr safni.

# Tilboð sem snerta þig!

Netið í símann 1 GB á mán. fylgir iPhone 3G S allt árið 2010! Gildir í áskrift og frelsi.

2.000 kr. notkun á mán. í 18 mán. fylgir iPhone 3G S! Gildir í áskrift og frelsi.

## Þú finnur úrvalið af 3G snertisímum hjá Nova!

Það er ekki langt síðan símar voru heimilistæki, í sama flokki og brauðristar, stóðu á sérstöku símaborði, voru frekar pirrandi, sögðu ring, ring og voru með skífu framan á sér. Þessir tímar eru liðnir. **Símarnir sem við bjóðum nú eru 3G snertisímar og eru það sem koma skal.** Þeir henta þeim sem vilja sækja tölvupóstinn sinn, fara á netið, fylgjast með á fotbolti.net eða facebook, hvar sem þeir eru staddir, hlaða niður tónlist eða hvað annað sem hugann lystir. Símar eru bara engar brauðristar lengur.



**9.900 kr./mán.**

**iPhone 3G S**

9.900 kr. á mánuði í 18 mánuði.
2.000 kr. notkun á mánuði í 18 mán. fylgir þessu tilboði og netið í símann: 1 GB á mán. á 0 kr. allt árið 2010.
Greitt með kreditkorti.




## Ódýrasti 3G farsíminn með snertiskjá hjá Nova!

**0 kr. útborgun**

**Huawei U7510**

Afborgun 2.000 kr. á mán. í 12 mánuði.
Staðgreitt: 24.000 kr.

2.000 kr. notkun á mán. í 12 mán. fylgir þessum farsíma. Gildir í áskrift og frelsi.

**Netið í símann**
0 kr. í áskrift og 19 kr. í frelsi.
250 MB/mán. í áskrift og 5 MB/dag í frelsi.



**14.900 kr. útborgun**

**Nokia 5230**

Afborgun 2.000 kr. á mán. í 12 mánuði.
Staðgreitt: 38.900 kr.

1.000 kr. notkun á mán. í 12 mán. og Bíókort fylgir þessum farsíma. Gildir í áskrift og frelsi.



**10.900 kr. útborgun**

**LG KU990i**

Afborgun 2.000 kr. á mán. í 12 mánuði.
Staðgreitt: 34.900 kr.

2.000 kr. notkun á mán. í 12 mán. fylgir þessum farsíma. Gildir í áskrift og frelsi.

**0 kr. Nova í Nova**
1.000 mín. símtöl/myndsímtöl og 500 SMS/MMS á mánuði.*

Stærsti skemmtistaður í heimi!

NOVA

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, Glerártorgi Akureyri og MM Selfossi | Þjónustuver 519 1919 | **www.nova.is**

*Ekkert mánaðargjald í frelsi og aðeins 490 kr. í áskrift – 250 MB netnotkun einnig innifalin.
Mánaðarleg afborgun 2.000 kr. greidd með kreditkorti + 250 kr./mán. greiðslugjald. Staðgreitt: Þá þarf ekki kreditkort. Það er ódýrara að staðgreiða!

DAGUR & STEINI

## GENGIÐ 11.12.2009

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 123,86 | 124,46 |
| Sterlingspund | 201,83 | 202,81 |
| Evra | 182,77 | 183,79 |
| Dönsk króna | 24,556 | 24,700 |
| Norsk króna | 21,621 | 21,749 |
| Sænsk króna | 17,509 | 17,611 |
| Japanskt jen | 1,3919 | 1,4001 |
| SDR | 196,98 | 198,16 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

235,5121

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Mikill meirihluti íslenskra bóka er prentaður á Íslandi fyrir þessi jól:

# 673 íslenskar bækur í flóðinu

**ÚTGÁFA** Aldrei hafa verið prentaðar fleiri bækur hérlendis en nú fyrir jólin að því er kemur fram í könnun Bókasambands Íslands. Um áttatíu prósent af öllum þeim bókartitlum sem birtust í Bókatíðindum Félags íslenskra bókaútgefenda eru prentuð hérlendis.

Bókasamband Íslands hefur gert könnun á prentstað íslenskra bóka sem getið er í Bókatíðindum frá árinu 1998. Á þessu ári eru miklu fleiri titlar prentaðir innanlands en í fyrra og er aukningin um 26 prósent. Heildarfjöldi bókatitla hefur dregist lítilega saman á milli ára. Þeir eru 673 í Bókatíðindunum í ár en voru 710 árið 2008 en voru flestir árið 2007 eða 780. Fæstir titlar voru prentaðir hér á landi árið 2000 eða aðeins um þriðjungur útgáfunnar.

Á þessu ári eru 529 titlar prentaðir hér, í Asíu voru þeir 63 en í Evrópu 81. Árið 2008 voru 377 titlar prentaðir hér og 229 í Evrópu. - shá




Kynning á íslenska hestinum:

## Leggja til hestaviku á Íslandi

**LANDBÚNAÐUR Markaðsátak á næsta ári undir heitinu Hestavika á Íslandi að vetri er meðal tillagna sem kynntar eru í nýrri skýrslu nefndar um markaðssetningu íslenska hestsins erlendis. Skýrslan var kynnt fyrir helgi, en nefndin hefur starfað á vegum sjávarútvegs- og landsbúnaðarráðuneytisins.**

**Aðrar tillögur sem koma fram í skýrslunni eru meðal annars aukið framboð á fjölþættum hestasýningum fyrir ferðamenn og átak til að fá viðurkenningu á hestaíþróttum á íslenskum hestum sem ólympískri íþrótt.** - kg

Framtakssjóður Íslands:

## Ágúst Einarsson kosinn formaður

**ATVINNUMÁL** Ágúst Einarsson, rektor Háskólans á Bifröst, var kjörinn formaður Framtakssjóðs Íslands á fyrsta stjórnarfundi hans sem haldinn var um helgina. Framtakssjóðurinn er fjárfestingarfélag sem sextán lífeyrissjóðir hafa myndað.


ÁGÚST EINARSSON

Ragnar Önundarson, stjórnarformaður Lífeyrissjóðs verslunarmanna, var kjörinn varaformaður.

Stofnendur hafa skuldbundið sig til að leggja nýja fjárfestingarsjóðnum til um þrjátíu milljarða króna hlutafé. Sjóðnum er ætlað að taka þátt í og móta fjárhagslega og rekstrarlega endurreisn íslensks atvinnulífs í kjölfar falls fjármálakerfisins. - shá

Æðsti leiðtogi Írans:

## Sakar andstöðuna um lögbrot

**ÍRAN Ali Khamenei, erkiklerkur og æðsti leiðtogi Írans, sakaði í gær stjórnarandstöðuna í Íran um að hafa brjóta lög með því að sverta minninguu Ruhollah Khomeini erkiklerks, stofnanda íslamska lýðveldisins í Íran.**

**Khameini vísaði í atvik síðan fyrir viku, þegar sjónvarpsmyndir náðust af því þegar mynd af Khomeini var rifin í sundur. Atvikið var í kjölfarið sýnt í ríkissjónvarpi landsins.**

**Stjórnarandstaðan heldur því fram að atvikið hafi verið sviðsett og neitar allri aðild að því,**

**Stjórnarandstaðan hefur neitað að viðurkenna úrslit forsetakosninganna í júní, þegar Mahmoud Ahmadinejad var endurkjörinn forseti landsins.** - kg

Loftlagsráðstefnan í Kaupmannahöfn






**ÁTÖK Í MÓTMÆLAGÖNGU** Talið er að hátt í hundrað þúsund manns hafi tekið þátt í mótmælagöngunni í Kaupmannahöfn um helgina. Til átaka kom eftir að aðgerðarsinnar köstuðu steinum og handtók lögreglan um þúsund manns. NORDICPHOTOS/AFP

# 100 þúsund gengu til bjargar loftslagi

**Gríðarlegur viðbúnaður er vegna loftslagsráðstefnunnar í Kaupmannahöfn. Lögreglan hefur handtekið tólf hundruð manns í mótmælum helgarinnar. Stærsta mótmælaganga í sögu borgarinnar var farin á laugardag.**

Óhætt er að segja að loftslagsráðstefna Sameinuðu þjóðanna hafi heltekið Kaupmannahöfn. Hvert sem litið er má sjá merki hennar; auglýsingar, áköll eða fræðslubása. Þá er borgin full af fólki sem er gagngert komið vegna ráðstefnunnar og má ýmist þekkja af skjalamöppum og ráðstefnuskilríkjum fulltrúanna, eða svörtum klæðum og klútum mótmælenda.

Á laugardaginn gengu síðan 100 þúsund manns fylktu liði frá Friðriksborg að Bella Center, hvar ráðstefnan er haldin, til að krefjast aðgerða nú þegar. Fólk veifaði mótmælaspjöldum og mátti sjá mörg slagorð, til að mynda: „Ef loftslagið væri banki væri búið að bjarga því.“

Þegar gangan var komin af stað tók hópur aðgerðasinna sig saman í aðgerðum. Steinum var kastað og háreysti viðhöfð. Lögreglan var búin undir þetta og hafði gríðarlega fjölmennt lið á svæðinu. Hún umkringdi hópinn á bílum og réðist síðan að honum og handtók hvern sem fyrir þeim varð. Þegar upp var staðið höfðu 968 manns verið handteknir. Þeim var öllum sleppt nema tveimur, sem enn eru í haldi. Sjá mátti fólk sitjandi á miðri Amagerbrogade, bak í bak, hendur festar aftur fyrir bak með benslum, sumir sátu þannig tímunum saman í kuldanum. Í gær var síðan farin önnur ganga, mun fámennari, þegar aðgerðasinnar fylktu liði. Eftir að lögreglan fann stein og valslöngvu á einum mótmælenda stöðvaði hún gönguna og handtók 239 manns og hefur því handtekið rúmlega tólf hundruð manns um helgina.

Lögreglan hefur gengið mjög hart fram í aðgerðum sínum og handtekur hvern sem fyrir verður þegar skipunin hefur verið gefin. Amnesty International hefur gagnrýnt framferði hennar og segir tölur handtekinna tala sínu máli. Samtökin telja að fara verði fram rannsókn á atburðum liðinna daga.

Forsætisráðherra Tuvalu:

## Bjargið þið heimili mínu

Saufatu Sopoanga, forsætisráðherra Tuvalu, bað þingfulltrúa í Kaupmannahöfn griða fyrir land sitt. Samkomulag yrði að nást um að stöðva hlýnun jarðar. Að öðrum kosti væri úti um heimkynni hans.

Tuvalu-eyjar eru kóralrif sem liggja mjög lágt og minnsta hækkun á yfirborði sjávar hefur áhrif á þau tíu þúsund manna sem byggja eyjarnar. Sopoanga hefur undanfarin ár hvatt heimsbyggðina til dáða í loftslagsmálum. Hann hefur meðal annars kallað hlýnun jarðar hægfara og slæg hryðjuverk sem verði að stöðva.

Þingfulltrúar í Kaupmannahöfn:

## Fáir hlustuðu á boðskapinn

**Fulltrúar á loftslagsráðstefnunni meðtóku sumir hverjir boðskap mótmælenda á laugardag, en þá lauk 100 þúsund manna göngu fyrir utan ráðstefnuhöllina. Þeir sem ekki voru uppteknir af að hlýða á ræður eða reyna að ná samningum, fylgdust með mótmælendum í sjónvarpinu.**

**Fjöldinn var gríðarlegur fyrir utan höllina, en sárafáir ráðstefnugestir lögðu leið sína út fyrir hússins dyr til að hlýða á boðskap fólksins. Með nokkurri kaldhæðni má segja að helstu áhrifin hafi verið að leiðin í rúturnar frá ráðstefnuhöllinni lengdist þar sem mótmælendur lokuðu svæðinu í kringum húsið.**


KOLBEINN ÓTTARSSON PROPPÉ
skrifar frá Kaupmannahöfn
kolbeinn@frettabladid.is




## VEÐURSPÁ



**Elísabet Margeirsdóttir**
Veðurfréttamaður

**FLOTT VEÐUR Í VIKUNNI** Það verður afskaplega gott veður út vinnuvikuna, yfirleitt hæglætis veður og þurrviðri. Í dag verður fremur milt um allt land en síðan fer kólnandi eftir því sem líður á vikuna og á fimmtudag verður hitinn víða í kringum frostmark.



Á MORGUN
Mjög hæg vestlæg eða breytileg átt.

MIÐVIKUDAGUR
Víðast hægviðri.

| HEIMURINN | |
|---|---|
| Alicante | 10° |
| Basel | 0° |
| Berlín | 1° |
| Billund | 3° |
| Eindhoven | 3° |
| Frankfurt | 2° |
| Friedrichshafen | 0° |
| Gautaborg | 2° |
| Kaupmannahöfn | 3° |
| Las Palmas | 23° |
| London | 5° |
| Mallorca | 23° |
| New York | 9° |
| Orlando | 29° |
| Ósló | 1° |
| París | 1° |
| San Francisco | 13° |
| Stokkhólmur | 2° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

OPIÐ
TIL 22:00
ÖLL KVÖLD
til jóla

# AÐEINS ÞAÐ BESTA

um hátíðarnar!

## Besti hryggurinn

að mati landsliðs matreiðslu-meistara

Við fengum kokkalandsliðið til að taka út nýja hamborgarhrygg Hagkaups. Dómar landsliðsins eru einróma - **þetta er besti hryggur sem það hefur smakkað!**

*Verði þér að góðu*

Þarf ekki að sjóða! Aðeins 90 mín. í ofni!







## Gæða hangikjöt

í suðupoka

Við viljum vera viss um að gæði kjötsins haldist óskert alla leið á diskinn þinn. Þess vegna setjum við hangikjötið í suðupoka. Þannig haldast öll bragðgæði kjötsins betur og gæðin koma skemmtilega á óvart.

*Verði þér að góðu*

## Smjörsprautað kalkúnaskip

Undanfarin 8 ár hefur Hagkaup boðið upp á smjörsprautað kalkúnaskip sem er algjört lostæti og hefur slegið rækilega í gegn á hverju ári. Það er tilbúið beint í ofninn og eldamennskan ofur einföld.

*Verði þér að góðu*



24 Hagkaup OPIÐ ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

## KJÖRKASSINN



*Ætlar þú að þrífa allt hátt og lágt fyrir jólin?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 32,4 |
| NEI | 67,6 |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Viltu að forseti Íslands synji Icesave-lögum staðfestingar?*

Segðu skoðun þína á visir.is

Vefmiðillinn Eyjan.is og Íslensk erfðagreining taka höndum saman:

# Kosning um Icesave á Eyjunni

**KOSNING** Fréttaveitan Eyjan.is hefur efnt til rafrænnar atkvæðagreiðslu á Netinu um afstöðu þjóðarinnar til Icesave-málsins. Verkefnið er unnið í samstarfi við Íslenska erfðagreiningu og er fullyrt að þetta sé fyrsta örugga vefkosninginn sem fram fer á Íslandi.

Við atkvæðagreiðsluna er notast við kerfi sem kallast Íslendingaval og er þróað af Íslenskri erfðagreiningu.

Kerfið er sagt tryggja öryggi og nafnleynd þátttakenda. Aðgangskóðar hafa verið sendir sem rafræn skjöl til kjósenda í gegnum heimabanka þeirra. Hægt er að nálgast kóðana nú þegar.

Opnað var fyrir kosninguna í gær og áætlað er að henni verði lokið síðdegis á fimmtudag. Til stendur að kunngjöra niðurstöðurnar strax í kjölfarið.

Í könnuninni er spurt: „Vilt þú að Alþingi samþykki eða synji ríkisábyrgð á Icesave-samkomulaginu við Breta og Hollendinga?“ Svarmöguleikar eru þrír: „Alþingi samþykki ríkisábyrgð“, „Alþingi synji ríkisábyrgð“ og „Tek ekki afstöðu.“

Í fréttatilkynningu vegna málsins segir að Eyjan hyggist birta fleiri kannanir af þessu tagi á næstu misserum. **- sh**



**KOSNINGUNNI HRINT AF STAÐ** Guðmundur Magnússon, ritstjóri Eyjunnar, og Hákon Guðbjartsson frá Íslenskri erfðagreiningu handsala samninginn. MYND / EYJAN.IS.

Kosningar í Houston:

## Borgarstýran samkynhneigð

**BANDARÍKIN Annise Parker var kjörin borgarstjóri í Houston í Texas-ríki Bandaríkjanna. Parker hlaut 53,6 prósent atkvæða.**

**Það sem vekur mestu athyglina við kjör Parker er að aldrei hefur samkynhneigður einstaklingur verið kjörinn borgarstjóri í jafn fjölmennri borg og Houston. Íbúar borgarinnar eru um 2,2 milljónir talsins.**

**Í kosningabaráttunni var Parker hins vegar gagnrýnd mikið af íhaldsömum trúmönnum og öðrum sem fordæma líferni samkynhneigðra, að því er fram kemur á fréttavef BBC. - jhh**

Áskorun frá Orra Vigfússyni:

## Obama beiti sér gegn laxeldi

**STANGVEIÐI** NASF – verndarsjóður villtra laxa skorar á Barack Obama Bandaríkjaforseta að koma í veg fyrir að markaðir opnist fyrir norskan eldislax í Bandaríkjunum.

Þetta kemur fram á vef Stangaveiðifélags Reykjavíkur. Orri Vigfússon, formaður NASF, segir Norðmenn brjóta alþjóðlegar samþykktir með stórfelldu laxeldi og óttast að Norðmenn noti heimsókn Obama í Noregs til að liðka fyrir sölu eldislax í Bandaríkjunum. Fiskeldi Norðmanna hafi veruleg áhrif í Finnlandi og Rússlandi og á norska laxastofna. Laxalús frá norskum fyrirtækjum hafi mikil áhrif á villta laxa, ekki aðeins í Noregi heldur einnig í Chile, Bandaríkjunum, Kanada, Írlandi og á Skotlandi. **- gar**

**SVEITARSTJÓRNARMÁL**

### Kortafé til líknarmála

Bæjaryfirvöld í Ísafjarðarbæ hafa ákveðið að senda starfsmönnum sveitarfélagsins ekki jólakort þetta árið. Með þessari ákvörðun sparast á annað hundrað þúsund krónur sem renna til menningar- og líknarmála.

**DÓMSTÓLAR**

### Sautján ára brutust inn í bíla

Tveir sautján ára piltar hafa verið dæmdir í Héraðsdómi Suðurlands fyrir að brjótast inn í nokkra bíla og hnupla úr þeim. Piltarnir játuðu sök. Ákvörðun refsingar þeirra var frestað haldi þeir skilorð í eitt ár.

**GRINDAVÍK**

### Nýr skóli vígður

Hópsskóli, nýr grunnskóli í Grindavík, var vígður á fimmtudag. Skólinn mun hýsa nemendur í 1. til 4. bekk grunnskóla en gamli grunnskólinn mun hýsa 5. til 10. bekk.

# Framlög til fangelsa og dómstóla aukin

**Ráðstöfunarfé ráðherra verður skorið niður um rúmar 20 milljónir samkvæmt breytingartillögum við fjárlög næsta árs. Leigja á gistiheimili og útbúa þar fangelsi og ráða fimm nýja héraðsdómara. Tillögurnar verða ræddar á þingi í dag.**

**STJÓRNMÁL** Auka á fjárveitingar til dómstóla og verja yfir 100 milljónum í fjölgun fangarýma á næsta ári. Þetta er meðal þess sem gert er ráð fyrir í breytingartillögum við fjárlagafrumvarp næsta árs, sem ræddar verða á Alþingi í dag.

Meðal annars er lagt til að fjárveitingar til héraðsdómstóla hækki tímabundið um 86 milljónir, í samræmi við þær breytingar sem gert er ráð fyrir í nýju frumvarpi um dómstólalög. Þar er kveðið á um að héraðsdómarar landsins skuli vera 43 fram til ársins 2013, í stað 38 eins og nú er, vegna mikillar fjölgunar dómsmála, meðal annars vegna bankahrunsins. Laun þessara fimm dómara til viðbótar nema 53 milljónum á ári, og auk þess er gert ráð fyrir 33 milljónum í laun fimm aðstoðarmanna dómara til viðbótar.

Nefndin leggur jafnframt til að fjárveitingar til Hæstaréttar verði hækkaðar um 16 milljónir til að takast á við aukinn málafjölda. Féð á fyrst og fremst að fara í að fjölga aðstoðarmönnum dómara. Þá er lagt til útgjöld Hæstaréttar lækki um 8 milljónir, enda hefur kjararáð ákveðið að lækka laun hæstaréttardómara um 15 prósent, en í fjárlagafrumvarpinu gleymdist að reikna með því.

Á móti þessu á að hækka dómsmálagjöld umfram önnur gjöld.

Þá hefur verið ákveðið að leigja gistiheimilið Bitru og koma þar upp sextán fangarýmum. Kostnaðurinn við það er áætlaður 107 milljónir, þar af eru 18 milljónir í húsaleigu. Einnig hefur verið hætt við að skera niður framlög til meðferðargangsins á Litla-Hrauni, og eru 30 milljónir vegna hans lagðar til í breytingartillögunum. **stigur@frettabladid.is**



**LITLA-HRAUN** Plássið á Litla-Hrauni og í öðrum fangelsum landsins er löngu uppurið og því verður 107 milljónum varið í að koma upp sextán fangarýmum á gistiheimilinu Bitru. FRÉTTABLAÐIÐ / GVA

### PUNKTAR ÚR BREYTINGARTILLÖGUNUM

- Hallinn á fjárlögum næsta árs verður öllu meiri en áður var gert ráð fyrir, eða 102 milljarðar í stað 87,4.
- Lækka á ráðstöfunarfé ráðherra úr samtals 70,6 í 49,4 milljónir.
- Gerð verður krafa um 500 milljóna króna hærri arðgreiðslu frá ÁTVR á næsta ári en áður var stefnt.
- 185 milljónum veitt aukalega til byggingarframkvæmda og tækjakaupa við Háskóla Íslands.
- Framlag til sjóvarnargarðagerðar hækkar úr 63,6 milljónum í 163,6.
- Samtök iðnaðarins fá 420 milljónir frá ríkinu í stað 300 milljóna.
- Sautján milljónum varið í endurgreiðslur til sveitarfélaga vegna refaveiða.






Þrír menn voru hætt komnir í miklum vatnavöxtum í Steinsholtsá í Þórsmörk:

# Bjargað við erfiðar aðstæður

**SLYSFARIR** „Aðstæðurnar voru mjög erfiðar, rok, ausandi rigning og mikill vöxtur í ánni. En allir eru sammála um að björgunin hafi gengið ljómandi vel,“ segir Jón Hermannsson, svæðisstjóri björgunarsveita á Suðurlandi. Björgunarsveitir komu þremur mönnum til hjálpar í Steinsholtsá í Þórsmörk á laugardagskvöld.

Tíu menn á þremur jeppum voru á leið yfir ána í Básа þar sem þeir hugðust gista í skála um nóttina. Straumurinn hreif einn bílinn sem flaut niður með ánni og festist loksins. Tveir farþeganna höfðu komið sér fyrir á þakinu á bílnum þegar björgunarsveit kom á vettvang, en sá þriðji hékk utan á bílnum.

Jón segir vatnselginn hafa verið mikinn. „Við settum línu út til mannanna, og það voru bátar á leiðinni ef einhver skyldi hafa losnað og flotið niður ánna. Sem betur fer kom ekki til þess.“ Stór bíll frá flugbjörgunarsveitinni á Hellu náði loks að keyra út í til mannanna, taka þá upp í og flytja í land. Þeir höfðu þá verið í um tvær klukkustundir utan á bílnum. Að sögn Jóns var einungis einn þeirra orðinn verulega kaldur. Þeir héldu áfram leið sinni í Bása stuttu síðar með hinum bílunum.

Alls tóku milli fjörutíu og fimmtíu björgunarsveitarmenn þátt í aðgerðinni, að undanskilinni áhöfn þyrlu Landhelgisgæslunnar, sem var kölluð út en snúið við þegar tekist hafði að bjarga mönnunum. **- kg**



MYND/JÓN HERMANNSSON

**BJÖRGUN** Mikil hlýindi og úrkoma undanfarið hafa orsakað mikla vatnavexti. Mennirnir þrír voru utan á jeppanum þegar björgunarsveitir komu á vettvang.







ÍSLENSKA SIA.IS ICE 48241 12/09

* Innifalið: Flug fram og til baka, skattar og önnur gjöld. Sölutímabil er til 24. des. 2009 kl. 18:00. Bókunartímabil er frá 22. desember til og með 15. jan. 2010.
Lágmarksdvöl er aðfaranótt sunnudags nema á Saga Class. Takmarkað sætaframboð. Sjá nánari skilmála á www.icelandair.is. Þessar ferðir gefa 750–14.400 Vildarpunkta.

**VEISTU SVARIÐ?**



1. *Hvers lensk er arkitektastofan sem vann hönnunarsamkeppni um skipulag Gömlu hafnarinnar í Reykjavík?*
2. *Hvaða auðkýfingur kemur að útgáfu ljósmyndabókar Páls Stefánssonar; Afríka, framtíð fótboltans?*
3. *Hver skrifaði ævisögu söngvarans Vilhjálms Vilhjálmssonar sem ber nafnið Söknuður?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 38

Sextíu þúsund Íslendingar hafa fengið svínaflensu:

# Bóluefni væntanlegt í vikunni

**HEILBRIGÐISMÁL** Ný sending bóluefnis gegn svínaflensu berst heilsugæslustöðvum um land allt næstkomandi mánudag og þriðjudag. Þá verður unnt að taka þráðinn upp að nýju og bólusetja fólk sem skráð hefur sig á biðlista, að því er fram kemur í frétt frá sóttvarnalækni. Að mati hans hafa um sextíu þúsund manns sýkst af inflúensunni frá því að faraldurinn hófst í vor.

Bólusetning hefst á nýjan leik miðvikudaginn 16. desember og þá ganga þeir fyrir sem hafa skráð sig á biðlista. Tekið er við nýjum pöntunum vegna bólusetningar frá og með mánudegi 14. desember.

Bóluefni verður næst dreift um landið 6. janúar 2010 og verður tekið við pöntunum í þá sendingu eftir áramótin. Sóttvarnalæknir beinir því til heilsugæslustöðva að gefa skýrar upplýsingar á heimasíðum sínum, og við símsvörun á hverjum stað, um gang bólusetningarinnar og helstu tímasetningar. Staða mála er mismunandi á heilsugæslustöðvunum. Þannig verður unnt á sumum heilsugæslustöðvum að bólusetja fleiri núna í desember en eru þar á biðlista en á öðrum heilsugæslustöðvum dugar ný sending bóluefnis nú ekki til að bólusetja alla þá sem hafa skráð sig í bólusetningu. **- jss**



**BÓLUSETNING** Nýjar birgðir af bóluefni gegn svínaflensu koma eftir helgina.

Ókeypis hugbúnaður:

# Skrifstofuforrit þýdd á íslensku

**TÖLVUR Vinna er hafin á openoffice.is við að þýða skrifstofuforritin í vinsælu OpenOffice.org yfir á íslensku.**

**Þessi forrit samanstanda af ýmsum algengum gerðum hugbúnaðar, svo sem ritvinnslu, töflureikni og framsetningarforriti, til dæmis fyrir glærur.**

**Einnig fylgir í pakkanum teikniforrit og hugbúnaður til uppsetningar á gagnagrunnum. Þá er þar ritill til að skrifa stærðfræðiformúlur.**

**Allir sem vilja geta lagt sitt af mörkum við þýðingarnar og hugbúnaðurinn er ókeypis.** **- kóþ**






# Fjöldi sveitarfélaga lifir ekki án styrkja

**Um helmingur sveitarfélaga fær yfir þrjátíu prósent tekna sinna frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Hæst er hlutfallið 60 prósent. Sameining gæti skilað 1,5 til 3 milljörðum króna. Ráðherra kynnir sameiningarvinnu á morgun.**

**SVEITARFÉLÖG** Um helmingur sveitarfélaga á Íslandi, 36 af 77, fær þrjátíu prósent eða meira af tekjum sínum frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Ljóst er að slík sveitarfélög ættu erfitt uppdráttar án styrksins. Tvö sveitarfélög fá meira en helming tekna sinna úr sjóðnum; Skagabyggð er með 59,4 prósent og Bæjarhreppur með 59,7 prósent.

Kristján L. Möller samgönguráðherra segir að ljóst sé að mörg sveitarfélög séu of lítil til að standa undir sér. Hér á landi séu sannarlega of mörg og of smá sveitarfélög.

Vinna var langt komin við frumvarp um að hækka lágmarks íbúafjölda sveitarfélaga úr 50 í 1.000 þegar hrunið skall á. Síðan hefur lítill tími gefist til að sinna verkefninu. Ráðherra hefur þó fundað með sveitarstjórnarmönnum víða um land. Hann segir að ósk hafi borist um að vinna öðruvísi að málum þannig að losnað verði við kosningar.

Á morgun verður verkefni ýtt úr vör á Egilsstöðum, en þá verða kannaðir kostir og gallar þess að gera allt Austurland að einu sveitarfélagi. Kristján segir að þannig sé ætlunin að vinna um allt land og leggja síðan tillögu fyrir Alþingi um skipan mála. „Ég sé fyrir mér að um þarnæstu sveitarstjórnarkosningar, árið 2014, verði orðin gjörbreytt mynd á sveitarfélögum landsins. Þau þarf að stækka og efla til að gera þau í stakk búin til að taka á móti fleiri verkefnum sem best er að sinna í nærþjónustunni."

Sigrún Björk Jakobsdóttir, fyrrverandi bæjarstjóri á Akureyri, flutti erindi á fjármálastefnu Sambands íslenskra sveitarfélaga í haust. Þar tilgreindi hún að sameining sveitarfélaga gæti skilað eins til tveggja prósenta hagræðingu. Heildarvelta sveitarfélaga er um 160 milljarðar króna á ári og hagræðingin myndi því spara einn til þrjá milljarða. „Þessari tölu hefur verið fleygt fram um hagræðingu sveitarfélaga. Eins prósents hagræðingarkrafa er ekki óeðlileg við sameiningu," segir Sigrún Björk. Til samanburðar má nefna að aukaframlag úr Jöfnunarsjóði nam einum milljarði króna í ár.

kolbeinn@frettabladid.is




**ÍSLAND** Að beiðni Austfirðinga verða kostir þess og gallar að gera Austurland allt að einu sveitarfélagi kannaðir. Ætlunin er að skoða sameiningu eftir óskum íbúa um allt land en ekki láta eina ákveðna íbúatölu ráða.

**HLUTFALL FRAMLAGS**

| | Fjöldi | Íbúar |
|---|---|---|
| Framlög Jöfnunarsjóðs innan við 20,2% tekna | 25 | 269.061 |
| Framlög Jöfnunarsjóðs 20,8% til 34,7% tekna | 26 | 38.069 |
| Framlög Jöfnunarsjóðs 35,1% tekna eða meira | 26 | 12.573 |



**KRISTJÁN L. MÖLLER**



**SIGRÚN BJÖRK JAKOBSDÓTTIR**






Neytendasamtökin gefa umsagnir um skattafrumvörp ríkisstjórnarinnar:

# Mótmæla auknum sköttum

**NEYTENDUR** Neytendasamtökin eru andvíg frumvarpi ríkisstjórnarinnar um umhverfis- og auðlindaskatta og hvetja til þess að það verði endurskoðað. Þetta kemur fram í umsögn samtakanna um frumvarpið.

Samtökin veittu einnig umsögn um frumvarp um ráðstafanir í skattamálum og leggjast gegn aukinni skattlagningu á neysluvörur almennt. Þau segja ljóst að slíkar skattahækkanir fari beint út í verðlagið og leiði til meiri verðbólgu og þar með hækkunar á höfuðstóli og greiðslubyrði verðtryggðra lána.

Í umsögnum sínum segja Neytendasamtökin að aukin skattlagning á lífsnauðsynlegar vörur eins og hita og rafmagn muni bitna mikið á neytendum, ekki aðeins vegna hækkaðs verðs heldur einnig vegna þyngri greiðslubyrði verðtryggðra lána þar sem skattarnir muni hafa áhrif á neysluvísitölu. Þar segir einnig að álögur á bíla og bílavörur séu komnar langt úr hófi fram og enn einni hækkuninni á áfengi og tóbak sé ekki á bætandi. Það sama megi segja um hækkun virðisaukaskatts og hækkun á almennu skattþrepi.



**BENSÍNSTÖÐ** Neytendasamtökin segja álögur á bíla og bílavörur komnar langt úr hófi fram. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Því er mótmælt að gripið sé nú til aðgerða sem koma með tvöföldum þunga á flest heimili.

Heimilin hafa einfaldlega ekki efni á slíkum álögum í ljósi efnahagsástandsins," segir að lokum. **- þeb**






KOMDU NÚNA!

# JÓLATILBOÐ

## Á ÞRÝSTIJÖFNUNARHEILSURÚMUM

**AF SÉRSTÖKUM ÁSTÆÐUM GETUM VIÐ BOÐIÐ ÖRFÁ RÚM Á SANNKÖLLUÐU KREPPU VERÐI!**

41% AFSLÁTTUR!



**AC12 ÞRÝSTIJÖFNUNAR-HEILSURÚM**

- Lagar sig að líkamanum
- Veitir fullkomna slökun
- Engin hreyfing milli svefnsvæða
- Hefur óviðjafnanlega þyngdardreyfingu
- Kemur líkamanum í rétta stellingu til hvíldar
- Þarf ekki að snúa
- 10 ára ábyrgð

**AC12 ÞRÝSTI-JÖFNUNARRÚM**
(Queen size 153x203)
Verð 236.340 kr.
**NÚ 139.440 kr.**

**AC-9 ÞRÝSITIJÖFNUNAR-HEILSURÚM**

- Lagar sig að líkamanum
- Veitir fullkomna slökun
- Enginn hreyfing milli svefnsvæða
- Hefur óviðjafnanlega þyngdardreyfingu
- Kemur líkamanum í rétta stellingu til hvíldar
- Þarf ekki að snúa
- 10 ára ábyrgð

**AC9 ÞRÝSTI-JÖFNUNARRÚM**
(Queen size 153x203)
Verð 186.340 kr.
**NÚ 128.575 kr.**



31% AFSLÁTTUR!

ARGH!!! 081209

**rekkjan**
HEILSURÚM

Rekkjan ehf ·· Suðurlandsbraut 48 (Bláu húsin í Faxafeni) ·· 108 Reykjavík ·· 588 1955 ·· www.rekkjan.is ·· Opið virka d. 10–18 og lau 11–16



**GENGIÐ Á VATNI** Ungur maður gengur yfir vatn í þar til gerðri kúlu. Myndin er tekin í Dighalipukhuri í Guwahati, sem er höfuðborgin í indverska ríkinu Assam. NORDICPHOTOS/AFP

Danskir fjárfestar:

## Viljugastir til að taka áhættu

**DANMÖRK Danskir fjárfestar trúa á viðsnúning í efnahagsmálum og taka nú í stórum stíl lán til kaupa á hlutabréfum. Frá þessu greindi danska viðskiptablaðið Børsen fyrir skömmu.**

**Blaðið segir að með Norðmönnum séu danskir fjárfestar nú þeir áhættusæknustu á Norðurlöndum vegna aukinnar lántöku til hlutabréfakaupa. Vitnað er til nýrra talna frá Nordnet, stærsta fjárfestingarmiðlara Norðurlanda, sem greint hefur hegðun fjárfesta á þriðja ársfjórðungi þessa árs meðal 300 þúsund viðskiptavina sinna.**

**Danirnir hafa aukið lánsfjármögnunarhlutfall eignasafna sinna um 29 prósent milli ársfjórðunga og eru sagðir tvöfalt skuldsettari en kollegar þeirra í Svíþjóð.** - óká

# Tilraun til að nýta gulldeplu sem aðalfóður í þorskeldi

**Hraðfrystihúsið Gunnvör hefur hug á að nota gulldeplu sem aðalfóður í áframeldi á þorski. Tilraun sem hófst í fyrra lofar góðu. Huginn frá Vestmannaeyjum freistar þess að frysta 500 tonn fyrir jól.**

**SJÁVARÚTVEGUR** Hraðfrystihúsið Gunnvör í Hnífsdal gerði í fyrravetur tilraun til að nýta gulldeplu sem fóður í áframeldi á villtum þorski. Tilraunin gafst það vel að hugmyndir eru uppi um að leggja áherslu á gulldeplu sem fóður og Álfsfell, annað þorskeldisfyrirtæki í Djúpinu, hefur bæst við. Huginn VE frá Vestmannaeyjum ætlar að frysta 500 tonn fyrir jól, gefi á sjó.



**GUÐMUNDUR HUGINN GUÐMUNDSSON**

Þessi nýting gulldeplunnar sætir nokkrum tíðindum í því ljósi að fisktegundin var ekki veidd hér við land fyrr en loðnuvertíð brást og uppsjávarskipin þurftu að leita sér nýrra verkefna í fyrra, segir Einar Valur Kristjánsson, framkvæmdastjóri Gunnvarar. Hann segir tilraunina í fyrra hafa staðfest að þorskur í áframeldi taki gulldepluna sem fóður. Það hafi verið fyrsta skrefið. Hins vegar sé ekki enn þá hægt að fullyrða um hversu gott fóður hún sé í samanburði við loðnu, síld og fiskúrgang sem nýtt hafi verið hingað til. „Þetta er mjög spennandi, sérstaklega ef hægt er að landa þessu beint til okkar, en það er einmitt hugmyndin,“ segir Einar.

Við áframeldi á þorski er eins til tveggja kílógramma þorskur veiddur og færður lifandi í sjókvíar. Þar er hann alinn í nokkra mánuði og síðan slátrað. Þá hefur hann oft tvöfaldað þyngd sína. Um lítið magn er að ræða á landsvísu, eða um 500 tonn hjá þeim fyrirtækjum sem þetta eldi stunda.

Einar segir að í áframeldið noti fyrirtækið á milli eitt og tvö þúsund tonn á ári. „Við verðum að vita hvað við erum með í höndunum en ef vel gengur skiptum við út öðru fóðri fyrir þetta. Það er líka ánægjulegt að vinna með mönnum sem vilja gera meira með hráefnið en selja það allt í bræðslu.“



**SLÁTURTÍÐ HJÁ GUNNVÖRU** Þorskeldi er góð búbót og miklar vonir eru bundnar við eldið til lengri tíma litið. MYND/VALDIMAR

Guðmundur Huginn Guðmundsson, skipstjóri á Huginn VE, segir hafa staðið til að veiða 500 tonn af gulldeplu í fóður en brælur hafi ekki leyft það hingað til. „Það stóð til að landa þessu fyrir vestan. Þeir vilja sjá hvernig fiskurinn dafnar af þessu. Ef það er í lagi vilja þeir fá nokkur þúsund tonn til viðbótar.“

Huginn segir gulldepluna vera spikfeitan fisk sem hljóti að henta vel í fiskeldi. „Hann er líka svo smávaxinn að hann er ábyggilega þægilegur munnbiti fyrir þorskinn.“

svavar@frettabladid.is




**GULLDEPLA** Gulldepla er lítill fiskur af silfurfiskaætt. Hún er 5-8 sentimetra löng. Hún er miðsjávarfiskur sem finnst frá yfirborðinu niður í allt að 1.500 metra dýpi en er algengust á 150-250 metrum um nætur en við 50 metra á daginn. Hún er algengust í heittempruðum sjó í Norður- og Suður-Atlantshafi og lifir á rauðátu. Gulldepla finnst allt í kringum Ísland.



ENNEMM / SÍA / NM40204

Níu sprotafyrirtæki útskrifuð:

## Verðmætin á annan milljarð

**VIÐSKIPTI Viðskiptasmiðjan, hraðbraut nýrra fyrirtækja, brautskráði í gær níu sprotafyrirtæki. Samanlagt verðmæti fyrirtækjanna er vel á annan milljarð króna, að því er fram kemur í tilkynningu frá Viðskiptasmiðjunni.**

**Rúmlega fjörutíu sprotafyrirtæki tóku þátt í starfsemi smiðjunnar á fyrsta starfsárinu, og eru níu nú formlega útskrifuð.**

**Dæmi um útskrifuð fyrirtæki eru Gogoyoko, tónlistarverslun á Netinu, Trackwell, sem hefur rafrænt eftirlit með langferðabílum og skipum, Clara, sem rannsakar umtal á Netinu, og Hafmynd, sem framleiðir ómannaða kafbáta. - bj**

40 tíma vinnuvika fullkomin:

## Of mikil vinna heilsuspillandi

**HEILSA** Stöku yfirvinnutímar skaða engan en ef unnin er of mikil yfirvinna getur það haft alvarlegar afleiðingar fyrir heilsufar, segir í finnskri rannsókn sem Aftenposten segir frá.

Ef unnið er meira en 50 tíma í vikunni verður orðaforðinn verri sem og hæfileikinn til að draga ályktanir. Skammtímaminni hrakar líka. Samkvæmt rannsókninni versnar svefninn einnig hjá þeim sem vinna meira en 55 tíma á viku. Þeim er þrisvar sinnum hættara við svefntruflunum en þeim sem ekki vinna yfirvinnu. Ekki er samt algilt að of mikil vinna hafi slæm áhrif á heilsuna. Þeir sem vinna 40 tíma á viku hafa það best samkvæmt rannsókninni, bæði þeir sem vinna meira eða minna en það eiga þunglyndi og kvíða á hættu. - sbt

# 400 milljóna króna skattur til Samtaka iðnaðarins

**Hagsmunasamtök iðnfyrirtækja fá um 400 milljónir úr ríkissjóði í ár. Tekjurnar hafa verið vanáætlaðar undanfarin tvö ár. Í breytingartillögu við fjárlagafrumvarpið 2010 var tekjuáætlun hækkuð í 420 milljónir.**

**SKATTUR** Ríkissjóður leggur fram 400 milljónir króna í ár til að standa undir rekstri Samtaka iðnaðarins (SI) með svokölluðu iðnaðarmálagjaldi. Gjaldið samsvarar 0,08 prósentum af veltu allra iðnaðarfyrirtækja í landinu.

Fyrirtækjum sem stunda iðnrekstur í landinu er skylt samkvæmt lögum að greiða gjaldið eins og hvern annan skatt. Ríkisfyrirtæki, álver og Járnblendiverksmiðjan á Grundartanga hafa þó verið undanþegin gjaldinu. Af því sem innheimtist renna 95 prósent í gegnum ríkissjóð til SI. Ríkissjóður heldur eftir fimm prósentum af því sem innheimtist og stendur þannig undir kostnaði við innheimtuna. SI eru hagsmunasamtök og hafa meðal annars að markmiði að hafa áhrif á stefnu stjórnvalda.

Sum iðnfyrirtæki kjósa að standa utan samtakanna en greiða gjaldið engu að síður. Félagsgjald er einnig innheimt af félögum. Félagsgjöld skiluðu SI 122 milljóna króna tekjum á síðasta ári, að sögn Jóns Steindórs Valdimarssonar, framkvæmdastjóra samtakanna.

Iðnaðarmálagjald hefur verið lagt á frá 1975. Núgildandi lög eru frá 1993. Undanfarin tvö ár hefur iðnaðarmálagjald skilað mun meiri tekjum en áætlun fjárlaga gerði ráð fyrir. 2008 var áætlað að gjaldið skilaði um 260 milljónum króna. Þegar upp var staðið kom í ljós að ríkið hafði innheimt 502 milljónir króna, eða nær tvöfalt meira en áætlað var. Af því áttu um 476 milljónir að renna í gegnum ríkissjóð til SI.

Með sama hætti er nú ljóst að iðnaðurinn hefur greitt mun hærra iðnaðarmálagjald árið 2009 en áætlun fjárlaga gerði ráð fyrir, þótt samdrátturinn sé talsverður frá 2008. Þetta sést í frumvarpi til fjáraukalaga 2009, sem Alþingi hefur til meðferðar. Þar kemur fram að iðnaðarmálagjald mun skila 420 milljónum króna, eða 120 milljónum króna meira en fjárlög áætluðu. Af því munu Samtök iðnaðarins fá 400 milljónir.

Í fjárlagafrumvarpi 2010 var gert ráð fyrir 300 milljóna króna tekjum af iðnaðarmálagjaldi. Í breytingartillögu sem lögð var fram á laugardaginn var tekjuáætlunin hækkuð í 420 milljónir á árinu 2010.

peturg@frettabladid.is



**IÐNAÐUR** Í Samtökum iðnaðarins (SI) mætast stórfyrirtæki eins og Actavis, Alcan og Alcoa annars vegar og hins vegar hvers konar smáfyrirtæki sem stunda iðnaðarstarfsemi. 0,08 prósent af veltu iðnfyrirtækja eru innheimt sem skattur og skilað til SI. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN KARLSSON

### HAGSMUNASAMTÖK IÐNAÐARINS

Innan Samtaka iðnaðarins eru rúmlega 1.200 fyrirtæki og félög sjálfstæðra atvinnurekenda.

Meðal þeirra eru stærri fyrirtæki eins og: Alcan og Alcoa/Fjarðaál, Actavis, Ístak og Mjólkursamsalan, í bland við smærri fyrirtæki, einyrkja, svo og meistarafélög og hagsmunasamtök einstakra iðngreina.

„Samtök iðnaðarins vinna að hagsmunum iðnaðarins á öllum sviðum og í nánu samráði við fyrirtækin sjálf," segir á heimasíðu samtakanna. Meðal markmiða þeirra er að bæta almennt rekstrarumhverfi með því að hafa áhrif á stefnu stjórnvalda.






Tvítug síbrotakona ákærð ásamt þremur öðrum:

# Stal og vildi selja fíkniefni

**DÓMSMÁL** Tvítug kona hefur verið ákærð fyrir innbrot, þjófnaði og afhendingu fíkniefna í söluskyni.

Konan stal, í anddyri Fjölbrautaskólans í Garðabæ í byrjun árs 2008, leðurstígvélum og tösku sem innihélt muni að verðmæti á annað hundrað þúsund króna.

Síðar á árinu var hún tekin með kannabisefni og amfetamín heima hjá sér, ætlað til sölu.

Þá er konan ákærð fyrir að hafa afhent tæplega tvítugum manni rúmlega þrjú grömm af amfetamíni í söluskyni. Maðurinn afhenti efnin síðan öðrum manni, einnig í söluskyni. Andvirði efnanna, tuttugu þúsund krónur, hafði ekki fengist greitt.

Enn er konan, nú ásamt stúlku og pilti, báðum undir tvítugu, ákærð fyrir innbrot og þjófnaði.

Þeim er gefið að sök að hafa í sameiningu brotist inn í þrjú sumarhús í landi Ásatúns í Hrunamannahreppi.

Þremenningarnir létu greipar sópa í öllum húsunum. Meðal annars var stolið úr þeim þremur sjónvarpstækjum, mínútugrilli og örbylgjuofni. Einnig matvinnsluvél, vöfflujárni og sængurfötum. Loks stálu þremenningarnir frosinni matvöru og vodkaflösku. **- jss**



**HÉRAÐSDÓMUR SUÐURLANDS** Fólkið var ákært fyrir Héraðsdómi Suðurlands.

# Samgöngumiðstöð enn í mestri óvissu

**Samgöngumiðstöð í Vatnsmýri á að borga sig á tuttugu til 35 árum með innritunargjöldum farþega. En árið 2016 verður flugrekstri hætt þar, að öðru óbreyttu. Óvíst hvaða fyrirtæki verða í miðstöðinni, og hversu stór hún verður.**

**SAMGÖNGUR** Ekki hefur enn verið gengið frá því hvaða fyrirtæki eiga að nota fyrirhugaða samgöngumiðstöð í Vatnsmýri. Á næstunni verður rætt við flugfélög, veitingamenn og þá sem reka hópferðabíla um þetta.

Þangað til er ekki hægt að segja til um hvað miðstöðin verður stór.

Eitt af viðfangsefnum samgönguyfirvalda er svo að finna út úr því hvernig miðstöðin geti borgað sig á tuttugu til þrjátíu árum, eins og væntanlegir lánveitendur verkefnisins reikna með, ef flugrekstri verður úthýst úr Vatnsmýri 2016, eins og Reykjavíkurborg gerir ráð fyrir.

Nú hefur verið horfið frá hugmyndum, sem rætt var um í seinni hluta nóvember, um að endurbyggja gömlu flugstöðina.

Samgönguráðherra sagði á Alþingi á mánudag að lán til framkvæmda frá lífeyrissjóðunum yrði til allt að 35 ára. Það yrði greitt með leigutekjum og innritunargjöldum farþega, tvö hundruð til 250 krónum á mann.

Samkvæmt aðalskipulagi Reykjavíkur á önnur stóra flugbrautin að hverfa árið 2016, en ein verður eftir. Hjá Flugstoðum er gengið út frá því að ekki sé hægt að reka flugvöll í Vatnsmýri með einni braut.

Ólafur Sveinsson, stjórnarformaður Flugstoða og verkefnisstjóri samgöngumiðstöðvar, getur ekki svarað því að svo stöddu hvernig þetta viðskiptamódel, til allt að 35 ára stenst, fyrst hætta á með flugrekstur í Vatnsmýri 2016. Hann vonast til að fá niðurstöðu í málið innan fárra daga. Þá sé það ekki hans að segja til um framtíð Umferðarmiðstöðvarinnar, BSÍ, spurður hvort til standi að starfsemin þar færist í fyrirhugaða miðstöð.

„Við eigum eftir að fara í gegnum allt þetta með þeim rekstraraðilum sem myndu vera í samgöngumiðstöð,“ segir Ólafur.

Heyrst hafa hugmyndir um flug- og samgöngumiðstöðvar í Vatnsmýri frá 1.500 fermetrum og allt upp í tíu þúsund fermetra.

Júlíus Vífill Ingvarsson, formaður skipulagsráðs, getur heldur engu svarað um stærð miðstöðvarinnar, enda hafi samgönguráðuneytið ekki skilað formlegum tillögum um það. Hún verði þó „verulega minni“ en áður var áætlað.

Spurður hvort ráð sé gert fyrir því að umferðarmiðstöðin víki, segir Júlíus Vífill að boltinn sé hjá ráðuneytinu: „Það er ráðuneytisins að semja við þá aðila sem þurfa að vera með í samgöngumiðstöðinni.“

**klemens@frettabladid.is**


**REYKJAVÍKURFLUGVÖLLUR** Fyrir mánaðamót ræddu samgönguráðherra og formaður skipulagsráðs um að reisa 1.500 fermetra flugstöð í Vatnsmýrinni. Nú er aftur horfið til áforma um samgöngumiðstöð. MYND/LOFTMYNDIR

## Í STUTTU MÁLI

- Samgönguyfirvöld ganga út frá því að ekki sé hægt að reka flugvöll í Vatnsmýri með aðeins einni flugbraut.
- Samkvæmt aðalskipulagi Reykjavíkur á aðeins ein flugbraut að vera eftir á Reykjavíkurflugvelli 2016.
- Viðskiptamódel samgöngumiðstöðvar gerir ráð fyrir að innritunargjöld og leiga greiði aftur kostnað skattgreiðenda af miðstöðinni á tuttugu til 35 árum.
- Ekki er víst hvort eða hvaða flugfélög og rútufyrirtæki verða með í samgöngumiðstöð. Fyrir mánaðamót ræddu ríki og borg um að byggja litla flugstöð vegna þess að fyrirtækin höfðu lítinn áhuga á samgöngumiðstöð.

Mikið að gera í möppuframleiðslu á vinnustofunni á Múlalundi:

# Möppurnar seljast í janúar

**FÓLK** Fram undan er aðalvertíð ársins hjá Múlalundi í möppuframleiðslu, en þar eru framleiddar bókhaldsmöppur sem heita því rammíslenska nafni EGLA. Ef ekki selst vel af möppum í janúar má segja að árið sé ekki gott á vinnustofunni. Með því að kaupa möppurnar er verið að styrkja einstakling til betri framtíðar, því þær skapa vinnu fyrir fatlað fólk. Múlalundur var stofnaður árið 1959 og fagnar því hálfrar aldar afmæli sínu í ár. Þar vinnur fólk sem hefur einhvers konar fötlun, líkamlega eða andlega, en þó ekki blindir og heyrnarlausir.

Glatt var á hjalla í Múlalundi þegar ljósmyndara Fréttablaðsins bar að garði í gær. Tilefnið var enda ærið, jólamatur var á boðstólum og allir í hátíðarskapi. **- kóp**


**GÓÐA VEISLU GJÖRA SKAL** Jólamaturinn fór vel í starfsfólk Múlalundar enda girnilegur á að líta. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI








# Að skapa ný tækifæri

Við sem störfum hjá Norðuráli sjáum þau hvetjandi áhrif sem fyrirtækið hefur á framboð atvinnutækifæra, og grósku mannlífs í nágrannabyggðum.

Við upplifum líka þann aukna kraft til vaxtar sem samstarfið við Norðurál hefur skapað fjölmörgum þjónustufyrirtækjum.

Vissir þú að:

- Um 1.500 manns hafa atvinnu af álveri Norðuráls á Grundartanga
- Störf í álveri kalla á mikla fjölbreytni í menntun og starfsreynslu
- Þekking af þjónustu við álver skilar íslenskum verkfræðistofum og iðnfyrirtækjum nú þegar miklum útflutningstekjum
- Beinn ávinningur íslenska ríkisins af framkvæmdum vegna álvers í Helguvík næstu tvö ár verður 1 milljarður á mánuði með sköttum og sparnaði, eða samtals 24 milljarðar
- Bygging álvers í Helguvík og framkvæmdir við orkumannvirki mun skapa 2.000 til 3.000 manns atvinnu á næstu tveimur árum
- Þegar álverið í Helguvík verður fullbyggt má áætla að um 2.000 manns hafi beina atvinnu af starfsemi þess og skattgreiðslur verði um 4 milljarðar á ári

NORÐURÁL
Century ALUMINUM

**FRÉTTASKÝRING:** Eignarhald fjölmiðla

# Umbrot efnahagslífs gera mynd af eignarhaldi fjölmiðla óskýrari

**Í frumvarpi til nýrra laga um fjölmiðla eru ákvæði sem tryggja eiga gagnsæi eignarhalds fjölmiðla. Nákvæmt eignarhald margra helstu fjölmiðla landsins er hins vegar nokkurri þoku hulið. Spilar þar inn í að hremmingar efnahags- og viðskiptalífs hafa hrist upp í eignarhaldi og víða er leitað fjárfesta.**

Í frumvarpi til nýrra fjölmiðlalaga er kveðið á um að fjölmiðlar skrái sig hjá Fjölmiðlastofu. Meðal upplýsinga sem gefa þarf er eignarhald miðilsins. Þá kemur fram að leggja megi allt að 200 þúsund króna dagsektir á þá sem vanrækja að afhenda upplýsingar.

Hremmingar sem gengið hafa hér yfir í efnahagslífinu hafa breytt stöðu margra stórra fjárfesta og um leið hefur samdráttur gert rekstrarumhverfi fjölmiðla erfitt. Þannig hefur verið skotið á að samdráttur tekna fjölmiðla af auglýsingum geti numið þriðjungi hjá sumum, eða jafnvel enn meiru hjá öðrum milli þessa árs og síðasta.

**Jón Ásgeir langstærstur**

Útefandi Fréttablaðsins, Vísis.is og eigandi Stöðvar tvö, Bylgjunnar og fleiri útvarpsstöðva er fjölmiðlafyrirtækið 365 miðlar. Þar er Jón Ásgeir Jóhannesson langstærsti eigandinn. Helsta breytingin sem orðið hefur á eignarhaldi félagsins síðustu misseri er að Fons, eignarhaldsfélag Pálma Haraldssonar, hefur horfið úr hópi hluthafa. Ari Edwald, framkvæmdastjóri 365, segir að fyrirtækið hafi ekki gefið upp nákvæma skiptingu eignarhaldsins. „Það er kannski hjá okkur eins og hjá Árvakri og einhverjum öðrum einkamiðlum að við erum í því ferli að auka hlutafé og gerjun verið í hluthafahópnum. Hluthafar hafa orðið gjaldþrota og einhver breyting orðið á hlutum,“ segir Ari, en telur þó að á fyrstu mánuðum næsta árs komi myndin til með að skýrast hjá 365 miðlum.


JÓN ÁSGEIR JÓHANNESSON

„En við höfum haft áhuga á því að fá nýja hluthafa að félaginu en það er hægara um að tala en í að komast eins og rekstrarskilyrði og horfur hafa verið í geiranum.“ Hvort og hvenær aðrir koma að rekstrinum og dreifðara eignarhald verði raunhæft segir Ari að ráðist af því að hópurinn sem áhuga hafi á starfseminni stækki.

Ari staðfestir þó að eftir gjaldþrot Fons hafi félag Jóns Ásgeirs Jóhannessonar keypt hlut félagsins í 365 af þrotabúinu, „Kaupandinn var Rauðsól, en síðan hefur orðið samruni í félaginu, sem núna er 365 miðlar,“ segir hann og kveður hlutnum hafa verið miðlað áfram til annarra hluthafa. Jón Ásgeir segir Ari hins vegar vera í svipaðri stöðu og þrír stærstu hluthafar Morgunblaðsins, með yfir helmingshlut í sinni eigu, eða í félögum honum nátengdum.




**FRÉTTABLÖÐ** Eignarhald þriggja blaða er ekki að fullu frágengið og liggur því ekki fyrir hverjir eiga Viðskiptablaðið og þótt stærstu línur liggi fyrir hjá Fréttablaðinu og Morgunblaðinu, hefur ekki verið gengið frá endanlegri skiptingu milli hluthafa og gætu enn bæst við nýir eigendur. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**STÆRSTU EIGENDUR MORGUNBLAÐSINS** Þorsteinn Már Baldvinsson hjá Samherja, Guðbjörg Matthíasdóttir, aðaleigandi Ísfélagsins í Vestmannaeyjum og Óskar Magnússon útgefandi eiga yfir helmingshlut í útgáfufélagi Morgunblaðsins.

**Vitað um þrjá stærstu**

Óskar Magnússon útgefandi Morgunblaðsins upplýsti nýverið í viðtali við Fréttablaðið að smávægilegar breytingar hefðu orðið á þeim hópi sem áður hafði komið fram að stæðu að blaðinu. Félagið sem á Árvakur, útgáfufélag blaðsins, heitir Þórsmörk, en eignarhald á því félagi segir Óskar að sé ekki enn að fullu frágengið. Stærstu hluthafarnir séu eftir sem áður hann sjálfur, Samherji, sem Þorsteinn Már Baldvinsson fer fyrir og svo Guðbjörg Matthíasdóttir, fjárfestir og eigandi Ísfélagsins í Vestmannaeyjum. Þau þrjú segir Óskar að fari með yfir helmingshlut í félaginu.


ARI EDWALD

Þá hefur bæst í hóp annarra aðstandenda Ásgeir Bolli Kristinsson, oft kenndur við verslunina Sautján. Meðal annarra hluthafa eru Páll H. Pálsson, forstjóri útgerðarfélagsins Vísis í Grindavík, Gunnar B. Dungal, fyrrverandi eigandi Pennans, og Þorgeir Baldursson, forstjóri Kvosar, eignarhaldsfélags prentsmiðjunnar Odda.

Ekki leika heldur á lausu upplýsingar um eignarhald á Viðskiptablaðinu og hafa raunar verið uppi vangaveltur þar um allt frá því skömmu eftir hrun. Eigendaskipti urðu á blaðinu í nóvemberlok í fyrra.

Heimildir blaðsins herma hins vegar að hjá Viðskiptablaðinu standi vonir til þess að innan tíðar komist mynd á eigendahópinn og verði þá greint frá samsetningu hans. Standa eigi þannig að málum að fleiri smærri fjárfestar eigi blaðið. Reksturinn sé svo smár í sniðum að ekki sé þörf á þungavigtarbakhjörlum.

Aukinheldur herma heimildir Fréttablaðsins að aðstandendur blaðsins vilji síður tengjast viðskiptamönnum eða félögum sem áberandi hafi verið í tengslum við hrun fjármálakerfisins hér. Þá ætli þeir sér að vera algjörlega óháðir öðrum fjölmiðlum. Einu tengsl Viðskiptablaðsins við Morgunblaðið munu vera að Viðskiptablaðið er prentað hjá Landsprenti í Hádegismóum. Myllusetur, útgáfufélag Viðskiptablaðsins, var áður skráð á Harald Johannessen, fyrrverandi ritstjóra Viðskiptablaðsins. Áður en hann tók við því var það í eigu Exista. Þegar Haraldur réði sig til starfa á Morgunblaðinu seldi hann hlut sinn í Myllusetri. Framkvæmdastjóri útgáfufélagsins og forsvarsmaður nú er Pétur Árni Jónsson.

**Vefmiðlar að mestu opnir**

Línur taka heldur að skýrast þegar horft er til sjónvarpsstöðva annarra en Stöðvar tvö. Ríkisútvarpið er enda opinbert hlutafélag að fullu í eigu ríkisins. Og eignarhaldið á Skjánum, sem meðal annars rekur Skjá einn hefur legið fyrir um árabil. Sigríður Margrét Oddsdóttir, framkvæmdastjóri Skjásins, segir að fjölmiðlafyrirtækið Skjárinn sé að fullu í eigu Skjámiðla hf., sem aftur séu að fullu í eigu Skipta hf. Skipti eiga auk Skjámiðla, Mílu, Símann, Já og fleiri fyrirtæki, og eru að fullu í eigu Exista.


SIGRÍÐUR MARGRÉT ODDSDÓTTIR

Sömuleiðis liggur nokkuð ljóst fyrir eignarhald á vefmiðlunum vinsælu Pressunni og Eyjunni.

„Eignarhaldið á Vefpressunni hefur legið fyrir frá fyrsta degi og alltaf verið opið,“ segir Björn Ingi Hrafnsson, ritstjóri Pressunnar.is, en útgáfufélagið Vefpressan er í eigu hans, Arnars Ægissonar og Salt Investments, fjárfestingafélags Róberts Wessmans. Félag Róberts á fjórðung í Vefpressunni. Þá er Jón Garðar Hreiðarsson framkvæmdastjóri og aðaleigandi vefmiðilsins Eyjunnar og fer með um þrjá fjórðu eignarhluta félagsins. Auk hans eru skráðir eigendur Birgir Erlendsson, Rúnar Hreinsson og Pétur Gunnarsson.

Jón Garðar segir hins vegar að nákvæm skipting liggi ekki fyrir, enda hafi eignarhlutur í gegn um tíðina ekki einvörðungu ráðist af fjárframlagi heldur einnig vinnuframlagi. „Við höfum lagt áherslu á að halda þessu í hópnum sem hefur búið þetta til, en höfum verið opnir fyrir að taka fleiri inn,“ segir Jón Garðar.



FRÉTTASKÝRING
ÓLI KRISTJÁN ÁRMANNSSON
oka@frettabladid.is



**ALÞINGISHÚSIÐ** Stefnt var að því að leggja fram á haustþinginu frumvarp til nýrra fjölmiðlalaga. Líklegt má telja að lagasetningin tefjist þar til eftir áramót.

## BIRTÍNGUR ER NÆR ALVEG Í EIGU HREINS LOFTSSONAR

Birtíngur, útgáfufélag DV og fjölda tímarita, er nær alfarið í eigu Hreins Loftssonar lögmanns. Hann segist vissulega hafa verið tvístígandi við að láta verulega fjármuni í félagið á þessum viðsjárverðu tímum.

„Hlutafélag sem heitir Hjálmur ehf. á 98 prósent hlutafjár í Birtíngi og hlutafélag sem heitir Austursel á 100 prósent hlutafjár í Hjálmi. Ég á svo Austursel að fullu, þannig að eignarhaldið er nokkuð skýrt,“ segir Hreinn. Eftir niðurfærslu hlutafjár fyrir um ári síðan kom félag Hreins með nýtt hlutafé inn í Hjálm. „Vorið 2008, ef ég man þetta rétt varð skipting á Baugi. Hjálmur var áður í eigu Baugs, en færðist yfir til Stoða Invest. Það félag lagði upp laupana og ég kom inn með með nýtt hlutafé.“


HREINN LOFTSSON

Hreinn segir hins vegar engu að leyna í að aðkoma hans að fjölmiðlarekstri sé sprottin úr Baugi og hlutafjárþátttöku hans í kring um Baug og tengd fyrirtæki. „Ég hef í mörg ár átt mjög gott samstarf við Jón Ásgeir Jóhannesson, Jóhannes Jónsson og fleiri og ekkert launungarmál er að ég hef átt marghåttuð samskipti við aðra hluthafa í Baugi, stjórnarmenn og framkvæmdastjóra,“ segir Hreinn og kveðst hvergi skammast sín fyrir þau samskipti. Hann segir hlutina hafa æxlast þannig að hann sem áhugamaður um fjölmiðla og fyrrverandi blaðamaður hafi færst yfir í umsýslan tengdri útgáfumálum og verið í því allt frá árinu 2006. „Sjálfstæðisflokkurinn vildi gera mig að útvarpsstjóra á sínum tíma, árið 1997,“ bendir hann á, til marks um hvernig hann hafi áður verið orðaður við fjölmiðla.

Hreinn segist svo enn hafa aukið við hlutafé í félaginu á þessu ári. „Töluverða fjármuni á minn mælikvarða,“ segir hann og kveðst að auki hafa gengist í ábyrgðir gagnvart bönkum. Og þótt hann hafi verið tvístígandi við að leggja svo mikið undir kveðst Hreinn hafa talið mjög mikilvægt að leita bæði samkomulags við nýjan banka og birgja og koma með hlutafé til að halda starfseminni gangandi. „Það er ekki síst fyrir það að ég tel mjög mikilvægt að hér sé gefin út fjölbreytt tímaritaflóra og að DV haldi áfram að koma út. Og svo má ekki gleyma að þetta er yfir 100 manna vinnustaður. Við höfum lagst á eitt um að halda þessu gangandi. Það hefur tekist og farið að ganga mun betur núna en í hruninu, eða skömmu þar eftir þegar allt hækkaði og allt varð mjög erfitt. En það hefur tekist að halda þessu á floti og yfir það versta, en staðan hefur stundum verið þröng. Auðvitað trúir maður því samt að markaðurinn nái sér á strik aftur. Þetta verður ábatasamt aftur.“ - óká

Fagor þvottavél



A Orkunýtni
A Þvottahæfni
A Þeytivinda

Fagor þvottavél
3F-1614
1400 snúninga þeytivinda. 6 kg hleðsla.
Tímaseinkun. Stillanleg vinda. 32 cm hurðarop.
Jólatilboð 89.900
Verð kr. 99.900

RÖNNING

Reykjavík · Skútuvogi 1 · Sími 562 4011
Akureyri · Draupnisgata 2 · Sími 460 0800
Reyðarfjörður · Nesbraut 9 · Sími 470 2020
Reykjanesbær · Hafnargata 52 · Sími 420 7200

PIPAR\TBWA · SÍA


JÓLAGJAFIR
FYRIR KRAKKANA
FÆST Í 2 LITUM
Dantax
Dantax RR303SV
FERÐATÆKI með vönduðum CD spilara, 2 hátölurum, FM/AM útvarpi ofl.
VERÐ 7.990
FRÁBÆRT VERÐ
JVC
JVC HAL50AE
Létt og þægileg heyrnartól sem fella má saman. Góð fyrir þá sem eru á ferðinni.
VERÐ 2.990
FRÁBÆRT VERÐ
FÆST Í 5 LITUM
Lenco
Lenco CR3300
FM ÚTVARPSVEKJARI með LED skjá. Vakna og snooze takki.
FÆST EINNIG MEÐ LASER GEISLA Á KR. 6.995
TILBOÐ 3.990
FULLT VERÐ kr. 4.990
Lenco
Lenco Xemio 260
Einfaldur 4GB MP3 SPILARI fáanlegur í þremur litum.Flottur spilari fyrir krakkana.
VERÐ 6.990
FRÁBÆRT VERÐ
UNITED
DVD MEÐ KARAÓKÍ
United DVD7054
DVD SPILARI með karaókí, Progressive Scan, Dolby Digital og 2 Mic inng. Hljóðnemi og karaókí diskur fylgja.
TILBOÐ 9.990
FULLT VERÐ kr. 10.990
MP3
FÆST LÍKA MEÐ 4GB MINNI Á KR. 13.990
SanDisk
Hæð: 5.5 Breidd: 3.4 Dýpt: 1.6sm
Sandisk Clip2GB
Örsmár MP3 SPILARI með 2GB innb. minni, diktafóni, USB 2, hleðslurafhlöðu ofl. Mikill hljómur og bjartur skjár. Hreinasta snilld.
VERÐ 11.990
FRÁBÆRT VERÐ
PHILIPS
Philips MC147
Hljómgóð MÍKRÓSAMSTÆÐA með geislaspilara og FM útvarpi með stöðvaminnum, Dynamic Bass Boost, heyrnartólstengi ofl.
TILBOÐ 18.990
FULLT VERÐ kr. 25.990
UNITED
United DVP8077
Fjölkerfa DVD FERÐASPILARI með 7" LCD skjá með LED baklýsingu og Lithium hleðslurafhlaða. 12v og 220v.
VERÐ 19.990
FRÁBÆRT VERÐ
JBL
FÆST Í 2 LITUM
JBL ONSTAGE MICRO
HÁTALARAR með innb. 30w magnara og fjarstýringu, iPod vöggu, Aux tengi fyrir MP3,CD ofl.
TILBOÐ 19.990
FULLT VERÐ kr. 21.990
CASIO
MEÐ USB TÖLVUTENGI
Casio CTK-3000
HLJÓMBORÐ 5 með áttundir, 61 nótu, ásláttarnæmni, 400 hljóðum (AHL), og 150 ryþmum, 48 nótna pólífóníu, 110 æfingalögum, 3ja skrefa kennslukerfi, LCD skjá og Pitch bend hjóli. Tengi fyrir tölvu USB og MIDI, heyrnatól, MP3 spilara og fótstig.
TILBOÐ 37.990
FULLT VERÐ kr. 39.990
12MP
FÆST Í 2 LITUM
OLYMPUS
Olympus FE26
12 millj. punkta uppl., Face Detection, Autofocus, Contrast Detection, 2.7" LCD skjá, 3x Optical og 4x Digital Zoom, 6.3 - 18.9mm linsu, hreyfimyndatökua með hljóði, USB, 19MB minni, rauf fyrir xD kort ofl.
TILBOÐ 19.990
FULLT VERÐ kr. 22.990
10MP
CASIO
FÆST Í 5 LITUM
Nikon S220
10 MP með 2,5" LCD skjá, NIKKOR linsu, 4x fókusvörn, 3x Optical og 7x Digital Zoom, rafr. titringsjöfnun, hreyfiskynjun, blikkprófun, brosstilling, AF andlitsstillingu, D-lýsingu skugga, hreyfimyndatöku, ísl. leiðarvísir ofl.
TILBOÐ 32.990
FULLT VERÐ kr. 34.990
22"
DVD
INNBYGGÐUR DVD SPILARI
United 22DD91HD
22" LCD BREIÐTJALD með innbyggðum DVD spilara, stafrænum móttakara (DVB-T), 1440x900 upplausn, Nicam Stereó, sjálfvirkri stöðvaleit, HDMI, Scart, S-Video & VGA (PC) tengjum. Tekur 12v og 220v straum.
TILBOÐ 69.990
FULLT VERÐ kr. 79.990
22"
50.000:1
FULL HD
DVB-T
TÖLVUSKJÁR OG SJÓNVARP
Philips 221T1SB
22" LCD Full HD BREIÐTJALDS MONITOR með 1680x 1050p uppl., HDTV DVB-T móttakara, 50.000:1 skerpu, Progressive Scan, Incredible Surround, CI lesara, VGA, Scart, HDMI, Comp., S/PDIF, A/V inn/út ofl.
TILBOÐ 69.990
FULLT VERÐ kr. 89.990
Alltaf gæði og góð kaup!
1971 - 2009
Sjónvarpsmiðstöðin
RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is
SanDisk MINNISKORT
ALLAR GERÐIR
UMBOÐSMENN UM LAND ALLT ► REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Hagkaup, Borgarnesi. Samkaup, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. Skipavík, Stykkishólmi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi. Samkaup, Ísafirði. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húnvetninga, Hvammstanga. Krákur, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. Hagkaup, Akureyri. Heimilistæki, Akureyri. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: Samkaup, Egilsstöðum. Kauptún, Vopnafirði. KF Héraðsbúa, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðsfirði. Nettó, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fossraf, Selfossi. Geisli, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Tækniráð, Grindavík. Hagkaup, Njarðvík.

# skoðun

greinar@frettabladid.is

## Fjárlög 2010:
# Hugrekki óskast

HALLA TÓMASDÓTTIR SKRIFAR

Árið sem er að líða undir lok hefur einkennst öðru fremur af ákvörðunarfælni og hugleysi. Göran Person, fyrrverandi forsætisráðherra Svíþjóðar, ráðlagði okkur fyrir ári að draga ekki ákvarðanir, það yrði okkur dýrkeypt. Sú virðist þó hafa orðið raunin og nú fyrst, nokkrum dögum fyrir jól, hefjast umræður um fjárlögin 2010.

Áform stjórnvalda virðast snúast um að auka tekjur með hækkun skatta. Er það rétta eða eina leiðin? Við höfum þrjá kosti í ríkisfjármálum; að auka tekjur, lækka kostnað og selja eignir. Sambland af þessu er blönduð leið. Að auka skatta eingöngu er ekki blönduð leið og auðvelt er að efast um að leið sem byggir eingöngu á skattahækkunum sé hin eina rétta.

Fyrir þinginu liggur grundvallarbreyting á skattkerfinu, verulega aukin skattbyrði fyrirtækja og heimila, sem þegar horfast í augu við nær ómögulega stöðu. Þessi stefna virðist hafa orðið til án samráðs eða samtals við atvinnurekendur og fjölskyldur í landinu, án samráðs við þjóðina.

*En hver er stefnan í útgjöldum ríkisins? Aðferðafræðin þar virðist ganga út á að henda hugmyndum út í samfélagið og draga þær svo til baka ef óvinsældir eru miklar.*

En hver er stefnan í útgjöldum ríkisins? Aðferðafræðin þar virðist ganga út á að henda hugmyndum út í samfélagið og draga þær svo til baka ef óvinsældir eru miklar. Hvers vegna er umræðan, hugmyndaauðgin og hugrekkið jafn lítið og raun ber vitni þegar kemur að kostnaðarhlið ríkisrekstursins?

Þær aðstæður sem eru uppi færa okkur í raun einstakt tækifæri til að gera umbætur á kerfi sem byggst hefur upp og þróast í langan tíma, nær gagnrýnislaust. Fæst okkar eru fyllilega sátt við þetta kerfi og því virðist það bæði skammsýnt og óskynsamlegt að plástra blæðandi sár. Væri ekki nær á þessum tíma að byrja með autt blað og spyrja hvernig heilbrigt og skynsamlegt kerfi lítur út?

Við þessar aðstæður þarf að forgangsraða og mikilvægt er að standa vörð um grunnstoðir framtíðarinnar. Þar er menntun einna mikilvægust. En það er hægt að hagræða og bæta í senn. Við getum eflt innihald grunnskólanna þrátt fyrir niðurskurð, stytt og bætt framhaldsskólann, sameinað og eflt háskólana.

Við getum skoðað sölu á eignum ríkis og sveitarfélaga sem ekki eru nauðsynlegar til að veita opinbera þjónustu. Selja mætti t.d. fasteignir ríkis og sveitarfélaga til lífeyrissjóða eða annarra fjárfesta gegn sanngjarnri leigu og þar með minnka þörf á aukinni skattheimtu þjakaðra fyrirtækja og fjölskyldna. Með þessu mætti losa um umtalsverð verðmæti án þess að það komi niður á þjónustu á nokkurn hátt og um leið skapa áhugaverða og örugga fjárfestingarkosti fyrir atvinnulaust fjármagn sem liggur á innlánsreikningum.

Aðstæður kalla á hugrekki og forystu byggða á skýrri framtíðarsýn. Við höfum einstakt tækifæri til að spyrja, hvers konar kerfi viljum við og þurfum, fremur en að spyrja hvernig við getum breytt núverandi kerfi – jafn gallað og það er.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Bent á mistök

Fyrir helgi var skýrsla Ríkisendurskoðunar gerð opinber, þar sem Seðlabankinn var gagnrýndur harðlega fyrir lán til fjármálafyrirtækja. Þar kom fram að bankarnir sem hrundu hafi aflað sér lausafjár með lánum frá minni fjármálafyrirtækjum sem hafi fengið lán frá Seðlabankanum gegn ótryggðum bréfum. Seðlabankinn hefði getað hert reglur um veðtryggingar mun fyrr en hann gerði og þannig dregið úr því tjóni sem hann og ríkissjóður urðu fyrir vegna bankahrunsins.

### Líflínan og snaran

Hannes Hólmsteinn Gissurarson, sem sat í bankaráði Seðlabankans og helsti málsverjandi fyrrverandi seðlabankastjóra, segir að stjórnendur bankans hafi ekki getað séð þetta fyrir; erfitt geti verið að gera greinarmun á líflínu og snöru sem lengt er í. Það er auðvelt að vera vitur eftir á, bloggar Hannes. Já, vissulega. En fara þá ekki fyrir lítið fyrri fullyrðingar hans um seðlabankastjórann sem sá hrunið fyrir en ekki var hlustað á?



### Ómálefnalega skítkastið

Tryggvi Þór Herbertsson alþingismaður birti bloggfærslu í gær undir yfirskriftinni „Sannleikanum verður hver sárreiðastur“. Þar fjallar hann um viðbrögð þingflokksformanna Samfylkingarinnar og VG við auglýsingum Sjálfstæðisflokksins um skattahækkanir ríkisstjórnarinnar. Tryggvi lýkur pistli sínum á að taka fram að hann hafi lokað athugasemdakerfinu á síðu sinni því þar hafi aðallega birst „ómálefnalegt skítkast“. Á dögunum var sagt frá harðri orðasennu sem Tryggvi lenti í við Kristján Möller samgönguráðherra. Kristján hafði rifjað upp ársgömul ummæli Tryggva við BBC, þegar hann var efnahagsráðgjafi Geirs Haarde. Tryggvi brást við reiður og kvað hafa kallað ráðherrann skíthæl. Ætli Kristján hefði ekki viljað geta lokað fyrir þá athugasemd?



bergsteinn@frettabladid.is

# Hvað skiptir máli?



ÞORBJÖRG HELGA VIGFÚSDÓTTIR

**Í DAG** | Borgarmál

Starfs- og launaumhverfi borgarfulltrúa er með þeim hætti að draga má í efa að þunginn í starfi borgarfulltrúa sé í eðlilegu samhengi við það sem þeir eru kjörnir til að gera. Í hnotskurn helgast þetta af því að greiðslur fyrir setu í fagráðum, m.a. menntaráði eða velferðarráði, eru minni en greiðslur fyrir stjórnarsetu í fyrirtækjum borgarinnar. Í þessu felast alvarlegar brotalamir sem eiga rætur sínar að rekja til stjórnkerfisbreytinga R-listans sáluga og vekja spurningar um til hvaða verka borgarfulltrúar eru kjörnir, hvaða verkefnum þeir sinna og hvernig þeim eru greidd laun.

Fimmtán borgarfulltrúar stýra borginni með setu í ráðum borgarinnar auk setu í stjórnum þeirra fyrirtækja og stofnana sem borgin ber ábyrgð á. Fagráðin eru tíu talsins og mynda kjarna um vinnu borgarfulltrúa, þ.e.a.s. þau verkefni sem flestir borgarbúar hafa í huga þegar þeir velja sér borgarfulltrúa í kosningum. Undir fagráðin falla umhverfis- og samgöngumál, skólamál, velferðarmál og fleira Sjálf borgarstjórn tekur lokaákvarðanir og þar ræða borgarfulltrúar ákvarðanir í ráðum og fylgja málum úr hlaði. Þessu til viðbótar sitja borgarfulltrúar í ýmsum stjórnum fyrirtækja og stofnana borgarinnar. Þær eru fjölmargar, m.a. stjórnir Orkuveitunnar, Faxaflóahafna, Strætó, hjúkrunarheimila og skíðasvæða. Helsti munurinn á fagráðum og stjórnum er sá að skatttekjur borgarinnar fara beint í rekstur sem fellur undir fagráðin en starfsemi sem fellur undir stjórnir á að standa að mestu leyti undir sér.

Stjórnkerfi borgarinnar var umturnað 2005 undir forystu Dags B. Eggertssonar. Gamla skipulag borgarinnar var lagt af og heiti eins og borgarritari, borgarverkfræðingur og menningarstjóri voru aflögð. Á móti urðu til svið og sviðsstjórar sem mynda núverandi skipulag. Breytingin fól í sér að fjölga í fagráðum úr 3-5 fulltrúum í 7 fulltrúa. Þetta þýðir að sjötíu kjörnir fulltrúar og sjötíu til vara eru kjörnir í fagráð en einnig sitja hvern fund starfsmenn og áheyrnarfulltrúar og sitja þar af leiðandi allt upp í tuttugu manns fundi. Þá eru ótaldir fulltrúar í stjórnum.

Tilgangur breytinganna var meðal annars betri nýting fjármuna og jafnari laun borgarfulltrúa. Því átti að ná fram með því að setja þak á fjölda fagráða sem borgarfulltrúi gat fengið greitt fyrir. Reglan er sú að borgarfulltrúar eiga að sitja í tveimur fagráðum til að halda fullum launum og hækka ekki ef þeir setjast í fleiri fagráð (til dæmis í það þriðja). Eins er aðeins greitt álag fyrir formennsku í einu ráði. Þetta átti að tryggja að einstakir borgarfulltrúar gætu ekki raðað á sig nefndum og fengið greitt meira en aðrir. Reynslan sýnir að vandamálið hvarf ekki heldur færðist til. Í flestum stjórnum utan fagráða er nefnilega greitt sérstaklega fyrir stjórnarsetu og er í sumum tilfellum um umtalsverðar upphæðir að ræða. Breytingarnar hafa því haft þau áhrif að stjórnkerfið hvetur borgarfulltrúa til að sinna verkefnum að lágmarki í fagráðum en sækja viðbótarlaun í stjórnum utan ráðhússins.

Annað markmið með stjórnkerfisbreytingunum var að auka lýðræðislega stjórnunarhætti. Af framansögðu má ráða að þessu markmiði hafi heldur ekki verið náð. Þróunin hefur þau áhrif að inni í borgarstjórn eru afar fáir fulltrúar til að tala máli fagráða borgarinnar. Kjörnum fulltrúum í fagráðum hefur fækkað mjög hlutfallslega enda erfitt að raða fimmtán manna borgarstjórn í sjötíu sæti fagráða. Til dæmis var ég sem formaður í umhverfis- og samgönguráði eini borgarfulltrúinn í ráðinu. Þetta á við um fleiri fagráð. Í stjórn Faxaflóahafna eru hins vegar fjórir af fimm stjórnarmönnum borgarfulltrúar. Staðan er því sú að fagráðin, sem eru grunnhluti þeirrar vinnu sem borgarfulltrúar eiga að inna af hendi, líða fyrir skipulagið. Þetta er afleitt og er ekki til að auka lýðræðislega umræðu eins og var markmiðið.

Það er mikilvægt að ræða ókosti stjórnkerfisbreytinga borgarinnar út frá siðferðislegu og fjárhagslegu sjónarmiði. Í núverandi fyrirkomulagi felst óhagræði sem verður að laga þar sem það getur ekki verið borgarbúum í hag að borgarfulltrúar hafi sterka fjárhagslega hagsmuni af því að leita í önnur verkefni en þau sem koma borgarbúum mest við. Núverandi fyrirkomulag leiðir til þess að margir borgarfulltrúar hafa of mikið af verkefnum á sinni könnu sem tengjast ekki fagráðunum og þeim verkefnum sem þeir voru kosnir til að sinna. Umræðan um fjölgun borgarfulltrúa er vissulega þörf í þessu samhengi en ekki fyrr en búið er að vinna markvisst að breytingum á núverandi stjórnkerfi þar sem lagt er upp með að kjörnir fulltrúar sinni sem best forgangsverkefnum borgarinnar.

*Höfundur er borgarfulltrúi.*

# OR og ábyrgð meirihlutans

**UMRÆÐAN**

Sigrún Elsa Smáradóttir skrifar um málefni Orkuveitu Reykjavíkur



SIGRÚN ELSA SMÁRADÓTTIR

Skuldir OR hafa fjórfaldast á kjörtímabilinu og skuldsetningarhlutfallið (langtímaskuldir á móti eigin fé) sexfaldast. Sú niðurstaða sem greiningardeild Arion banka kemst að í greiningu sinni á fjárhagsstöðu OR staðfesti viðvaranir sem fulltrúar Samfylkingar í stjórn OR hafa haft á lofti síðan 2006. Eða frá því fyrsta viljayfirlýsingin við Norðurál um álver í Helguvík kom fyrir stjórn OR og var samþykkt af fulltrúum Sjálfstæðis- og Framsóknarflokks. En þeir samningar hafa keyrt framkvæmdir OR áfram. Í bókun sem ég lagði fram við afgreiðsluna 2006 óska ég eftir upplýsingum um áhrif virkjanaframkvæmda á efnahag Orkuveitu Reykjavíkur, sérstaklega eiginfjárhlutfall fyrirtækisins til lengri tíma og meðan á framkvæmdum stæði og að þessi áhrif yrðu skoðuð í samhengi við önnur fjárfestingaráform fyrirtækisins. Ég spurði: „Hvar liggja þolmörk fyrirtækisins í fjárfestingu? Huga verður að því að fjárfestingar fyrirtækisins á ýmsum sviðum, þótt arðsamar séu til lengri tíma, leiði ekki til þess að grípa þurfi til sérstakra aðgerða til að auka eigið fé fyrirtækisins.“ Þessi bókun þótti hlægileg á sínum tíma og var hunsuð.

Dagur B. Eggertsson lagði svo fram tillögu 2007 þess efnis að kanna kosti þess að koma virkjunum í dótturfélög án ábyrgðar borgarinnar. Ekki var frekar hlustað á það af hálfu Sjálfstæðis- og Framsóknarflokks og nú sitjum við í súpunni.

Á stjórnarfundi í nóvember sl. lagði ég fram svohljóðandi tillögu: „… Hluti tekna fyrirtækisins er í USD, en lánasafn fyrirtækisins er í ýmsum gjaldmiðlum. Því er lagt til að leiða verði leitað til að umbreyta lánum í lán í USD eða að gera orkusölusamninga í evrum og halda þá samsvarandi hlutfalli lána í evrum. Þetta er lagt til í því skyni að minnka áhættu og til að ekki komi til frekari áfalla í rekstri OR ef USD lækkar gagnvart öðrum gjaldmiðlum.“

Síðan hafa verið haldnir tveir fundir og tillagan er enn í frestun og verður það kannski þar til Samfylkingin tekur við stjórn OR og borgarinnar. Það væri eftir öðru.

*Höfundur er borgarfulltrúi og stjórnarmaður í OR.*

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
MJÓLKURVÖRUR
Á LÆGRA VERÐI
Froosh 100% pure fruit smoothie
249 KR.FL
FROOSH SMOOTHIE 250ML
135 KR.
145 KR.
BÓNUS SÝRÐUR RJÓMI 10% & 18%
ENERGY DRINK ENERGY
98 KR.DS
E.S ORKUDRYKKUR 250ML
ORKUSKOT Á FRÁBÆRU VERÐI
BÓNUS Rjómi
BÓNUS MATAR Rjómi
245 KR.
145 KR.
BÓNUS RJÓMI & MATARRJÓMI 400 ML
Grænmetisbuff
FLJÓTLEGT Í DESEMBER ÞÆGILEGT
998 KR. 1 KG.
NF GRÆNMETISBUFF 1 KG.
TILBÚIN- ÞARF AÐEINS AÐ HITA !
Feti
279 KR.STK
BÓNUS FETAOSTUR 250g
FETI Í KRYDDOLÍU & FETI Í KRYDDOLÍU OG OLÍFUM
Gríms Plokkfiskur
FLJÓTLEGT Í DESEMBER ÞÆGILEGT
398 KR.STK
GRÍMS PLOKKFISKUR
TILBÚINN- ÞARF AÐEINS AÐ HITA !
BÓNUS FORSOÐNAR ÍSLENSKAR KARTÖFLUR
FLJÓTLEGT Í DESEMBER ÞÆGILEGT
298 KR. 900g
BÓNUS FORSOÐNAR
KARTÖFLUR 900G
FLJÓTLEGT Í DESEMBER ÞÆGILEGT
698 KR.STK
STEIKTUR HEILL MATFUGLS KJÚKLINGUR
TILBÚINN- ÞARF AÐEINS AÐ HITA !
BÓNUS Rúgbrauðskubbur
198 KR.STK
BÓNUS RÚGBRAUÐSKUBBUR 500G
HÁMARK PRÓTEINDRYKKUR
168 KR.STK
HÁMARK PRÓTEINDRYKKUR 250 ML
BÓNUS BÝÐUR BETUR
VISA
VERÐTILBOÐIN GILDA FRÁ MÁNUDEGI TIL SUNNUDAGS

# Leikskólar fá aukið fjármagn

**UMRÆÐAN**

Ragnar Sær Ragnarsson skrifar um leikskólamál í Reykjavík



RAGNAR SÆR RAGNARSSON

Að undanförnu hefur verið fjallað um fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar í fjölmiðlum. Þar hefur leikskólastarf m.a. verið til umfjöllunar og fram hefur komið að foreldrar og starfsfólk leikskóla bera ugg í brjósti um áhrif hagræðingar á starf skólanna á komandi ári. Við fyrri umræðu um fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar í borgarstjórn þann 3. desember var ákveðið að leggja aukalega 150 milljónir króna til starfs leikskóla borgarinnar á komandi ári.

Nú er ljóst að eftir þessa ákvörðun munu heildarfjárveitingar til leikskólastarfs í Reykjavík aukast um 100 milljónir á milli ára. Heildarkostnaður leikskólasviðs Reykjavíkur er um tíu milljarðar á árinu 2010. Stærstur hluti þessara fjármuna er framlag úr borgarsjóði en hlutur foreldra í kostnaði er um 11 prósent. Við vinnslu fjárhagsáætlunar var upphaflega miðað við 5,76% hagræðingarkröfu á leikskólasvið en niðurstaðan varð hagræðing sem nemur 4,1%. Meginhluti hagræðingarinnar næst fram í yfirstjórn og innkaupum, en starfsemi leikskólanna sjálfra ber einungis 1,8% hagræðingu. Verulegur ávinningur er nú þegar sýnilegur með nýjum útboðum. Aukning verður í grænum innkaupum með því að akstur aðfanga og innkaup verða samtvinnuð. Þá hefur verið ákveðið að ný börn verði ekki vistuð inn á sumarleyfistíma starfsfólks eins og verið hefur í nokkrum skólum.

Af þessu leiðir að starfsfólk getur tekið samfellt sumarleyfi án þess að álag aukist á aðra starfsmenn eða afleysingarfólk sé ráðið í staðinn. Jákvæð og eðlileg viðbrögð foreldra um gæði í leikskólastarfi eru ofarlega í huga þeirra sem koma að gerð tillagna fyrir sviðið enda erum við flest jafnframt foreldrar barna í leikskólum borgarinnar. Leikskólasvið hélt opinn fund með foreldrum þann 12. nóvember sl. til að fara yfir stefnu og markmið í leikskólastarfi næsta árs og kynna markmiðasetningu við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2010. Fulltrúum úr foreldraráðum og foreldrafélögum var sérstaklega boðið að taka þátt í umræðum. Á fimmta tug mættu og komu fram margar góðar ábendingar til leikskólasviðs sem fylgt hefur verið. Farið er eftir ábendingum foreldra, barna og starfsfólks þegar tilgreind eru framtíðarskref og áherslur í starfi leikskólanna á næsta starfsári.

Foreldrar þurfa í engu að kvíða um metnaðarfullt og faglegt starf í leikskólunum og því síður um öryggi barna sinna. Allt slíkt tal er ábyrgðarlaust.

Aldrei áður hafa leikskólar borgarinnar verið jafn vel skipaðir starfsfólki og er nýting skólanna af þessum sökum 100% um þessar mundir. Rúmlega 200 börn eiga nú kost á leikskólaplássi vegna þessa, umfram þann fjölda sem skólarnir hafa annað undanfarin ár. Í mörgum tilvikum þýðir þetta beinan peningalegan sparnað fyrir foreldrana, þar sem leikskólagjöldin eru lægri en kostnaður foreldra við önnur úrræði. Hlutfall háskólamenntaðra starfsmanna hefur aukist um 10 prósentustig og er áætlað að tæplega 60% starfsmanna verði með háskólapróf á árinu 2010. Í nýlegri könnun kom fram að aukin og jákvæð þjónustu við börn og foreldra lýsir sér best í því að 98% foreldra telja að barni sínu líði vel í leikskólanum og 95% telja að komið sé til móts við þarfir barna þeirra. Þetta hlutfall hefur aldrei verið hærra. Þetta jákvæða viðhorf er fyrst og fremst að þakka frábæru starfsfólki og stjórnendum leikskólanna. Enginn leikskóli er betri en starfsfólkið sem þar vinnur. Gæði leikskólastarfs liggja í þeim mannauði sem er til staðar í sérhverjum skóla. Framsækið leikskólastarf mun áfram ráða ríkjum. Má í því sambandi nefna að áfram er haldið með öflugan sjóð til að byggja upp nýbreytni og þróunarstarf leikskólanna. Þá hefur verið settur á laggirnar vinnuhópur til að kanna grundvöll fyrir alþjóðlegar þekkingarheimsóknir erlendra kennara til Íslands. Launakjör haldast óbreytt eða hækka á árinu 2010. Neysluhlé sem er greiðsla til starfsmanna sem vinna með börnum á leikskólunum heldur áfram. Stöðugleiki í starfsmannahaldi skapar aukna ánægju og betri þjónustu.

Um 8.200 börn njóta framlaga borgarinnar á árinu 2010. Leikskólagjöld í Reykjavík eru lægri en annars staðar og munar þar verulegu. Þá er 100% systkinaafsláttur þannig að foreldrar greiða í raun einungis gjald með einu barni. Engin áform eru uppi um breytingu á gjaldskrá.

*Höfundur er formaður leikskólaráðs Reykjavíkurborgar.*


Skráðu þig í netklúbbinn - VITA.is

Menningarferð til Kanaríeyja

Gran Canary, Tenerife og La Gomera

24. febrúar - 10. mars



Nú er ferðinni heitið til Afríku þótt eyjarnar tilheyri núna Spáni. Fyrir valinu verða tvær stærstu eyjar Kanaríeyja, Tenerife og Gran Can. Sú fyrrnefnda býr að merkri sögu, heillandi landslagi og besta veðrinu á þessum árstíma. Litla eyjan, La Gomera, er friðlýst af UNESCO. Engar moskítóflugur eða geitungar að angra þig. Flogið er með þægilegu leiguflugi Icelandair og 15 þús. Vildarpunktar gefa 10 þús. kr. afslátt (nota má Vildarpunkta annarra).

Mestallan tímann verður gist á suðurströnd Tenerife en þar er veðurfar öruggast á þessum árstíma. Hótelið Oro Negro (svarta gullið) var valið með hliðsjón af staðsetningu og góðum mat. Þar sem evran er dýr verður allt fæði innifalið, morgunmatur hádegismatur og kvöldmatur ásamt drykkjum (vín og vatn). Við missum heldur ekki af hádegisverði meðan á skoðunarferðum stendur. Stundum er borðað á veitingastað, einu sinni tekið nesti og svo er líka grillað uppi í fjöllum. Þannig er hægt að komast af án þess að eyða miklu af peningum. Eyjarnar eru litlar þannig að ekki þarf að keyra langt í skoðunarferðir.

Að venju verður ekki farið eldsnemma af stað á morgnana heldur í rólegheitum eftir morgunverð. Annar hver dagur er frjáls. Þetta er ekki erfið ferð og veðrið er venjulega mjög notalegt á þessum árstíma. Boðið verður upp á möguleika á golfi á frjálsu dögunum (sjá heimasíðu Vita).

Hinn gamalreyndi fararstjóri, Friðrik G. Friðriksson, stýrir skoðunarferðunum, segir sögur og fræðir um menningu og náttúru.



Fararstjóri
Friðrik G. Friðriksson

Verð 275.000 kr.

+ 15.000 Vildarpunktar á mann í tvíbýli.

Aukalega 15.000 kr. fyrir einbýli.

Verð án Vildarpunkta 285.000 kr.

Allt innifalið, flugferðir og skipaferðir með öllum sköttum og m.a. morgunmatur, hádegisverður, kvöldmatur og drykkir með mat (vín eða vatn). Einnig allar skoðunarferðir sem og aðgangseyrir auk leikhúsferðar.

Hægt er að sjá meira um ferðina, ferðatilhögun, á heimasíðu VITA undir: VITA.is - Evrópurútur Frissa – Tenerife og Gran Canary 2010.

Hafið samband við Silju Rún eða Guðnýju hjá VITA í síma 570 4444 eða sendið tölvupóst á siljarun@vita.is

VITA er í eigu Icelandair Group.

ICELANDAIR GROUP

VITA er lífið

Ferðaskrifstofa Leyfishafi Ferðamálastofu

VITA | Skútuvogi 13a | Sími 570 4444 | VITA.is

vita

ÍSLENSKA SIA.IS VIT 48460 12/09


# Hlúum að fjársjóðnum

**UMRÆÐAN**

Gunnar Þór Jóhannesson, Stefán Pálsson og Helga Björnsdóttir skrifa um nýtt félag stundakennara á háskólastigi

Háskóli Íslands er ein af lykilstofnunum íslensks samfélags. Þessi sannindi þreytast ráðamenn ekki á að rifja upp, í það minnsta á tyllidögum, og þau eru leiðarstefið í þriggja ára átaksverkefni Háskólans sem rektor kynnti á fullveldisdaginn 2008 undir yfirskriftinni „Fjársjóður til framtíðar“. Í ræðu sinni útskýrði Kristín Ingólfsdóttir að fjársjóðurinn væri í raun „sú auðlegð sem býr í öflugu starfsliði Háskóla Íslands“.

Sjálfsagt er að taka undir þessu hlýju orð í garð starfsliðs Háskólans. Ekki er þar einungis um fastráðna starfsmenn að ræða, því eins og segir á bls. 85 í Árbók Háskólans 2008 er stór hluti kennslunnar við skólann „framlag lausráðinna stundakennara sem kenna samhliða starfi úti í atvinnulífinu“ eða alls 1.097 manns. Þá kemur fram að um 14% kennslunnar séu í höndum starfsmanna Háskólans annarra en fastráðinna kennara. Samkvæmt Árbókinni samsvarar stundakennsla alls 211 ársverkum aðjúnkta. (Hér er stundakennsla á vegum Menntavísindasviðs ekki meðtalin.)

Af þessum tölum má glögglega sjá hversu mikilvægt framlag stundakennara er í starfi Háskólans og raunar vandséð hvernig stofnunin yrði rekin án þeirra. Ekki bera launakjör þess hóps þó með sér að vinnan sé metin að verðleikum.

Flestir stundakennarar eru lausráðnir og fá greitt tímakaup, fastir starfsmenn stofnana Háskólans hafa þó fengið greidda yfirvinnu fyrir stundakennslu. Kaup og kjör þessa hóps eru einhliða ákveðin af Samráðsnefnd um kjaramál en í henni sitja lögfræðingur Háskóla Íslands, fjármálastjóri og einn akademískur starfsmaður. Stundakennarar eiga þar engan fulltrúa.

**Kröpp kjör**

Samráðsnefndin hefur ákveðið að frá og með 1. janúar 2009 fái lausráðinn stundakennari með meistaraprófsgráðu 1.655 krónur á tímann auk orlofs. Sá sem er með doktorspróf hækkar um heilar 299 krónur eða tæpar 60 krónur fyrir hvert ár umfram grunnnám.

Stundakennarar við Háskóla Íslands eru fjölbreyttur hópur. Þegar hefur verið getið um starfsmenn rannsóknarstofnana skólans. Aðrir eru í aðalstarfi utan HÍ og koma inn sem gestakennarar, jafnvel aðeins í eina og eina kennslustund. Loks er svo hópur fólks sem hefur ekkert annað launað starf en stundakennslu. Oftast eru þetta framhaldsnemar við Háskóla Íslands eða sjálfstætt starfandi fræðimenn sem sinna oft mikilli stundakennslu eða frá einu og upp í jafnvel fjögur námskeið á misseri.

**Réttlaus hópur**

Þau laun sem Háskóli Íslands metur sæmandi að bjóða sérfræðingum fyrir kennslu á háskólastigi dæma sig sjálf. Alvarlegra mál er þó réttindaleysi þessa hóps. Háskóli Íslands borgar ekki stéttarfélagsgjöld og ekki launatengd gjöld í almenna sjóði stéttarfélaga af launum stundakennara. Það þýðir að þeir hafa engan veikindarétt og enga möguleika á að nýta sér þjónustu stéttarfélaga eins og styrktarsjóði, starfsmenntunarsjóði eða sjúkrasjóði. Það er því ekki fjarri lagi að segja að stundakennarar við Háskóla Íslands séu líkt og „stéttleysingjar“ og fari á mis við það sem yfirleitt eru talin sjálfsögð réttindi launafólks.

Þann 4. nóvember 2009 var hagsmunafélag stundakennara á háskólastigi – HAGSTUND – stofnað. Nokkur undirbúningur liggur að baki stofnuninni en hlutverk félagsins er:

1. Að efla samheldni og samvinnu meðal félagsmanna óháð sviðum og/eða námsbrautum háskólanna
2. Að vinna að bættum kjörum félagsmanna og gæta hagsmuna þeirra
3. Að bæta starfsskilyrði félagsmanna og auka gagnsæi og skilvirkni í samskiptum þeirra við háskólann
4. Að hafa samvinnu við kjarafélög háskólamanna, sérstaklega þau sem hafa rétt til samningsgerðar við háskólann
5. Að vera málsvari félagsmanna út á við

Skipuð hefur verið vinnustjórn, auk þess sem félagið hefur komið sér upp fréttasíðu þar sem fréttir og tilkynningar birtast ásamt greinum og öðrum gagnlegum upplýsingum. Slóðin er: http://www.kaninka.net/hagstund. Eru allir stundakennarar í íslenskum háskólum eindregið hvattir til að kynna sér félagið og ganga til liðs við kollega sína.

*Höfundar eru stundakennarar við Háskóla Íslands.*


Veljum íslenskt
– okkar hagur!
SI
Samtök iðnaðarins - www.si.is

**GEORGE WASHINGTON LÉST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1732.**

*„Leitaðu kynna við mannkostafólk, ef þú virðir þitt eigið mannorð, því að betra er að vera einn en í slæmum félagsskap.“*

***George Washington var hershöfðingi í meginlandshernum sem sigraði Breta í bandaríska frelsisstríðinu og var kjörinn fyrsti forseti Bandaríkjanna. Hann sat tvö fjögurra ára kjörtímabil. Hann var eindreginn lýðveldissinni og fylgjandi hlutleysi Bandaríkjanna í alþjóðastjórnmálum.***




# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 14. DESEMBER 2003

## *Saddam Hussein finnst í holu*

Á þessum degi árið 2003 var tilkynnt um að fyrrverandi forseti Íraks, Saddam Hussein, hefði fundist í holu skammt frá heimabæ sínum Tikrit.

Ekkert hafði sést til Saddams síðan bandaríski herinn réðst inn í Írak í apríl sama ár, en Uday og Qusay, synir hans, voru drepnir af bandarískum hermönnum í júlí. Voru 25 milljónir dollara boðnar hverjum þeim sem gefið gæti upplýsingar um dvalarstað Saddams, og þegar tilkynnt var að hann hefði fundist fylgdi sögunni að einn úr hans eigin fjölskyldu hefði gefið vísbendingar um ferðir hans.

Holan sem Saddam fannst í var svokölluð „köngulóarhola“, tveggja metra djúp og rúmaði einungis eina manneskju. Saddam var vopnaður byssu þegar hann fannst en veitti enga mótspyrnu við handtökuna. Saddam var hengdur samkvæmt dómsúrskurði 30. desember árið 2006.



## MERKISATBURÐIR

**1542** María Stúart verður drottning Skotlands.

**1890** Eyrarbakkakirkja er vígð. Altaristafla hennar er eftir Lovísu Danadrottningu, máluð árið 1891.

**1911** Roald Amundsen kemur á suðurpólinn.

**1934** Golfklúbbur Reykjavíkur er stofnaður undir nafninu Golfklúbbur Íslands.

**1939** Sovétríkin eru rekin úr Þjóðabandalaginu vegna innrásarinnar í Finnland en það stríð var síðar nefnt Vetrarstríðið.

**1989** Í Síle eru haldnar fyrstu lýðræðislegu kosningarnar í sextán ár.



**HRAFN** Hrafninn er staðfugl og einn fárra sem finnast á hálendinu yfir háveturinn. MYND/JÓHANN ÓLI HILMARSSON.

**FUGL VIKUNNAR:** HRAFN

## *Fugl visku og spádóma*

Hrafninn eða krummi er eini hröfnungurinn sem verpir hér á landi. Hann er stór og svartur og er spörfugl þótt ótrúlegt megi virðast, stærstur fugla í þeim stóra ættbálki. Hrafnar sýna stundum ótrúlegar fluglistir sem eru mikið augnayndi. Varpkjörlendi hans er í klettum, giljum og hraunum á láglendi. Stundum verpa hrafnar á mannvirkjum eða jafnvel í trjám. Þetta á sérstaklega við á Suðurlandsundirlendinu þar sem lítið er um náttúrulega varpstaði. Hrafninn er staðfugl og einn fárra fugla sem finnast á hálendinu yfir háveturinn.

„Krummi svaf í klettagjá, kaldri vetrarnóttu á,“ segir í kvæði og um fáa fugla hefur jafnmikið verið ort og krumma. Hann er og þekktur spádóms- og gáfufugl. Huginn og Muninn voru spádómsfuglar Óðins og Hrafna-Flóki treysti á hrafna til að finna Ísland.

Auðvelt er að laða hrafna að híbýlum manna með matargjöfum á veturna en þeim þarf að gefa á opnum svæðum. Þeir eru næstum alætur. „Guð launar fyrir hrafninn“ segir máltækið.

www.fuglavernd.is

### AFMÆLISBÖRN



**GUÐMUNDUR ÓLAFSSON** leikari er 58 ára í dag.



**JANE BIRKIN** leik- og söngkona er 63 ára í dag.

**HARALDUR GÍSLASON TÓNLISTARMAÐUR:** Á 35 ÁRA AFMÆLI Í DAG

# Telur í meira Pollapönk

„Það verður engin veisla í dag. Ég eyði bara deginum með fjölskyldunni,“ segir Haraldur Gíslason, tónlistarmaður og deildarstjóri á leikskólanum Hörðuvöllum í Hafnarfirði, sem á 35 ára afmæli í dag.

Haraldur er trommari rokksveitarinnar Botnleðju, sem hefur haft hægt um sig undanfarin ár en þó aldrei gefið út formlega dánartilkynningu. Hann og Heiðar Örn Kristjánsson, söngvari og gítarleikari í téðri Botnleðju, útskrifuðust báðir sem leikskólakennarar frá Kennaraháskóla Íslands fyrir tveimur árum, og lokaverkefni þeirra við skólann var platan Pollapönk, sem notið hefur mikilla vinsælda hjá yngri kynslóðinni. Nú hafa félagarnir lagt í nýja plötu, Meira Pollapönk, og stefna á að gefa hana út í vor. „Við erum búnir að semja fimmtán lög sem við erum rosalega ánægðir með. Við höfum líka bætt í bandið, en þeir Arnar Gíslason trommari og Guðni Finnson bassaleikari, sem hafa leikið með sveitum á borð við Dr. Spock og Ensími, eru gengnir til liðs við okkur. Þetta er hörkuband og platan verður gott stöff,“ segir Haraldur.

Spurður um umfjöllunarefni Meira Pollpönks upplýsir Haraldur að meðal lagatitla verði „113 Vælubíllinn“ og „Keyrða kynslóðin“, sem fjallar um krakka sem eru keyrð út um allt, í skólann og jafnvel í næsta hús. Ungviði landsins á því væntanlega von á góðu þegar vorar.

Eins og áður sagði starfar Haraldur sem deildarstjóri á leikskóla. Það er þungt í honum hljóðið þegar talið berst að niðurskurði á þeim vettvangi. „Mér finnst þetta afskaplega kjánalegt. Það var með herkjum að manna tókst leikskólana í góðærinu og núna loksins þegar betur gengur að fá fólk til starfans erum við látin taka til eftir partíið sem okkur var ekki boðið í. Forgangsröðunin er fáránleg. Leikskólarnir þurftu meira að segja að skera niður í góðærinu líka og það er borin von að það takist án þess að það bitni á þjónustunni. Það er alveg klárt mál,“ segir Haraldur og bætir við að hann finni fyrir miklum stuðningi frá foreldrum og fleirum vegna þessara mála.

Botnleðja á þrjár plötur á lista yfir hundrað bestu plötur Íslandssögunnar sem tekinn var saman fyrr á árinu og gefinn út í veglegri bók fyrir jólin.



**AFMÆLI** Haraldur Gíslason býst ekki við að fagna afmælisdeginum sérstaklega að öðru leyti en því að verja honum með fjölskyldunni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Haraldur útilokar ekki að sveitin komi saman á næstunni, en lofar engu heldur. „Við erum allir uppteknir í öðrum verkefnum, en erum samt góðir vinir. Það væri gaman að gera eitthvað, einhvern tímann. Þegar tíminn er réttur þá teljum við í, einn, tveir, þrír, fjór!“

kjartan@frettabladid.is



†

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Árnína Sigurveig Guðnadóttir**

Löngumýri 8, Akureyri,

lést að Dvalarheimilinu Hlíð þriðjudaginn 8. desember. Útför hennar fer fram frá Akureyrarkirkju miðvikudaginn 16. desember kl 13.30.

**Sóley Sigdórsdóttir** **Davíð Kristjánsson**
**Rósa Sigdórsdóttir**
**ömmu- og langömmubörn.**



†

*Okkar ástkæri faðir, sonur og bróðir,*

**Níels Ólafsson**

lést að heimili sínu í Århus í Danmörku þann 1. desember sl. Minningarathöfn auglýst síðar.

**Hafþór Níelsson**
**Tryggvi Níelsson**
**Ólafur Hafþór Guðjónsson**
**Björg Ólafsdóttir**
**Daniel Ólafsson**
**Guðjón Hafþór Ólafsson**



†

*Ástkær systir mín, föðursystir og mágkona,*

**Guðrún Gunnarsdóttir**

frá Reykjum í Fnjóskadal,

lést á Dvalarheimilinu Hvammi á Húsavík þann 7. desember. Útförin fer fram frá Illugastaðakirkju miðvikudaginn 16. desember kl. 14.00. Sætaferðir verða frá Umferðarmiðstöðinni á Akureyri kl. 13.00.

**Tryggvi Gunnarsson**
**Gunnar M. Guðmundsson**
**Þóra K. Guðmundsdóttir**
**Pálína Magnúsdóttir**



**RAFHLÖÐUSERÍUR** henta vel með skreytingum og passa ofan í ker og glæra vasa. Með slíkum seríum er hægt að losna við langar leiðslur auk þess sem engin þörf er á því að hafa skreytinguna nálægt innstungu.




FRÉTTABLAÐIÐ Sölufulltrúar Henný Árnadóttir henny@365.is 512 5427 Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Þórdís Hermannsdóttir thordish@365.is 512 5447






Fyrir bústaðinn og heimilið

Opið: má-fö. 12-18, Opið á laugard. til jóla frá 12-16
Dalvegi 16a,
Rauðu múrsteinshúsunum
Kóp. 201 - S: 517 7727
www.nora.is

Nóra

weber



Frábært úrval af gjafavörum frá Weber

Söluaðilar.: Járn og gler hf - Garðheimar - Húsasmiðjan - Búsáhöld Kringlunni - Pottar og Prik Akureyri. www.weber.is

Auglýsingasími
512 50 50
– Mest lesið




„Kirkjan hefur heiðurssess hjá mér og eins og sjá má er heil hjörð af fólki og trjám og alls konar dóti í kringum hana," segir Steinunn. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Helgidómur í stofunni með hjörð í kringum sig

**Þegar Steinunn Harðardóttir, þjóðfélagsfræðingur og dagskrárgerðarkona, er búin að breiða bómull á þak gömlu trékirkjunnar og koma fyrir skrauti í kringum hana er orðið jólalegt á hennar heimili.**

„Mér þykir afskaplega vænt um þessa kirkju. Faðir minn smíðaði hana fyrir mitt minni og það var alltaf sett ljós í hana á bernskuheimili mínu. Ég hef það þannig líka," segir Steinunn. „Það var ýmislegt fleira sem fylgdi kirkjunni, pallur undir, girðing í kring og hlið en það er allt fokið og farið. Kirkjan var líka einhvers staðar í drasli í mörg ár en svo fann ég hana og dró hana fram."

Steinunn segir pabba sinn afskaplega hagan í höndum og nefnir sem dæmi að fyrir tveimur árum hafi hann búið til eyrnalokka úr fjöðrum sem hafi algerlega slegið í gegn og þegar hann hafi verið á hvalveiðiskipum hafi hann búið til skartgripi úr hvaltönnum sem flestir séu nú því miður glataðir.

„Hann gerði líka jólatré sem er týnt núna og það græt ég," segir Steinunn og lýsir trénu sem hún á æskuminningar um. „Þetta var burstatré, 75 cm til einn metri á hæð með fjórum til fimm röðum af grænum burstalengjum sem voru með rauðu vaxi á endunum til að hylja vírinn." Hún segir jólatréð hafa skipað mikilvægan sess hjá henni þegar hún var barn. „Fyrst komu jólin og ég hlakkaði auðvitað rosalega til þeirra. Þegar þau voru búin fór maður að hlakka til gamlárskvölds. Þá var gamanið búið hjá öllum nema mér. Ég átti nefnilega afmælið eftir. Það er 5. janúar og þá var dansað í kringum þetta litla jólatré. Á því héngu kramarhús með sælgæti í sem allir krakkarnir í afmælinu fengu með sér heim."

*gun@frettabladid.is*





6 mán. vaxtalausar greiðslur

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga kl. 10.00 - 18.00 – laugardaga 12.00 - 16.00

www.svefn.is



**PERSÓNULEG FLÍSTEPPI** Fátt er betra um þetta leyti árs en að hringa sig uppi í sófa með flísteppi. Hjá Merkt í Faxafeni er hægt að láta gera persónuleg flísteppi með myndum og texta. Upplögð jólagjöf. Sjá www.merkt.is.











Hlýlegur stigapallur sem býður gesti velkomna.



Lítið þarf til að gera gömlu bárujárnshúsin, sem einkenna gamla miðbæinn, enn fallegri.



Hér er allt að verða tilbúið fyrir jólin. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Ljósin í firðinum

**Til að næla sér í sannan jólaanda er upplagt að fá sér göngutúr um gömul og gróin hverfi, virða ljósadýrðina fyrir sér og velta jafnvel vöngum yfir því hvað skreytingarnar segja um fólkið innandyra.**

Ljósin lýsa okkur í skammdeginu og er afbragðs ráð að bregða undir sig betri fætinum og fá sér göngutúr um gömul og gróin íbúðarhverfi til að virða ljósdýrðina fyrir sér. Þannig má næla sér í rétta jólaskapið og jafnvel smá roða í kinnarnar um leið.

Þetta gerði ljósmyndari Fréttablaðsins í vikunni sem leið og varð gamli miðbær Hafnarfjarðar, nánar tiltekið Hverfisgatan, fyrir valinu. Þar er að finna fallegar en þó látlausar skreytingar sem allar gefa með einhverjum hætti til kynna hvaða mann fólkið innandyra hefur að geyma.

*vera@frettabladid.is*



Fígúrur gleðja börnin.



Hátíðlegheit og hversdagsleiki kallast á.


Rauðakrosshúsið

Allir velkomnir!

## Ókeypis námskeið og ráðgjöf

Rauðakrosshúsið verður opið að venju dagana 21, 22. og 23. desember og einnig milli jóla og nýárs.

**Mánudagur 14. desember**

Facebook - Lærðu á samskiptavefinn. Tími: 12.15-14.00.

Að lappa upp á gömlu jólaskreytinguna - Áttu gamla og úr sér gengna skreytingu? Fáðu aðstoð við að laga og lærðu grundvallaratriðin. Tími: 12.30-13.30.

Prjónahópur - Vertu með! Tími: 13.00-15.00.

Tálgunarnámskeið - Lærðu nýjar aðferðir við að tálga með beittum hníf í ferskan trjávið. Tími: 14.30-16.00.

Skákklúbbur - Komdu og tefldu! Tími: 15.30-17.00.

**Þriðjudagur 15. desember**

Qi – Gong - Viðar H. Eiríksson kennir æfingar sem hjálpa fólki að afla, varðveita og dreifa orku um líkamann. Tími: 12.00-13.00.

Gönguhópur - Klæddu þig eftir veðri. Tími: 13.00 -14.00.

Hangikjötið fer illa í suma – Lærðu fyrstu viðbrögð í endurlífgun og að losa aðskotahlut áður en fjölskylduboðin byrja. Tími: 13.30 -14.30.

Skiptifatamarkaður - Úti- og spariföt barna - Tími: 13.30 -17.00.

Jólin í bíó - Hvað segja bíómyndirnar okkur um jólin? Hvers konar tími eru jólin? Tími: 15.00-16.00.

**Miðvikudagur 16. desember**

Ljósmyndir - Jóla- og áramótamyndir - Taktu betri myndir um jólin og smelltu af góðri flugeldamynd. Komdu með myndavél og þrífót ef þú getur. Tími: 12.30-14.30.

Tölvuaðstoð - Fyrir alla. Tími: 13.30-15.30.

Bókaklúbbur - Ræðum bókina Leyndardómur Býflugnanna eftir Sue Monk Kidd. Tími: 14.00-15.00.

Briddsklúbbur - Hefur þú gaman af bridds? Eða alltaf langað til að læra bridds? Tími: 14.00-16.00.

Biblíulestur - Hefur þig alltaf langað að lesa Biblíuna? Tími: 15.30-16.30.

Spænska í daglegu lífi - Lærðu nýtilegar setningar fyrir almenna tjáningu á spænsku. Tími: 15.00-16.30.

**Fimmtudagur 17. desember**

Psychosocial support - Learn more about stress management, crisis and trauma. Tími: 12.00-13.30

Saumasmiðjan - Ertu stopp í saumaskapnum? Getur þú ekki klárað flíkina? Fáðu leiðbeiningar og komdu með saumavél ef þú getur. Tími: 13.00-15.00.

Jóga - Viltu prófa jóga? Tími: 15.00-16.00.

**Föstudagur 18. desember**

Spuni - Rökkvi frá uppistand.is sér um spuna þar sem leikurum er stýrt af áhorfendum sem taka þátt. Tími: 12.30 -13.30.

Gönguhópur - Klæddu þig eftir veðri! Tími: 12.30 -13.30.

Íslenskuspilið – Viltu læra meiri íslensku? Komdu og spilaðu með! Allir velkomnir. Tími: 13.00-15.00.

Jólabingó – Hallgrímur Ólafsson leikari stjórnar bingó þar sem veglegir vinningar eru í boði. Heitt súkkulaði og vöfflur með rjóma á boðstólnum. Tími: 14.00-15.00.

Hláturjóga - Viltu losa um spennu og fylla lífið af hlátri og gleði? Tími: 15.30-16.30.

Rauði kross Íslands
Rauðakrosshúsið

Borgartúni 25 | Reykjavík | Sími 570 4000 | raudakrosshusid@redcross.is | www.raudakrosshusid.is | Opið virka daga kl. 12-17






# FASTEIGNIR.IS

6. TBL. 14. DESEMBER 2009

vísir.is

FRÉTTABLAÐIÐ


## Einbýli/Penthouse óskast

Óska eftir einbýli eða penthouse í Kóp/Gbæ/Hfj til leigu í amk 1 ár með kauprétti að þeim tíma liðnum. Aðeins mjög vönduð eign kemur til greina, amk 250fm og helst á einni hæð. Greiðsluhugmynd 200-350þ á mán og veltur á gæði eignar. Há fyrirframgr. í boði fyrir rétta eign.

**Áhugasamir sendið upplýsingar á halldor74@hotmail.com**

## VALHÖLL FASTEIGNASALA

## Húsnæði til leigu – Hagstæð leiga.

**Bæjarlind – 130-150 fm skrifstofuhúsnæði.** Nýlegt þjónustu eða skrifstofuhúsnæði á jarðhæð á fráb.v. Bæjarlind 12 í Kóp. Húsnæðið er á jarðhæð (beint inn) er um 130 fm 2-3 skrifstofur, eldhús og mjög stóru (40fm) herbergi eða sal. **Hægt að bæta við 20 fm herb.og er þá plássið 150 fm.** Laust. Hagkvæmt fyrir 2-3 aðila að leigja saman. Hagstæð leiga og allir skilmálar skoðaðir jákvætt.

**Síðumúli – 280 fm verslunarhúsnæði. Aðeins kr.1000 á fermeter. Til leigu 280 fm verslunarhúsnæði á 1.hæð á fráb. stað.** Húsnæðið er með stóra verslunarglugga að framanverðu (að Síðumúla) og nær í gegnum húsið, er því með góða glugga bakatil og glæsilegt útsýni. Glæsil. snyrting, lagnir fyrir eldhús og aðra snyrtingu. Gott pláss sem gefur mikla möguleika. Tilvalið fyrir hverskonar verslunar, þjónustu eða skrifstofurekstur. **Laust. Mjög hagstæð leiga og allir skilmálar skoðaðir jákvætt.**

**Síðumúli – 190 fm – glæsil. skrifstofuhúsnæði**
Til leigu glæsilegt 190 fm skrifstofuhúsn. á 2 hæð í góðu húsi. Allt standsett í hólf og gólf fyrir 8 árum. Frábærl. vel skipul. með 8 skrifstofum, fundaherbergi , eldhúsi, móttöku,tæknirými og snyrtingu. Massift parket. Hentugt fyrir lítil fyrirtæki að leigja saman með sameiginlega móttöku. **Laust 1 jan. Hagstæð leiga, allir skilmálar skoðaðir jákvætt.**

**Garðabær – 56 fm við Kirkjulund.**
Til leigu 56 fm skrifstofu / þjónustu / atvinnuhúsnæði á jarðhæð í nýl.húsi. Um er að ræða sérbil á einni hæð (jarðhæð) beint inn góðri lofthæð og allt sér. Skipulag: Stór salur með mikilli stighækkandi lofthæð og snyrting. Mögul. milliloft, Góð bílastæði. **Laust. Hagstæð leiga. 60.000.- pr. mán + vsk. Allar nánari upplýsingar um ofangreindar eignir gefnar í síma: 896-5221 Bárður eða 896-5222 Ingólfur eða á bardur@valholl.is eða á ingolfur@valholl.is**

***Valhöll fasteignasala – Virk leigumiðlun.***

*Vantar sérstaklega íbúðir og atvinnuhúsnæði til leigu.á Erum með leigjendur á skrá sem bíða eftir eignum og hafa beðið okkur um að finna eign fyrir sig. Mikilvægt er að gæta vel að öllum atriðum við útleigu eigna, því um mikil verðmæti er að ræða. Valhöll býður leigusölum upp á að sjá um útleigu eigna þeirra gegn sanngjörnu gjaldi. Í þjónustunni felst að m.a.. Skoða eignina og skrá. Finna heppilegan leigutaka. Kanna bakgrunn leigjenda, meðmæli, vanskilaskrá o.sfrv. Útbúa leigusamninginn, gæta að tryggingum fyrir leigu o.sfrv. Hafið samband við okkur við tökum vel á móti þér/ykkur það sakar ekki að hafa samband.*

**Ingólfur Gissurarson lgf.**
**Valhöll fasteignasala • Síðumúla 27 • Sími:588-4477.**



Húsnæðið er 675 fermetrar að stærð og einkar glæsilegt.

# Höfuðstöðvar MP banka í Skipholti eru til sölu

**Eignamiðlun er með á skrá vel innréttað þriggja hæða steinhús að Skipholti 50d. Aðgengi að því er gott og þar eru næg bílastæði.**

Húsið að Skipholti 50d var byggt árið 1993 og er 675,5 fm að flatarmáli. Það er í dag innréttað sem fjármálastofnun og skiptist á eftirfarandi hátt: Á annarri hæð er myndarleg móttaka, ellefu rúmgóðar skrifstofur og fundarherbergi sem hægt er að fjölga. Einnig starfsmannasalerni og rúmgott eldhús með góðri aðstöðu. Þar eru líka tvær snyrtingar, þar af önnur fyrir hreyfihamlaða, ræstikompa og geymsla.

Úr eldhúsinu er gengið út um dyr og þaðan niður hringstiga niður á 1. hæð sem er einn stór salur, snyrting og geymsla. Sérinngangur er inn í þetta rými, bæði innan úr sameigninni og að utanverðu.

Þriðja hæðin skiptist í móttöku með eldhúskróki og aðgangi að snyrtingu, þrjár stórar skrifstofur og geymslu. Lyfta er í sameign hússins og gólfefni eru parkett, flísar, steinteppi og linoleum-dúkur.

Í húsnæðinu sem um ræðir eru nú höfuðstöðvar MP banka, sem mun flytja úr því í Ármúla 13a á nýju ári.

## Fasteignasala Mosfellsbæjar

**Einar Páll Kjærnested**
**lögg. fasteignasali.**
**einar@fastmos.is**



**KJARNA - ÞVERHOLTI 2 • 270 MOSFELLSBÆ • SÍMI: 586 8080 • FAX: 586 8081**
**WWW.FASTMOS.IS**

### Klapparhlíð 1,íbúð 303 - 50 ára og eldri






Mjög falleg og rúmgóð 2ja herbergja, 90,9 fm íbúð, á 3ju hæð í 4ra hæða lyftuhúsi fyrir 50 ára og eldri. Fallegar flísar og askur á gólfum, baðherbergi með sturtuklefa og handklæðaofni og stórt hjónaherbergi. Mjög fallegt útsýni er úr húsinu og stórar svalir. **Íbúðin er laus til afhendingar strax. V. 24,5 m.** 3441

**OPIÐ HÚS Í DAG MÁNUDAG FRÁ KL 17:00 TIL 17:30 Í KLAPPARHLÍÐ 1, BJALLA 303**

### Klapparhlíð 30, íbúð 304






99,9 fm, 4ra herbergja íbúð á 3. hæð í 3ja hæða fjölbýli við Klapparhlíð 30 í Mosfellsbæ. Íbúðin skiptist í forstofu, gang, 3 svefnherbergi, baðherbergi, þvottahús, opið eldhús og stofu. Einnig fylgir íbúðinni sérgeymsla. Stutt í skóla, leikskóla, sund/líkamsrækt og golf. **Íbúðin er laus til afhendingar strax.** 3576

**OPIÐ HÚS Í DAG MÁNUDAG FRÁ KL 17:00 TIL 17:30 Í KLAPPARHLÍÐ 30, ÍBÚÐ 304**

### Súluhöfði 25 - Neðri sérhæð






139 m2, 4ra herbergja, sérhæð á fallegum stað við Súluhöfða í Mosfellsbæ. Húsið er staðsett rétt við golfvöll Mosfellsbæjar. Íbúðin skiptist í forstofu, hol, þrú svefnherbergi, eldhús, stofu baðherbergi, geymslu og þvottahús. Sér bílastæði sem fylgir íbúðinni er hellulagt og er gönguleið að íbúðinni hellulögð. Íbúðinni fylgir einnig sérafnotaréttur af lóð. **Íbúðin er laus til afhendingar strax.** 4773

**OPIÐ HÚS Í DAG MÁNUDAG FRÁ KL 18:00 TIL 18:30 Í SÚLUHÖFÐA 25**



**Þverholt - Atvinnuhúsnæði**
103,8 m2 atvinnuhúsnæði á jarðhæð við Þverholt 5 í Mosfellsbæ. Sérinngangur er inn í húsnæðið og malbikað bílastæði er beint fyrir framan húsnæðið sem er staðsett miðsvæðis í hjarta Mosfellsbæjar. Í húsnæðinu er rekin í dag sólbaðststofa, og getur reksturinn fylgt húsnæðinu fyrir kr. 800.000,- aukalega**. V. 13,9 m**. 4769

### Reykjavík



**Smárarimi - Einbýlishús**
Fallegt og vel skipulagt 183,6 m2 einbýlishús með bílskúr við Smárarima í Grafarvogi. Húsið er klætt með dökkum flísum. Fallegar innréttingar og vönduð gólfefni. Stórt hellulagt bílaplan með hitalögn og fallegur garður með heitum potti.
**V. 56,8 m.**



**Skeljagrandi - 2ja herbergja**
Góð 56,2 fm íbúð með sérinngangi af svölum ásamt bílastæði í bílakjallara við Skeljagranda í Reykjavík. Íbúðin er skráð 56,2 fm og stæði í lokuðum bílakjallara 30,9 fm. Ca 8 fm geymsla fylgir íbúðinni sem er óskráð hjá Fasteignaskrá ríkisins. **Eignin er laus til afhendingar! V.15,9 m.** 4871



**Austurströnd - 2ja herbergja**
Góð 2ja herbergja, 55,6 m2 fm útsýnisíbúð ásamt bílastæði í bílakjallara við Austurströnd 2 í Reykjavík. Gengið er ínn í íbúðina á jarðhæð. Glæsilegt útsýni er frá íbúðinni. **V.18,5 m**. 4767

### Bugðulækur - 105 Reykjavík





Mjög falleg 5 herbergja 119 m2 íbúð á efstu hæð í góðu fjölbýlishúsi við Bugðulæk 14 í Reykjavík. Íbúðin er mikið endurnýjuð m.a. öll gólfefni, eldhúsinnréttingar og tæki, baðherbergi, raflagnir og tafla, neysluvatnslagnir ofl. Góð eign á þessum eftirsótta stað í Laugarneshverfinu. **Eignin er laus til afhendingar! V. 32,9 m**. 4766

### Krossalind - Parhús





Mjög glæsilegt og vandað parhús á 2 hæðum með innbyggðum bílskúr við Krossalind í Kópavogi. Efri hæð: forstofa, gestabaðherbergi, eldhús, stofa og borðstofa. Mikil lofthæð er á efri hæðinni og glæsilegt útsýni. Bílskúrinn er 26,6 m2. Neðrihæð: hjónaherbergi, 3 rúmgóð barnaherbergi, gott vinnuherbergi, þvottahús og baðherbergi. **V. 54,8 m**. 4765

### Langalína - 3ja herbergja





Sérlega falleg og vel innréttuð 116,1 fm útsýnis íbúð á annari hæð í lyftuhúsi, tvennar svalir og stæði í bílageymslu við Löngulínu 7 í Garðabæ. Íbúðin skiptist í forstofugang, 2 svefnherbergi, baðherbergi, þvottahús, stofu, borðstofu og eldhús. **Eignin er laus til afhendingar! V. 31,5 m.** 4768

# FASTEIGNA-MARKAÐURINN

## ÓÐINSGÖTU 4

**SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.**

**Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is**

Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

### ÓSKUM EFTIR

• 10 EINSTAKLINGS / 2JA HERB. FULLBÚNUM ÍBÚÐUM Í SAMA HÚSI TIL KAUPS FYRIR FÉLAGASAMTÖK.

• LAND ÓSKAST UNDIR VERKSMIÐJU

10-20 HA. LANDS ÓSKAST Í NÁLÆGÐ VIÐ HÖFUÐBORGINA, EN ÞÓ FJARRI ÍBÚÐABYGGÐ, ÞAR SEM MÖGULEIKI VÆRI AÐ REISA VERKSMIÐJU.

### ATVINNUHÚSNÆÐI ÓSKAST

HÖFUM KAUPENDUR AÐ ATVINNUHÚSNÆÐI SEM ÞURFA VEGNA SKATTAÁLAGA AÐ FJÁRFESTA FYRIR NK. ÁRAMÓT. ÆSKILEGT ER AÐ VIÐKOMANDI EIGNIR SÉU Í ÚTLEIGU. LEITIÐ UPPLÝSINGA Á SKRIFSTOFU.



**Leiðhamrar.**

280,9 fm tvílyft einbýlishús að meðt. 60,9 fm bílskúr sem skiptist m.a. í eldhús, stofu/borðstofu, 4 svefnherbergi, sjónvarpsstofu með arni og 2 baðherbergi. Stórar svalir úr stofu og eldhúsi. **Húsið er mjög vel staðsett við óbyggt svæði og nýtur mikils útsýnis frá húsinu yfir sundin og Esjuna. 1.064 fm ræktuð lóð með timburverönd og heitum potti. Verð 79,0 millj.**



**Aratún-Garðabæ.**

Glæsilegt 179,4 fm einlyft einbýlishús að meðt. 30,1 fm bílskúr á þessum gróna stað í Garðabænum. Eignin hefur verið mikið endurnýjuð m.a. gólfefni, eldhús, baðherbergi og gler að hluta. Björt stofa með útgangi í sólstofu, fallegt eldhús með vönduðum tækjum og 4 herbergi. Stór viðarverönd, yfirbyggð að hluta. **Hús nýlega málað að utan.Verð 59,9 millj.**



**Skrúðás-Garðabæ.**

Stórglæsilegt 245,8 fm einbýlishús á þremur pöllum að meðt. 40 fm bílskúr. Eignin er innréttuð á vandaðan og smekklegan hátt með vönduðum innréttingum og gólfefnum. Aukin lofthæð og arinn í stofum. 4 svefnherbergi. Innanhússarkitekt: Rut Káradóttir. Falleg, nánast viðhaldsfrí lóð með stórum veröndum og skjólveggjum. **Frábær staðsetning á útsýnisstað við opna svæðið í Ásahverfinu. Verðtilboð.**



**Hörpulundur-Garðabæ.**

Vel skipulagt 200 fm einlyft einbýlishús að meðtöldum um 45 fm bílskúr, vel staðsett ofarlega í Lundunum í Garðabæ. Eignin skiptist í forstofu, gestasnyrtingu, eldhús, stofu, borðstofu, 4 herbergi, þvottaherbergi og baðherbergi. **Stór lóð í góðri rækt. Verð 44,5 millj.**



**Ránargata. 3ja herb.**

Mikið endurnýjuð 91,8 fm 3ja herb. íbúð á 2. hæð í þríbýlishúsi. Rúmgóðar og bjartar samliggjandi stofur með útgengi á um 20 fm svalir, eldhús með fallegri viðarinnréttingu og vönduðum tækjum, rúmgott svefnherbergi og flísalagt baðherbergi. **Sér bílastæði á lóð fylgir íbúðinni. Verð 30,5 millj.**



**Þorragata-eldri borgarar. 3ja herb.**

101,6 fm íbúð á 2. hæð auk 6,5 fm geymslu. Stór og björt stofa, sjónvarpsherb., hjónaherbergi með góðu skápaplássi og opið eldhús í stofu. Þvottaherb. innan íbúðar. Svalir til suðurs. Gott útsýni. **Stæði í bílageymslu og innangengt í þjónustumiðstöð. Verðtilboð.**



**Skólabraut - Seltjarnarnesi. Eldri borgarar. 2ja herb. útsýnisíbúð. Laus strax**

Glæsileg 2ja herb. 74,2 fm íbúð á efstu hæð (3. hæð) í lyftuhúsi fyrir 60 ára og eldri auk 4,6 fm sér geymslu á hæðinni. Af svölum og úr stofu er mikið útsýni yfir borgina, út á sjóinn og að Reykjanesi. Í húsinu er rekin þjónustumiðstöð fyrir eldri borgara af Seltjarnarnesbæ. **LAUS TIL AFHENDINGAR STRAX. Verð 21,9 millj.**

### MÖRKIN – TIL LEIGU

**Höfum til leigu verslunar-, skrifstofu-, lager- og iðnaðarhúsnæði við Mörkina.**

**Góð staðsetning nærri fjölfarinni umferðaræð.**

**Nánari upplýsingar á skrifstofu.**

### KRINGLAN – TIL LEIGU

**Til leigu skrifstofuhúsnæði á 5. Hæð við Kringluna. Hæðinn er í raun einn geymur með færanlegum kerfisveggjum.**

**Nánari upplýsingar á skrifstofu.**



**Hrauntunga-Kópavogi.**

288,4 fm raðhús/keðjuhús á tveimur hæðum í Suðurhlíðum Kópavogs að meðtöldum 27,2 fm bílskúr. Á neðri hæð eru forstofa/gangur, snyrting, 2 herbergi, sjónvarpsstofa, þvottaherbergi og geymsla. Áuk þessa hefur verið innréttuð studíoíbúð sem skiptist í eldhús/stofu og rúmgott herbergi. Á efri hæð eru eldhús, stofa, 4 herbergi og baðherbergi. **Mikið útsýni frá stofu. Frábær staðsetning. Verð 43,0 millj.**



**Vesturströnd-Seltjarnarnesi.**

Fallegt og mikið endurnýjað 237,0 fm tvílyft raðhús að meðt. 39,2 fm bílskúr á þessum eftirsótta stað á Seltjarnarnesi. Eignin skiptist m.a. í eldhús með fallegri viðarinnréttingu, rúmgóða og bjarta stofu með aukinni lofthæð og fallegu útsýni til norðurs og vesturs, sjónvarpshol, 5 herbergi (áður 6) og 2 flísalögð baðherbergi. Hellulögð lóð til suðurs með heitum potti og skjólveggjum. Stórar suðursvalir. Nánari upp. á skrifstofu.



**Hlaðhamrar.**

Mjög vel skipulagt 138,6 fm raðhús með innb. 35,4 fm bílskúr. Eignin skiptist í forstofu, stofu, sólskála, sjjónvarpsstofu, eldhús, þvottaherbergi, geymslu 3 svefnherbergi og baðherbergi. Mikil lofthæð. Ræktuð lóð og hiti í stéttum fyrir framan hús. **Laust til afhendingar strax. Verð 36,9 millj.**



**Goðaland.**

Fallegt 200,7 fm raðhús að meðtöldum 22,2 fm sérstæðum bílskúr á þessum skjólsæla stað í Fossvogi. Eignin skiptist í forstofu, rúmgott eldhús með ljósri viðarinnréttingu, stofu með fallegum arni, þrjú rúmgóð herbergi ( 5 á teikn.), fataherbergi innaf hjónaherbergi og flísalagt baðherbergi auk gesta snyrtingar og þvottaherbergis. Geymsluloft yfir hluta hússins. **Ræktuð lóð með um 60 fm timburverönd til suðurs. Verðtilboð.**



**Vesturgata- eldri borgarar. 2ja herb.**

68,9 fm íbúð á 3. hæð auk 8,1 fm sér geymslu í húsi eldri borgara við Vesturgötu. Þjónustumiðstöð á vegum Reykjavíkurborgar auk sameiginl. matsalar og mötuneytis. **Laus til afh. strax. Verðtilboð.**



**Tjarnarból-Seltjarnarnesi. 5 herb.**

Mjög falleg og vel skipulögð 127,1 fm íbúð á 3. hæð auk 12,7 fm geymslu í kjallara. Íbúðin skiptist í forstofu, þvottaherbergi, fallegt endurnýjað eldhús með búri innaf, stofu/borðstofu með útgengi á svalir, 3 svefnherbergi og glæsilega innréttað baðherbergi. <B>Útsýni til sjávar. Verð 34,0 millj.<BL>



**Stórholt.**

Mikið endurnýjuð 107,6 fm 5 herb. íbúð á 2. hæð í Hlíðunum sem skiptist í forstofu, hol, rúmgóða stofu, borðstofu, eldhús, 3 svefnherbergi og baðherbergi. Búið er m.a. að endurnýja gólfefni, innréttingu og tæki í eldhúsi og baðherbergi. Stórar svalir til suðausturs. Sér útigeymsla. <B>Verð 32,5 millj.<BL>



**Guðrúnargata. 2ja herb.**

Falleg og mikið endurnýjuð 65,0 fm íbúð í kjallara í góðu steinhúsi í Norðurmýrinni. Íbúðin skiptist í rúmgóða og bjarta stofu, eldhús með fallegum hvítum innréttingum, rúmgott svefnherbergi og endurnýjað baðherbergi. **Laus fljótega. Verð 15,9 millj.**



**Ljósheimar. 4ra herb.**

Góð 94,6 fm íbúð á 1. hæð auk 4,7 fm geymslu í kj. Rúmgóð stofa og 2 herbergi. Þvottaherb. innan íbúðar. Svalir í vestur. **Sér inngangur af svölum. Verð 19,5 millj.**



**Vesturgata. 2ja herb.**

Glæsileg 60,3 fm útsýnisíbúð auk 4,0 fm sér geymslu og sér stæðis í bílageymslu. Opið eldhús með fallegri innréttingu og vönduðum tækjum, svefnherbergi með fataherbergi innaf og rúmgóð stofa. **Frábært útsýni til sjávar og tvennar sér svalir samtals um 50 fm að stærð. Verð 23,4 millj.**



**Blásalir-Kópavogi 2ja herb.**

Glæsileg og vel innréttuð 79,1 fm íbúð þ.m.t. sér geymsla í kj. á efstu hæð í Salahverfinu. Opið eldhús með fallegri innréttingu og eyju. Rúmgott svefnherbergi með góðu skápaplássi. Aukin lofthæð í stofu og eldhúsi. Svalir til suðurs sem má byggja yfir. Þvottaherb. innan íbúðar. **Hagstæð áhv. lán. Verð 23,9 millj.**



**Framnesvegur. 3ja herb.**

Björt og falleg 73,6 fm íbúð á 2. hæð í 6 íbúða steinhúsi í vesturbænum auk sér geymslu. Bjartar samliggjandi stofur og eitt svefnherbergi. **Falleg eldri innrétting í eldhúsi. Verð 16,9 millj.**



**Grettisgata.**

Endurnýjuð 151 fm íbúð á tveimur hæðum í miðbænum. Eignin skiptist m.a. í 2 skiptanlegar stofur, eldhús, 3 herbergi, baðherbergi og 2 geymslur. Aukin lofthæð og fallegir gifslistar og rósettur í loftum. Eyja í eldhús, klætt grásteini. **Hringstigi milli hæða. Verðtilboð.**



**Lundur-Kópavogi. Nýjar 3ja og 4ra herb. íbúðir.**

Glæsilegar 118-160 fm 2ja, 3ja og 4ra herb. íbúðir í vönduðum lyftuhúsum. Vandaðar innréttingar frá Brúnás, tæki í eldhúsum frá AEG. Gólfhiti. Fataherbergi innaf hjónaherbergi. Stæði í bílgeymslu. Húsin er klædd að utan með álklæðningu og Sedrusviði. Byggingaraðili er Byggingarfél. Gylfa og Gunnars.

# EIGNAMIÐLUN Reykjavík

S: 588 9090 • Síðumúla 21 • 108 Reykjavík



Sverrir Kristinsson, framkvæmdastjóri, lögg. fasteignasali | Guðmundur Sigurjónsson, lögfræðingur, lögg. fasteignasali | Þorleifur St. Guðmundsson, lögg. fasteignasali | Kjartan Hallgeirsson, lögg. fasteignasali | Geir Sigurðsson, lögg. fasteignasali | Hilmar Þór Hafsteinsson, lögg. leigumiðlari, lögg. fasteignasali | Magnús Geir Pálsson, sölumaður | Þórarinn M. Friðgeirsson, lögg. fasteignasali | Jóhanna Valdimarsdóttir, gjaldkeri | Elín Þorleifsdóttir, ritari

Frá 1957

*Elsta starfandi fasteignasala landsins*

FÉLAG FASTEIGNASALA

www.eignamidlun.is

## Valhallarstígur - Þingvellir



Til sölu sumarbústaður við Valhallarstíg á Þingvöllum. Bústaðurinn þarfnast standsetningar. Eftirsótt staðsetning alveg við vatnið. Nánari uppl. veitir Kjartan Hallgeirsson. 5234

## Brimdalur 7 - Njarðvík




Um er að ræða einbýlishús sem er fullbúið að utan en tæplega tilbúið til innréttinga að innan, lóð er grófjöfnuð en ófrágengin. Skv. teikningu er gert ráð fyrir á neðri hæð anddyri, snyrtingu, stofu, setustofu, borðstofu og eldhúsi. Innangengt er í tvöfaldann bílskúr og gert er ráð fyrir geymslu innaf honum. Á efri hæðinni eru fjögur svefnherbergi, baðherbergi og þvottahús. V. 29,9 m. 5197

**OPIÐ HÚS Í DAG FRÁ KL 16:00 -17:00**

## Sundlaugavegur - 4 íbúðir



Um er að ræða fjögurra íbúða 330,8 fm hús ásamt sérstæðum 49,0 fm tvöföldum bílskúr, samtals 379,8 fm. Húsið er reisulegt hús byggt árið 1935 sem einbýlishús og stendur á stórri lóð sem er 1.971,0 fm steinsnar frá Laugardalslaug. Lóðin er gróin og með háum trjám. Bílskúr var byggður á lóðinni árið 1984 og í kjölfarið hefur húsið verið endurnýjað að miklu leiti, m.a. þak og gluggar. V. 79,0 m. 5148

## Klapparhlíð 1 - 50 ára og eldri



Mjög falleg 90,9 fm 2ja herbergja íbúð á 3. hæð í 4ra hæða fjölbýli fyrir 50 ára og eldri í Mosfellsbæ. Klapparhlíð 1 er glæsilega hannað 4ra hæða fjölbýlishús með lyftu. 20 íbúðir eru í húsinu. Sér inngangur er í hverja íbúð af svalagangi með glerskermun. V. 24,5 m. 5232

## Bugðulækur - eign í sérflokki



Mjög falleg 5 herbergja 119 m2 íbúð á efstu hæð í góðu fjölbýlishúsi. Íbúðin er mikið endurnýjuð m.a. öll gólfefni, eldhúsinnréttingar og tæki, baðherbergi, raflagnir og tafla, neysluvatnslagnir ofl. V. 32,9 m. 5230

## Hlíðarvegur 46 - Kópavogi




Um er að ræða einbýlishús á góðum stað í Suðurhlíðum Kópavogs. Húsið þarfnast mikilla endurbóta. Stór lóð. Í húsinu eru 5 svefnherbergi í aðalíbúðinni ásamt stofu, eldhúsi og tveimur baðherbergjum. Aukaíbúð í kjallara er með sérinngangi og skiptist í eldhús, baðherbergi og svefnherbergi. V. 29,9 m. 5180

**OPIÐ HÚS Í DAG FRÁ KL 16:00 - 17:00.**

## Hraunbær - fyrir eldri borgara



Glæsileg 85 fm 3ja herbergja íbúð í eftirsóttu húsi á jarðhæð fyrir eldri borgara. Félagsmiðstöð Reykjavíkurborgar er sambyggð húsinu þar sem ýmisleg þjónusta s.s. matur er í boði. Hárgreiðslustofa, fótsnyrting, föndur og fleira. Eignin er laus strax. Aðgengi er mjög gott. V. 22,9 m. 4071

## Strikið - fyrir 60 ára og eldri



Glæsileg og rúmgóð 3ja herbergja íbúð 119,0 fm íbúð á 4. hæð ásamt stæði í bílageymslu í nýju lyftuhúsi fyrir 60 ára og eldri í Sjálandshverfinu í Garðabæ. Eikarparket er á gólfum. V. 29,9 m. 5193

## Einbýli



**Einbýlishús í Þingholtunum**
Vorum að fá til sölu eitt af þessum eftirsóttu funkis einbýlishúsum. Húsið stendur á góðum stað við Sjafnargötu og er um 384 fm. Bílskúr. Stór lóð til suðurs. Húsið er teiknað af Þorláki Ófeigssyni fyrir hinn kunna stjórnmála- og athafnamann, Héðin Valdimarsson og byggt árið 1930. V. 89,0 m. 5218



**Ingólfsstræti heil húseign - 3 íb. og atvinnuhúsn. - skipti möguleg.**
Vorum að fá í sölu frábærlega vel staðsetta húseign sem er kj. og þrjár hæðir ásamt atvinnurými á 1.hæð. Í húsnæðinu hefur verið rekið gistiheimili og verslun og hægt að nýta það þannig áfram eða skipta í íbúðir. Mikið endurnýjuð eign miðsvæðis í bænum. Áhv. 50 millj. V. 110,0 m. 5220



**Háholt - einbýli - glæsil. útsýni - gott verð**
Fallegt vel skipulagt ca 300 fm einbýli á einstökum útsýnisstað við Háholt í Garðabæ. Innsta hús í lokuðum botnlanga við óbyggt svæði bæði fyrir ofan og við hlið hússins. Stór tvöfaldur bílskúr með góðum innkeyrsluhurðum. Arinn. Stór timburverönd til suðurs. V. 59,9 m. 5195

## Raðhús



**Ásgarður - endurnýjað raðhús**
Fallegt og mikið endurnýjað raðhús sem skiptist í kjallara, hæð og efri hæð. 1.hæð: Forstofa, gangur, eldhús, borðstofa og stofa. 2.hæð: 3 herbergi og bað. Kjallari: sjónvarpsherbergi og þvottahús. Afgirt timburverönd og garður eru til suðurs. V. 28,5 m. 5206



**Funafold - vel staðsett**
Mjög vel staðsett, samtals 227 fm endaraðhús með tvöföldum bílskúr. Húsið er á þremur pöllum. Hátt er til lofts í stofum. vönduð og góð eign á vinsælum stað í Grafarvoginum. V. 44,8 m. 5202

## Hæðir



**Skeggjagata - hæð**
3ja herb. neðri hæð sem skiptist í hol, tvö svefnherbergi, stofu, nýlega standsettu baðherbergi og eldhús sem einnig er nýlega standsett. Góð eign. V. 17,9 m. 5228



**Vatnsholt 10 - Efri sérhæð**
Glæsileg 230 fm efri sérhæð með innbyggðum bílskúr í tvíbýlishúsi sem stendur á friðsælum stað innst í botnlanga. Aðkoman að húsinu er mjög góð. Hæðin skiptist þannig: 2 rúmg. stofur með fallegum arin, sjónvarpsherbergi, stór skrifstofa með setustofu. Fjögur svefnherbergi (skv teikningu), ný innréttað eldhús, baðherbergi, snyrting, þvottahús, geymsla, hol og forstofa. Stórar 21,2 fm svalir sem snúa í suðvestur. Fallegur og ræktaður garður. Hitalögn í bílaplani. Eign í sérflokki. Nánari uppl. veitir Kjartan Hallgeirsson í síma 824-9093. V. 55,0 m. 4053

## 4ra - 6 herbergja



**Eskihlíð - vel skipulögð**
Vel skipulögð 112,6 fm 4ra- 5 herbergja íbúð á 3.hæð í góðu fjölbýli steinsnar frá miðborginni. Íbúðin þarfnast lagfæringa m.a. gólfefni, innréttingar og fl. Endurnýjað baðherbergi. 2 stofur og 2-3 svefnherbergi. V. 18,9 m. 5231



**Geitland - mikið endurnýjuð**
Falleg og björt mikið endurnýjuð 3-4ra herbergja íbúð á 2.hæð í snyrtilegu fjölbýli. Íbúðin skiptist í hol, tvö herbergi (þrjú skv. teikn), stofu, eldhús, þvottahús, búr og baðherbergi. Í kjallara er sérgeymsla ásamt hjólageymslu. V. 23,9 m. 5181

## 3ja herbergja



**Bárugrandi - m.bílskýli**
Falleg og vel skipulögð 3ja herb. íb. á 2.hæð í vönduðu litlu fjölbýli í Vesturbæ Reykjavíkur ásamt stæði í bílskýli. Endurnýjaðar innihurðir og parket. Góðar svalir. Mjög góð sameign. Rúmgóð stofa. Fallegar innréttingar. V. 23,9 m. 5219



**Álfkonuhvarf - lyftublokk með bílskýli.**
Góð 99,4 fm 3ja herbergja íbúð á þriðju hæð í lyftuhúsi með sérinngangi af svölum. Stæði í bílakjallara fylgir sem er innangengt í úr húsinu. V. 23,9 m. 5198



**Glæsiíbúð við Berjavelli**
STÓRGLÆSILEGA HÖNNUÐ ÍBÚÐ: Glæsileg hönnun þar sem ekkert hefur verið til sparað. Mikið af innfelldri fjarstýrði lýsingu ásamt sérlega vönduðum innréttingum gera þessa íbúð einstaka. Íbúðin er endaíbúð á 4. hæð er 3ja herbergja og er hún 112,5 fm að stærð með sérinngangi af svölum og fylgir henni tvö samliggjandi stæði í bílageymslu. Húsið er lyftuhús. V. 24,5 m. 5212



**Suðurbraut - Hafnarfirði**
Falleg og vel skipulögð 3ja herbergja íbúð á efstu hæð í litlu fjölbýli með glæsilegu útsýni yfir höfnina. Húsið er klætt að utan og er því nánast viðhaldsfrítt. Glæsileg íbúð á þessum vinsæla stað í Hafnarfirði. Stutt í verslun, sund og aðra þjónustu. V. 20,0 m. 5182



**Kelduland - mikið endurnýjuð.**
Mjög góð mikið endurnýjuð 3ja herbergja íbúð á 3.hæð í fallegu viðgerðu húsi við Kelduland í Fossvoginum. Nýl. eldhús, baðherbergi og fl. Glæsilegt útsýni. Í dag eru í íbúðinni 1 stórt herbergi og tvær stofur. V. 21,5 m. 5171



**Álfkonuhvarf - glæsileg íbúð**
LÍTIL ÚTBORGUN - Glæsileg og fullbúin 3ja herbergja íbúð á 3. hæð í vönduðu lyftuhúsi ásamt sérgeymslu á jarðhæð og stæði í bílageymslu. Íbúðin skiptist í forstofu, þvottahús, tvö rúmgóð svefnherbergi, baðherbergi, stóra stofu og eldhús. Áhvílandi ca 20,7 millj. með 4,15% vöxtum. V. 22,5 m. 5143

## 2ja herbergja



**Klapparhlíð - Góð íbúð með útsýni**
Góð 66,7 fm 2ja herbergja íbúð með sérinngang af svölum á 2. hæð. Íbúðin er mjög vönduð með fallegum innréttingum og útsýni. Þvottaherbergi er inn af baðherbergi. V. 18,0 m. 5242



**Skógargerði - með sér inngangi**
Góð 56,6 fm 2ja herbergja íbúð í kjallara í tvíbýli við Skógargerði í Reykjavík. Um er að ræða fallegt hús með góðum garði við rólega götu. Sér inngangur er í íbúðina. V. 14,5 m. 5221



**Háteigsvegur - nýleg íbúð**
Vönduð endurnýjuð 2ja herb. íbúð á jarðhæð í nýlega endurnýjuðu húsi á frábærum stað við Háteigsveginn. Nýlegar innréttingar, gólfefni, fataskápar, flísar og fl. Sameiginlegur inngangur með einni íbúð. Laus strax. V. 16,5 m. 5215



**Kaplaskjólsvegur - við KR völlinn.**
Vönduð talsvert endurnýjuð og vel skipulögð 2ja herbergja íbúð á 3.hæð í KR blokkinni við Kaplaskjólsveg. Hús að sjá í mjög góðu standi. Nýl. parket, endurnýjað vandað baðherbergi, góðar svalir. Mjög góð sameign m. gufubaði. Þvottahús á hæðinni. Sérgeymsla. Áhvílandi íb.l.sj. ca 15,5 millj. V. 17,5 m. 5209



**Hesthús við borgarmörkin**
Stórt og gott 177,7 fm hesthús. Húsið skiptist í hlöðu með stórum dyrum, anddyri, geymslu undir reyðtygi, spónageymslu, bása fyrir 24-26 hross, kaffistofu, eldhús, salerni, búningsherbergi og skrifstofu. Stórt hestagerði. Húsið er staðsett við Hólmsheiði (tryppadalur - b-gata nr. 18). Verið er að leggja hitaveitu á svæðinu. Í húsinu er kalt vatn og rafmagn. Húsið lítur vel út og er m.a. ný málað að innan að hluta til. V. 21,5 m. 5214

## Til leigu



**Einimelur til leigu.**
Stórt glæsilegt einbýlishús í vesturbæ Reykjavíkur. Lítil auka íbúð er á jarðhæð. Húsið er laust frá áramótum. Upplýsingar gefur Hilmar Þór Hafsteinsson löggiltur leigumiðlari hjá Eignamiðlun. 4875



**Askalind - lítið bil til leigu.**
Til leigu gott 65 fm bil með stórri innkeyrsluhurð og sérinngang. Góð lofthæð er í bilinu og skiptist það í stórt opið rými með snyrtingu og skrifstofu í endann. Askalindin er staðsett í Kópavoginum nálægt Smáralindinni. Leiguverð er kr. 100.00,- á mánuði. 5184

## Atvinnuhúsnæði



**Bæjarhraun - 450 fm - laust.**
Gott 446,5 fm lager og iðnaðarrými þar af er 97,7 fm milliloft á góðum stað við Bæjarhraun í Hafnarfirði. Mjög gott bílaplan fyrir framan húsnæðið. Skiptist í þrjár skrifstofur, eldhús, baðherb., stóran lager eða vinnslusal og milliloft yfir hluta. Gott verð. V. 41,5 m. 5217



**Héðinsgata - skrifstofubygging**
Skrifstofubygging (allt húsið) á þremur hæðum samtals u.þ.b. 1.000 fm á þremur hæðum. Mjög góð staðsetning og mikið útsýni. Aðkoma góð og næg bílastæði. Húsið er til sölu eða leigu. Eignin verður laus 15.desember n.k. V. 130,0 m. 5199

# HRAUNHAMAR
FASTEIGNASALA / LEIGUMIÐLUN

Bæjarhrauni 10 - Hafnarfirði - Sími 520 7500 - www.hraunhamar.is

## Krosseyrarvegur - Hf- Einbýli



Vesturbær Hfj. Sérlega fallegt tvílyft einbýli samtals ca 160 fm. 4 svefnherb., stofa. eldhús ofl. Glæsilegur garður og pallar. Útsýni út á fjörðinn. Hús í góðu standi. Frábær staðsetning. Verð: 38,5 millj - Skipti möguleg.

## Háholt - Einbýli - Gbæ



Í einkasölu glæsilegt tvílyft einbýli m/innb tvöföldum bílskúr samtals ca 310 fm. Húsið stendur á glæsilegri hornlóð og er stórglæsilegt útsýni yfir Flóann ofl. Í húsinu er góð 2ja herb. íbúð ef vill. Verönd m/heitum potti. Hellulagt bílaplan ofl. Verðtilboð. Myndir á mbl.is. Nánari uppl veitir Helgi Jón sölustjóri í síma 893-2233. Verð: 92 millj.

## Háhæð - Gbæ - Glæsilegt einbýli



Í einkasölu á þessum frábæra stað, stórglæsilegt einbýlishús með innbyggðum bílskúr, samtals 271 fm. Eign í algjörum sérflokki, glæsileg hönnun, frábær staðsetning. Verð: Tilboð.

## Bæjarhraun - Hf - Atvinnuh.



Nýkomið sérl. gott atvh. ca 450 fm við Bæjarhraun 10 (bakhús). Ágæt lofthæð og innk.dyr. Góð aðkoma m.a. fyrir gáma ef vill. Malbikuð lóð, laust strax. Húsið er í eigu banka, góð kjör og afar hagstætt verð. Verð 41,5 millj. Laust strax. Uppl. gefur Helgi Jón s. 893-2233

Magnús Emilsson, löggiltur fasteignasali



# FASTEIGNASALAN GIMLI GIMLI

Grensásvegi 13

Árni Stefánsson, viðskiptafræðingur og löggiltur fasteignasali.

570 4800









**OPIÐ HÚS HLÍÐARVEGUR 46 FRÁ KL 17:00 - 18:00 Í DAG MÁNUDAG**
186 fm enbýlishús sem er kjallari, hæð og rishæð (auk geymslulofts) á góðum stað í suðurhlíðum Kópavogs. Í kjallara er útb. sér íbúð. Á miðhæð er: Eldhús, baðherbergi og tvær stofur. Efri hæð. Hol, baðherbergi og fjögur svefnherbergi. Hús þarfnast standsetningar. **Verð 28,9 millj.**

**OPIÐ HÚS MARKHOLT 20 MOSFELLSBÆ FRÁ KL 18:00-19:00. EINBÝLI Á EINNI HÆÐ**
Gott og mikið endurnýjað 109 fm einbýlishús á einni hæð í Mosfellsbæ. Þrjú svefnherbergi og rúmgóð og björt stofa. Nýl. eldhúsinnrétting. Nýjir gluggar og gler. Húsið er einangrað og klætt að utan. Stór lóð sem gefur mikla möguleika. **Verð 33 millj.**

**LAUFENGI - ENDARAÐHÚS**
Fallegt 120 fm endaraðhús á tveimur hæðum með innb. bílskúr. Fjögur svefnherbergi og björt stofa. Útgengt á timburverönd úr stofu og þaðan í garð. Fallegar innréttingar. Parket og flísar á gólfum, teppi á stiga. **Verð 29 millj.**







**STARARIMI - EFRI SÉRHÆÐ**
Falleg 173 fm efri sérhæð með innb. 32 fm bílskúr á glæsilegum útsýnisstað í Grafarvoginum. Stórar og bjartar stofur. Stór svefnherbergi. Glæsilegar vandaðar innréttingar. Parket og flísar á gólfum. Innangengt í bílskúr. Fallegur garður með stórum sólpalli. **Verð 39,8 millj.**

**LJÓSALIND MEÐ SÉR VERÖND**
Falleg 58 fm 2ja herb. íbúð á 1. hæð í fallegu fjölbýli auk sér suðvestur timbur verandar. Stór og björt stofa og rúmgott herbergi með skáp. Parket og flísar á gólfum. Góð staðsetning innst í lokaðri götu. **Áhv. 14,8 millj. Íbúðarlánsj. Verð 15,8 millj.**

**HÁTEIGSVEGUR - NÝL. ÍBÚÐ**
Falleg og rúmgóð 78 fm 2ja herb.íbúð á 1. hæð í nýl. uppgerðu fjölbýli. Saml. inng. með einni íbúð. Falleg innrétting í eldhúsi, stáltæki. Baðherbergi flísalagt í hólf og gólf. Þvottaherbergi innan íbúðar. Rúmgóð stofa. Eignin er laus nú þegar. **Verð 16,5 millj.**

Traust þjónusta í yfir 30 ár



# Kaupleiguíbúðir í Reykjanesbæ

Nýjar íbúðir til leigu, án vísitölu.

Leigan gengur beint upp í kaupin að leigutíma liðnum.

Íbúðinar eru fullbúnar með gluggatjöldum og öllum heimilistækjum, þ.m.t. þvottavél og þurkara.

Kynnum líka nýtt sölufyrirkomulag við kaup í beinni sölu.

www.es.is

Smelltu hér

Nesbyggð

www.nesbyggd.is



Eignamiðlun Suðurnesja, Hafnargötu 91, Reykjanesbæ, Sími 420-4050 – 894-2252



# EIGNAMIÐLUN Reykjavík



Sverrir Kristinsson lögg. fasteignasali

Frá 1957
Elsta starfandi fasteignasala landsins

Sími: 588 9090 • Síðumúla 21 • 108 Reykjavík • www.eignamidlun.is

## Höfuðstöðvar MP Banka eru til sölu











Vorum að fá í einkasölu Höfuðstöðvar MP Banka í Skipholti 50d. Húsnæðið er samtals 675,5 fm og er einkar vel innréttað og skiptist þannig: **2. hæð s**em er 476,5 fm skiptist í móttöku, 11 skrifstofur og fundarherbergi sem hægt er að fjölga um a.m.k 4, eldhús, kaffistofu, 4 snyrtingar og geymslur. **1. hæð** sem er 108,1 fm skiptist í stóran opinn sal, snyrtingu og geymslu. Möguleiki er á að nýta þetta rými sem verslun, sýningarsal, gallerý eða þ.h. **3. hæð** sem er 90,9 fm skiptist í móttöku, eldhúskrók, 3 skrifstofur og geymslu. Lyfta. Góð bílastæði og gott aðgengi er að húsinu. **Verð 149,0 m.**

**Allar nánari upplýsinga gefa Magnús Geir Pálsson eða Sverrir Kristinsson hjá Eignamiðlun í síma 588-9090. MP Banki veitir ekki upplýsingar um eignina.**

Stakfell | Grunnur að góðu lífi

Fasteignasala • Íbúðarhúsnæði • Skúlatún 2 • 105 Rvk

:: 535_1000

Þorlákur Ó. Einarsson lögg. fasteignasali

Þórhildur Sandholt lögfr. og lögg. fast.sali

stakfell.is

Fax 535 1009




**Barmahlíð - 4-5 herb.**
106,3 fm íbúð á efri hæð. Bað endurnýjað með tengi fyrir þv+þu, Geymsla í kjallara og stórt risloft yfir íbúðinni. Gróinn garður. Húsið endurnýjað að utan.



**Gullakur - Einbýli í smíðum**
366,4 fm hús í byggingu, af því er bílskúr 65,4 fm. Uppsteypt. Afhendist í núverandi ástandi, fokheldisvottorð ekki komið. Á neðri hæð er hægt að innrétta litla íbúð.



**Kirkjuvegur - Nýtt einbýlishús**
Nýtt 202 fm mjög vandað hús við miðbæ Hafnarfjarðar. Innb. bílskúr. Húsið er tilbúið til innréttingar. Hiti í gólfum. Verð 45 millj.



**Lofnarbrunnur - 245,3 fm Parhús**
245,3 fermetra staðsteypt hús með aukaíbúð. Eignin er í dag uppsteypt án glugga. Húsnæðið afhendist í því ástandi sem



**Austurtún - Álftanesi - parhús**
Húsið er 204,6 fm á tveimur hæðum með hitalögnum í gólfi, rafmagnstafla komin, afhendist tilbúið og einangrað að utan en fokhelt að innan. Lóðin grófjöfnuð.



**Jórsalir - Einbýlishús með aukaíbúð.**
285 fm hús að mestu á einni hæð með turn og innb. bílskúr, mikil lofthæð. 4 svefnh, eldhús með borðkrók. Gróinn afgirtur garður með timburverönd og heitum potti.



**Ólafsgeisli - Einbýlishús**
232,6 fm einbýlishús á tveimur hæðum þar af 49 fm innb. bílskúr. Húsið skiptist í stóra stofu, 4 svefnh. og 2 baðh., eldhús. Innangengt í tvöfaldan bílskúrinn úr þvottah.



**Skeggjagata - hús með 2. íbúðum**
300 m2 hús á þessum gróna vinsæla stað í Reykjavík. Húsið skiptist í tvær 98 fm þriggja herbergja íbúðir. Auk 4. herb.til útleigu. Bílskúr.



**Fjarðarás - Einbýlishús**
265 fm tvílyft hús með innbyggðum bílskúr. Húsið er á veðursælum stað og með grónum garði. Sér íbúð á neðri hæð. Verð 63 millj.



**Bakkasel - Raðhús**
264 fm tvílyft raðhús með kjallara í Seljahverfinu. 19,5 fm. bílskúr innif. fm. fj. Skjólsæll og fallegur garður. Hitalagnir að húsi. Lækkað verð.

**Óskum eftir einbýlishúsi í litla Skerjafirði.**

**Leitum að 4ra herb. nýlegri íbúð á jarðhæð með sér inngangi.**

**Leitum að vönduðu einbýlishúsi allt að 200 millj**

**Leitum að einbýlishúsi í 101.**



**Breiðahvarf - Einbýlishús**
447,8 fm einbýli í nánd við Elliðavatn. Húsið er fokhelt að innan með einangruðum útveggjum. Að utan tilbúið til undir pússningu. Húsið selst í núverandi ástand.



**Ásbúð - parhús**
263,1 fm parhús, þar af 46,2 fm bílskúr. 6 svefn. Eldhús er nýuppgert. Fallegur garður með ca 80 fm sólpalli með skjólveggjum. Bílastæði fyrir 4 bíla er nýlega hellulagt.



**Hvassaleiti - Parhús**
Glæsilegt 336,2 fermetra parhús með rúmgóðri aukaíbúð. 4 svefnh. bað og þvottah. á 2 hæð. Húsið er nýmálað og gegnumtekið að utan. 3ja h. íbúð á jarðhæð nýlega endurnýjuð. Gróinn garður.



**Rauðamýri - Raðhús**
Fullklárað, vel skipulagt og vandað 202,1 fm. raðhús á tveimur hæðum. Frábært útsýni. stutt á leiksvæði og þarf ekki að ganga yfir götu til að fara í skóla. Hiti í stétt og bílastæði.



**Drápuhlíð - yfirtaka lána-**
Hæð og ris með sérinngangi og bílskúr alls 196 fm. Töluvert endurnýjuð eign. Góðar leigutekjur.



**Fossagata - Hæð**
4ra herbergja hæð sem er 72,7 fm auk 23 fm kjallara. Á lóðinn er bakhús alls ca 30 fm. sem gefur góðar leigutekjur. Verð 28,9 millj.



**Dunhagi - 5 herb. nálægt H.Í.**
127 fm íbúð í Vesturbænum. Góð stofa og sér borðstofa. Búið að endurnýja bað. Eldhús með hvítri fulningainnr. og nýlegum tækjum.



**Álftamýri - 3ja herb**
105,5 fm íbúð á 2 hæð auk 23,2 fm bílskúrs. 3. svefnherbergi og rúmgóð geymsla í kjallara. Íbúðin er með upprunalegum innréttingum.



**Barmahlíð - 3ja herb**
67 fm íbúð á jarðhæð með sér inngangi. Sameiginlegur sólpalliur í garðinum. Eignin hefur verið endurnýjuð að hluta.



**Álfaskeið - 3ja herb**
84 fm snyrtileg íbúð á jarðhæð. Þvottaherbergi á hæðinni. Sér hlutur í garði og sér bílastæði á lóð.



**Stigahlíð - 3ja herb**
84 fm íbúð stutt frá H.R. og Kringlunni. Ný gólfefni, nýtt rafmagn, eldhúsinnr nýlökkuð, nýjar flísar.



**Hrafnhólar - 2ja herb**
61,8 fm íbúð á 8 hæð með gríðarlegu útsýni. Göngufæri í skóla og alla almenna þjónustu. Húsið er klætt að utan og sameign öll til fyrirmyndar. Svalir yfirbyggðar.



**Daggarvellir - 2ja herb.**
72 fm. íbúð á jarðhæð með góðum afgirtum sólpalli. Íbúðin er parketlögð nema á baði og þvottah. Stutt gönguleið í leik og grunnskóla.



**Fagrabrekka - 2ja herb**
46,5 fm íbúð á rólegum stað í Kópavogi. Íbúðin skiptist í forstofu, eldhús, stofu, svefnh. og bað m/tengi fyrir þvottavél . Köld útigeymsla.

**Stóreign**

Fremri í atvinnufasteignum | S: 590 7600



## Kársnesbraut 112 - iðnaðarhúsæði

Um er að ræða húsnæði á tveimur hæðum, alls 739,2 fm. Húsnæðið hefur verið nýtt til matvælaframleiðslu og hentar vel undir slíka starfsemi. Eignin er laus við kaupsamning.



## Smiðjuvegur - iðnaðarbil

106 fm iðnaðarbil með innkeyrsluhurð og ágætis lofthæð ( 2,60 ) Eignin skiptist í fremra rými með máluðu gólfi þar fyrir innan er nett kaffistofa, skrifstofa og salerni. Næg bílastæði eru að framan. Leigusamningur getur fylgt eigninni.

Fasteignasala • Atvinnuhúsnæði •Skúlatún 2 • 105 Rvk

# HEILSA

## Heilsuvörur

Mér finnst Herbalife vera best. Ótrúlegur árangur, Hjálpumst að. Sólrún Ósk s: 891 9883 www.heilsufrettir.is/solosk.

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Árangur með Herbalife í 29 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

**ÓKEYPIS RÁÐGJÖF Í ÞYNGDARSTJÓRNUN!**
Hringdu núna, Drífa 695 8464, Pétur 772 1035 Katrín 699 6617.

HERBALIFE. Reynsla í heilsuráðgjöf og þyngdarstjórnun. Einstaklingar og hópar. www.rkb.heilsuskyrsla.is. Rannveig iðjuþjálfi/einkaþj. s. 8625920

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osaismennt.is

## Nudd

**Heilnudd**
Kemur blóðflæðinu af stað og er slakandi fyrir líkama og sál
www.hairandbodyart.net
Sími 551 2042 / 694 1275



**TANTRA MASSAGE**
An exclusive gift for men, women and couples. Tel. 698 8301 www.tantra-temple.com

Jólagjöf nuddarans og heilarans. Ódýrir og vandaðir ferðnuddbekkir og óléttubekkir. S: 891 6447 Óli.

**J. B. HEILSULIND**
**Dekurdagar?**
Heilnudd, heitur pottur, skrúbb, snyrting, veitingar ofl. Slökun, heilun, svæða, Ayur Veda, heitsteina, jurta, sogskála og hunangsnudd. Næringar, heilsu og hreyfingarráðgjöf. Einkaþjálfun. ATH. EKKERT sex nudd, NO erotic massage. Opið frá 12-18 mán-lau. Pantarnir í S. 445 5000. Velkomin.

## Þjónusta

**Er andlega orkan á þrotum?**
Miðlun og heilun vinnur á sorg, kvíða, verkjum og streitu. Tímapantanir Guðrún 695 5480.

# HEIMILIÐ

## Húsgagnaviðgerðir

Leysum málningu og bæs af gömlum húsgögnum, hurðum ofl S. 897 5484/897 3327.

## Barnavörur

Óska eftir amerísku barnarimlarúmi. Uppl. sendist á: kristmundurhgmail.com

## Dýrahald

Dýragarðurinn

**Gefðu fiska í jólagjöf**
Ný fiskasending, gott úrval af ferskvatnsfiskum og plöntum. Dýragarðurinn Síðumúla 10 S:517 6525 www.dyragardurinn.is

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Námskeið

**www.namskeid.is**
ÖLL NÁMSKEIÐ Á EINUM STAÐ.

## Ökukennsla

Kenni á Ford Focus tdci disel '07 Uppl. í s. 892 9490 & 557 9387, Guðný I. Einarsdóttir.

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

**www.aksturinn.is S. 694 9515**
Öku og bifhjólakennsla. Tek einnig að mér akstursmat. Uppl. í s. 694 9515 Haukur Vigfússon.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**www.leiguherbergi.is**
**1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj aðganur að internet, baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**
**Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj Internet, bath, kitch, washing room incl.**
**Uppl/info í S. 824 4535.**
**www.leiguherbergi.is**

STAY APARTMENTS

**STAY APARTMENTS - VIKULEIGA**
Vikuleiga á vönduðum stúdíó íbúðum og stærri íbúðum í 105 Rvk. Studio íbúðir frá 25.000 kr. 2ja-3ja. herb. frá 35.000 kr. www.stay.is s: 517 4050.

**Gleðilegt jólahald í íbúðum Leiguliða.**
**Getum afhent glæsilegar íbúðir fyrir jól, fast leiguverð á 12 mánaða samningum sem gerðir eru fyrir 30 des'09. Gæludýr velkominn, leiguverð frá kr 65.000. Laust á Selfossi, Jörfagrund, Hafnarfirði og á Akranesi. Upplýsingar í s. 517-3440 eða www.leigulidar.is**

LMH.IS Leigumiðlun Hafnarfjarðar 517-0150
Vantar eignir á skrá í Hafnarfirði, Kópavogi og nágrenni, www.lmh.issími 517-0150.

Rúmott herbergi í 101 til leigu. Nálægt HÍ. Sími. 863 6687

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

**City center - miðbær**
Room all incl. no internet. Herb. með öllu. Uppl. í s. 860 0360.

2 herb íbúð til leigu Rvk 111 Laus frá 1.Jan Leiga: 90.000 Sími: 6992030

3 Herb íbúð til leigu í Hólum, ca 85 fm, góð geymsla, lítið fjölbýli. Uppl í 8251505

Studio apt for rent in Hafnarfjörður and rooms in Reykjavík. Tel 893 6060

Herbergi til leigu, frá 25 þús. til 50 þús. S. 895 2138.

## Húsnæði óskast

Einstæður faðir óskar eftir íbúð í 112, 113 eða 270. Lágmark 60 fm. Get borgað 6 mán. fyrirfram. S. 699 3200.

Enn eitt fórnalamb kreppunnar óskar eftir húsnæði. Er með hund. S. 697 3832.

## Atvinnuhúsnæði

Er með falleg herbergi til leigu í miðstöð sem býður upp á nudd og heildrænar aðferðir. Sími: 892-4506 Guðfinna

Til leigu gott iðnaðarhúsnæði í Höfðahverfi. Hagstætt leiguverð. Sími 861-8011.

## Geymsluhúsnæði

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Góð verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað.S: 564-6500

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**Geymslupláss**
Upphitað á höfuðborgarsvæðinu. Pláss til 1. maí fyrir hjólhýsi, fellihýsi, tjaldvagna eða annað. Verð 4.000kr. á m2. Uppl. í s. 862 4685 / 893 9777.

## Gisting

stracta CONSTRUCTION AND DEVELOPMENT

**GISTING Í KAUPMANNAHÖFN GÓÐ STAÐSETNING GOTT VERÐ!**
Fullbúnar lúxus íbúðir í göngufæri frá miðbænum. Góður kostur fyrir fyrirtæki og einstaklinga. Verð 950 dkr. nóttin fyrir 3ja herb. íbúð. Nánari uppl. í s. 891-8612, +45 27111038, www.stracta.com eða annaliljastracta.com

# ATVINNA

## Atvinna í boði

Pizzeria Rizzo

**Leitum eftir rösku starfsfólki**
**Óska eftir starfsfólki til afgreiðslustarfa í fullt starf og hlutastarf. Vantar einnig í útkeyrslustörf**
**Umsóknir sendist á rizzo@rizzo.is**

GRÆNI RISINN HEILSUSETUR

**Líflegur, framandi, spennandi, ögrandi,**
**Óska eftir starfsfólki til afgreiðslu og þjónustustarfa**
**Umsóknir sendist á graenirisinn@graenirisinn.is**

**STÖRF.IS**
Leitaðu á meðal rúmlega 400 atvinnuauglýsinga. Leitin hefst hjá okkur.

Gólfþjónusta Íslands leitar eftir starfsmanni í bónvinnu og viðhald við gólfdúka. Helst maður með reynslu og ekki undir 30 ára. Vinnutími um kvöld og helgar, hentar háskólanema. Aðeins ábyrgur og sjálfstæður einstaklingur kemur til greina. Uppl. í s. 863 2291 Andrés.

## Tilkynningar

FÉLAGS- OG TRYGGINGAMÁLARÁÐUNEYTIÐ

FRAMKVÆMDASJÓÐUR ALDRAÐRA

### Umsóknir um framlög árið 2010

Auglýst er eftir umsóknum um framlög úr Framkvæmdasjóði aldraðra árið 2010.

Sjóðurinn starfar samkvæmt lögum um málefni aldraðra nr. 125/1999 og reglugerð nr. 1033/2004. Samstarfsnefnd um málefni aldraðra fer með stjórn sjóðsins og gerir tillögur til félags- og tryggingamálaráðherra um úthlutun úr honum.

Heimilt er að veita framlag úr Framkvæmdasjóði aldraðra til eftirtalinna verkefna:

a. Bygginga þjónustumiðstöðva aldraðra og dagvista.
b. Bygginga dvalarheimila og sambýla.
c. Bygginga hjúkrunarheimila eða hjúkrunarrýma á öldrunarstofnunum.
d. Breytinga og endurbóta á húsnæði stofnana sbr. a - c lið.
e. Annarra verkefna sem stuðla að uppbyggingu öldrunarþjónustu.

Við ákvörðun um úthlutun verður höfð hliðsjón af stefnu félags- og tryggingamálaráðherra í öldrunarmálum einkum varðandi fækkun fjölbýla á hjúkrunarheimilum. Skilyrði fyrir framlögum til byggingaframkvæmda, breytinga og endurbóta á húsnæði er að framkvæmdir taki mið af viðmiðum félags- og tryggingamálaráðuneytisins um skipulag hjúkrunarheimila.

Umsóknarfrestur er til 15. janúar 2010. Umsóknum skal skila til félags- og tryggingamálaráðuneytisins, Hafnarhúsinu v/Tryggvagötu, 150 Reykjavík, á eyðublöðum sem þar fást. Eyðublöðin má einnig nálgast á vefsíðu ráðuneytisins, www.felagsmalaraduneyti.is.

Samstarfsnefnd um málefni aldraðra

## Til sölu

**VEITINGASTAÐUR**
**í Reykjavík til sölu,**

vel tækjum búinn. Velta á bilinu 3.000.000 til 4.500.000 á mánuði. Fæst á 4.000.000 í peningum

**Allar nánari upplýsingar í síma 841-8208**

## Fundir / Mannfagnaður

**Jólafundur Handarinnar**
**verður haldinn miðvikudaginn 16. desember í Áskirkju, neðri sal.**

Fundurinn hefst klukkan 20.30. Birna Birgisdóttir, þroskaþjálfari og félagi í Höndinni, setur fundinn.

Nokkrir félagar úr kór Áskirkju syngja jólalög undir stjórn Magnúsar Ragnarssonar og Jón Júlíusson leikari les jólasögu.

Oddný Eir Ævarsdóttir les upp úr nýútkominni bók sinni, Heim til míns hjarta og Sólmundur Hólm Sólmundarson les upp úr viðtalsbók sinni um Gylfa Ægisson, Sjúddírarírei.

Sr. Sigurður Jónsson prestur í Áskirkju flytur jólahugvekju, en fundarstjóri er Vigdís Hauksdóttir alþingismaður.

**Kaffi og piparkökur og allir velkomnir.**

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

**SÍMAÞJÓNUSTUR**



**Stefnumót**
905 2000 (símatorg)
535 9920 (kreditkort)
535 9923 (frítt karlar)
555 4321 (frítt konur)
**Spjall**
904 5454 (símatorg, karlar)
535 9940 (kreditkort karlar)
555 4321 (frítt, konur)
**Gay spjall**
535 9988 (kreditkort)
**Sögur**
905 2002 (símatorg)
535 9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908 6000 (símatorg)
535 9999 (kreditkort)


Ertu með ábendingu er varðar dreifingu Fréttablaðsins ?
Við tökum vel á móti öllum ábendingum.

FRÉTTABLAÐIÐ



www.visir.is/posthusid – sími 585 8330




VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR: AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR

512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000






# Karlotta brennur yfir

**BAKÞANKAR**
**Þórhildar Elínar Elínardóttur**



Karlotta vinkona mín skrapp um daginn á námskeið í jólakonfektgerð. Þar hitti hún gamla skólasystur úr menntó og sú hafði einhvern tímann heyrt að Karlotta ætti orðið hvað – þrjú börn, ekki satt? Og búin að gifta sig, já, hvað heitir aftur maðurinn þinn? Augnablik leið og Karlotta opnaði munninn til að svara en ekkert svar kom. Í staðinn fyrir nafnið á manninum sem hún hefur búið með undanfarin tólf ár kom bara svona vandræðalegt uhuuu…m. Því nákvæmlega þessu smáatriði – nafninu á ástkærum eiginmanni og barnsföður – var alveg stolið úr höfðinu á henni. Og komst ekki þangað aftur fyrr en hún las það á póstkassanum heima. Æjá, Friðrik, alveg rétt.

**ÞESSI SANNA** saga styður þá skoðun að námskeið í jólakonfektgerð í desember geti valdið tímabundnum heilaskaða. Nú þegar allir tómstundaskólarnir og grunnskólarnir og frístundaheimilin hafa bitið í sig að þeir beri ábyrgð á samveru foreldra og barna í desember, eru pósthólfin daglega sneisafull af skeytum um föndurdaga, laufabrauðsgerð og aðventustundir, að ógleymdum öllum afraksturssýningunum. Ef við getum ekki tekið sumarfríið á aðventu til að vera með í öllum þessum gæðastundum, er um tvennt að velja: Skrópa í vinnunni eða lenda í ruslflokki foreldrahæfis. Námskeið að auki getur auðveldlega orðið kornið sem fyllir mælinn og hreinsar allt út af harða diskinum.

**HÚSFREYJUR F**yrri tíðar lögðu metnað sinn í stórfenglegar hreingerningar og sjúklegan smákökubakstur, það var engin alvöru húsmóðir nema vera eins og undin tuska af píslarvætti á aðfangadag. Við hlæjum bara að svoleiðis vitleysu nú þegar allt á að vera stórkostlega notalegt og áreynslulaust. Kveikt á kertum frá morgni til kvölds, allir geri piparkökuhús með börnunum, prjóni lopapeysur og föndri jólagjafir úr gömlum herðatrjám.

**ALLT HLJÓMAR** þetta mjög vel. Eini gallinn er að hverja vökustund utan vinnu erum við í skólanum að föndra með börnunum eða æðum á milli ballettsýninga og jólaleikrita sem eru undantekningarlaust á sama síðdeginu svo ekki sekúnda má fara úrskeiðis. Í stað þess að vera afslöppuð og yndisleg eins og við ætluðum svo sannarlega, þá skrensum við á milli staða á tveimur hjólum með æðasláttinn í enninu, allt til að þykjast vera svo áreynslulaus og afslöppuð. Vera þessir ævintýraforeldrar sem eru alltaf að syngja með börnunum, mála piparkökur og föndra jólasveina úr klósettrúllum.

## myndasögur

**Pondus** Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** Eftir Tony Lopes




**Barnalán** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




SEX SJÓNVÖRP
TIL JÓLA
GLÆSILEG JÓLATILBOÐ
Á HÁGÆÐA SJÓNVÖRPUM
LG
Verð: 399.995 kr. stgr.
JÓLATILBOÐ
349.995 kr.
AFSLÁTTUR
50.000
+ FRÍR SPILARI
LG 47“ Full HD 47LH4000
Glæsilegt 47" LCD sjónvarp með Full HD upplausn, TruMotion 100Hz, Intelligent Sensor 2 og USB 2.0.
LG BD 350 Blu Ray spilari
Fylgir með í kaupbæti. Mjög góður spilari frá LG.
PALLADINE
Verð: 149.995 kr. stgr.
JÓLATILBOÐ
129.995 kr.
AFSLÁTTUR
20.000
32" Palladine Full HD LCD EPT3251MT
Palladine EPT3251MT er glæsilegt Full HD LCD tæki með 1920x1080 punkta upplausn og íslensku valmyndarkerfi.
Panasonic
Verð: 219.995 kr. stgr.
JÓLATILBOÐ
179.995 kr.
AFSLÁTTUR
40.000
42" Panaconic HD Ready TX-P42C10E
Glæsilegt HD Ready Plasma sjónvarp frá Panasonic með 1024x768 upplausn, 100Hz Vreal 4 Engine tækni, meiri myndgæðum, SD minniskortalesara og 2 x HDMI.
PALLADINE
Verð: 209.995 kr. stgr.
JÓLATILBOÐ
199.995 kr.
AFSLÁTTUR
10.000
42" Palladine Full HD LCD EPT4251MT
Palladine EPT4251MT er glæsilegt Full HD LCD tæki með 1920x1080 punkta upplausn og íslensku valmyndarkerfi.
Panasonic
Verð: 299.995 kr. stgr.
JÓLATILBOÐ
249.995 kr.
AFSLÁTTUR
50.000
37“ Panasonic Full HD LCD TX-L37G10E
LCD sjónvarp frá Panasonic með frábærum myndgæðum. 1920x1080 punkta upplausn, 100Hz tækni og V-Real Pro 4 myndúrvinnsla.
Panasonic
Verð: 549.995 kr. stgr.
JÓLATILBOÐ
449.995 kr.
AFSLÁTTUR
100.000
50“ Panasonic Plasma Full HD TX-P50G10E
Eitt öflugasta tækið frá Panasonic með hvorki meira né minna en 600 riðum sem skila enn mýkri og betri mynd. Frábært tæki á frábæru verði.
Hátækni
Opið: Virka daga 9.30–18 | Laugardaginn 19. des 9.30–18 | Sunnudaginn 20. des 9.30–18
Verslun Ármúla 26 | Sími 522 3000 | www.hataekni.is
PIPAR\TBWA • SÍA • 92093

**! Ath. kl. 18 í Bókasafni Seltjarnarness.**

*Þá leikur hljómsveit Tónlistarskóla Seltjarnarness jólalög á Bókasafni Seltjarnarness. Stjórnandi sveitarinnar er Helga Þórarinsdóttir. Hljómsveitin kemur okkur í gott jólaskap. Te og tónlist eru stuttir tónleikar, hugsaðir þannig að fólk geti komið við á bókasafninu, hvílt sig og notið tónlistar á heimleiðinni. Te og tónlist er samstarfsverkefni bókasafnsins og Tónlistarskóla Seltjarnarness. Allir eru velkomnir.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Jólatónleikar í hádegi á morgun

Jólahádegistónleikar Óp-hópsins í Íslensku óperunni verða á morgun 15. desember kl. 12.15. Fram koma allir meðlimir hópsins, en sérstakur gestur á tónleikunum er Gissur Páll Gissurarson tenórsöngvari. Á efnisskrá eru jólalög úr ýmsum áttum. Tilgangur Op-hópsins var sá að veita menntuðum söngvurum tækifæri til að koma fram á sviði óperunnar með valin stök númer og hafa tónleikarnir til þessa verið ágætlega sóttir enda efnisvalið fjölbreytt.


**TÓNLIST** Gissur Páll Gissurarson tenór

Hópurinn sem flytur söngnúmer að þessu sinni er óvenju stór: Bylgja Dís Gunnarsdóttir, Erla Björg Káradóttir, Jón Svavar Jósefsson, Rósalind Gísladóttir, Rúnar Þór Guðmundsson, Erla Björg Káradóttir, Jóhanna Héðinsdóttir, Bylgja Dís Gunnarsdóttir og Hörn Hrafnsdóttir. Sótt er í smiðjur ýmissa tónskálda en efnið tengist allt hátíðinni: Reger, Mozart, Schubert, Bach, Gounaud, Sigfús Halldórsson, Franck, Adams og Webber. Og við þennan lista bætist enn: Gissur Páll Gissurarson tenór er sérstakur heiðursgestur en hann syngur Agnus dei eftir G. Bizet. Efnisskránni lýkur svo með því að allur hópurinn syngur Ó helga nótt eftir Adams. Antonía Havesi leikur undir.

Miðaverð er aðeins 1.000 kr. og taka tónleikarnir um 40 mínútur í flutningi. Gestir geta keypt samlokur, sælgæti og drykki í anddyri Íslensku óperunnar fyrir og eftir tónleikana þannig að þeir sem snúa til vinnu þegar að tónleikunum loknum geta sleppt hádegismat en gripið samloku þegar tónlistarhungrið hefur verið satt.

**> Ekki missa af**

beinni útsendingu frá Metropolitan þann 19. og 21. desember. Það er marglofuð sviðsetning á Ævintýrum Hoffmanns eftir Offenbach sem er þar flutt beint frá New York og valinn maður í hverju rúmi. Miðasala er á miði. is og er þetta einstakt tækifæri að sjá sígilt verk flutt af afburða listamönnum á heimsvísu.


JÓLADAGATAL NORRÆNA HÚSSINS ALLA DAGA KL: 12:34
Í GÆR VAR PASCAL PINON
HVER VERÐUR Í DAG?


# Jólasöngvar í Langholtinu

**Þrítugustu og aðrir Jólasöngvar Kórs Langholtskirkju verða dagana 18.-20. desember í Langholtskirkju. Kórinn í Langholtskirkju er brautryðjandi í flutningi jólaefnisskrár um þetta leyti árs og verða að þessu sinni fjórir tónleikar í Langholtinu.**


**TÓNLIST** Eivör kemur fram með kór Langholtskirkju á tónleikum undir lok vikunnar.

Fyrstu jólasöngvarnir fóru fram í Landakotskirkju 1978 og voru þá nýmæli hérlendis. Þessi siður hefur nú öðlast miklar vinsældir og ótölulegur fjöldi jólasöngva fer nú fram um allt land. Er þessi siður tekinn að eflast með æ stærri tónleikum og eru hljóðfæraleikarar önnum kafnir við að fylgja hinum ýmsu kórum og koma fram með þeim í kirkjum og samkomuhúsum um allt land. Hefur kirkjuhaldi og trúarlífi ekki í annan tíma verið sýndur jafn ríkulegur styrkur af fólki úr öllum stéttum sem áhuga hefur á körsöng og með í kaupunum fylgja einsöngvarar.

Einsöngvarar að þessu sinni eru Eivør Pálsdóttir og Ólöf Kolbrún Harðardóttir, nemandi og kennari, en Ólöf fékk Eivöru hingað til lands á sínum tíma til að þjálfa hana í söng. Einnig syngur Andri Björn Róbertsson, sem er félagi í Kór Langholtskirkju, og kórfélagar úr Gradualekór Langholtskirkju.

Jólasöngvarnir eru ávallt síðustu helgi fyrir jól og að þessu sinni deilast tónleikarnir á þrjá daga: föstudaginn 18. desember kl. 23.00, laugardaginn 19. desember kl. 20.00 og 23.00, og loks sunnudaginn 20. desember kl. 20.00.

Sterk hefð hefur myndast á efnisskránni. Kórarnir flytja jólalög hvor fyrir sig og einnig saman, bæði hátíðleg og með léttri sveiflu. Áheyrendur taka virkan þátt í almennum söng. Hljóðfæraleikararnir Hallfríður Ólafsdóttir og Arna Kristín Einarsdóttir leika á flautur, Monika Abendroth á hörpu og Tómas Guðni Eggertsson á orgel. Um létta djasssveiflu sjá Kjartan Valdemarsson á píanó, Gunnar Hrafnsson á bassa og Pétur Grétarsson á trommur.

Í hléi er boðið upp á rjúkandi jólasúkkulaði og piparkökur til að hressa menn við og auka á gildi þessarar árvissu samverustundar.

pbb@frettabladid.is


Það er kalt á toppnum!

GRAM

Gram kæli – og frystiskápar.

Gram býður upp á notagildi, frábæra endingu og sígilt útlit sem stenst tímans tönn. Fullkomin eldhústækjalína í hvítu, áli eða stáli.

Fönix býður nú kæli- og frystiskápa frá Gram í meira úrvali en áður af öllum stærðum og gerðum.




FÖNIX

Hátúni 6a ▪ 105 Reykjavík ▪ Sími 552 4420 ▪ www.fonix.is




HOLTAGÖRÐUM ○ GLÆSIBÆ ○ KRINGLUNNI ○ SMÁRALIND ○ SÍMI 545 1500

ÚTILÍF


Hvað á að gefa í jólagjöf?
Segðu það með jarðarberjum
Snotur askja sem inniheldur auk baðlilju eftirfarandi dekurvörur sem allar innihalda rakagefandi olíu unna úr jarðarberjakjörnum: Sturtusápu (250ml), hörundsskrúbbkrem (75ml), "body butter"-húðnæringu (50ml) og sápustykki (100g)
Askjan fæst ennfremur með sambærilegum vörutegundum úr eftirfarandi vörulínum: "Cocoa", "Coconut", "Mango", "Moringa", "Olive", "Satsuma", "Shea" og "Wild cherry"
3990 kr.
Handa kærastanum
Kassinn inniheldur "White musk for men"-herrailm (100ml) og sams konar hár- og sturtusápu (75ml)
4590 kr.
Lítil gjafakarfa
Gjafakarfan inniheldur eftirfarandi 3 vörutegundir með rakagefandi kókosolíu: Sturtusápu (60ml), húðnæringu (60ml) og varasalva (10ml)
2470 kr.
Góð gjöf – gott verð!
Askjan inniheldur auk baðlilju sturtusápu (60ml) og húðnæringu (60ml) með "White musk"-ilminum sívinsæla
Sams konar askja fæst með vörutegundum úr eftirfarandi vörulínum: "Aqua lily", "Coconut", "Neroli jasmin", "Moringa", "Shea", "Strawberry", "Vanilla" og "Wild cherry"
1490 kr.
Jóla- og áramótafarðinn
Úrval fjögurra augnskugga og einn kinnalitur auk svamppensils í fallegri öskju
3280 kr.
Colourglide™ -varalitur
1290 kr.
"Define & Sparkle" -augnháralitur og augnlínupenni
2190 kr.
Fimm farðaburstar í veski
Þetta snotra veski inniheldur 5 handhæga en bráðnauðsynlega farðabursta
5290 kr.
Ég elska þig!
Í þessari snotru gjafaöskju eru tvær vörutegundir með Love Etc...™ -ilminum góða: Endingargott ilmvatn (þ.e. "Eau de Parfum, 30ml) og sturtusápa (200ml)
4990 kr.
Ilmgóð gjöf – gott verð!
Þessi litla askja inniheldur eftirfarandi 3 vörutegundir með "Black velvet apricot"-ilmi: Sturtusápu (60ml), húðnæringu (60ml) og sápustykki (100g)
Askjan er einnig fáanleg með sams konar vörutegundum með annars vegar "Cranberry"- og hins vegar "Nutmeg & vanilla"-ilmi
1990 kr.
Gleðileg jól, Gunna mín!
Askjan inniheldur auk baðlilju 5 vörutegundir með smjörtrésmauki (þ.e. "She butter") sem gerir hörundið silkimjúkt: Sturtusápu (250ml), hörundsskrúbbkrem (200ml), húðnæringu (250ml), varasalva og sápustykki (100g)
Askjan er ennfremur fáanleg með sambærilegum vörutegundum úr eftirfarandi vörulínum: "Coconut", "Strawberry", "Olive" og "Moringa".
5990 kr.
Sérstakt jólatilboð sem gleður sanna herramenn
Rúmlega 20% afsláttur af herravörum og taskan fylgir frítt með! Taskan inniheldur fjórar "Maca root"-vörutegundir: Andlitssápu (50ml), skrúbbkrem (50ml), gel-eftir-rakstur (50ml) og rakakrem (50ml).
Andvirði herravaranna er 5060 kr. en tilboðsverðið er:
3990 kr.
THE BODY SHOP ®
KRINGLUNNI, SMÁRALIND, AKUREYRI
Sendum í póstkröfu sé þess óskað, sími 588 7299

> ORÐIN MAMMA

Playboy-kanínan **Kendra Wilkinson** eignaðist sitt fyrsta barn nú á dögunum. Hún og eiginmaður hennar, ruðningsleikmaðurinn Hank Baskett, eignuðust lítinn son sem skírður var í höfuðið á föður sínum, Hank Baskett IV.



# Fólk

folk@frettabladid.is

# Innan um stórstjörnur Avatar

„Þetta var mjög skemmtilegt. Þetta stóð fyllilega undir væntingum," segir Pétur Már Kristjánsson, sem er nýkominn heim frá Lundúnum. Þar var hann ásamt konu sinni Gígju Jónsdóttur viðstaddur heimsfrumsýningu á stórmyndinni Avatar á Leicester Square. Spókuðu þau sig á rauða dreglinum innan um leikstjóra myndarinnar, James Cameron, og stjörnur á borð við Sam Worthington, Sigourney Weaver og Michelle Rodriguez. „Þau sátu þarna rétt hjá okkur," segir Pétur, sem vann bíómiðana í leik sem Sena stóð fyrir. Eftir sýninguna var Pétur síðan tekinn í viðtal hjá blaðamanni Boston Herald ásamt fleiri frumsýningargestum og birtist það á heimasíðu blaðsins.

Avatar verður frumsýnd hérlendis föstudaginn 18. desember og einnig verður Nexus með forsýningu 16. desember. Myndin fékk nýverið fullt hús stiga hjá kvikmyndatímaritinu Empire og einnig hafa birst mjög jákvæðir dómar í Hollywood Reporter og Variety. Avatar hefur verið beðið með mikilli eftirvæntingu, enda er hún fyrsta myndin frá James Cameron síðan hann sendi frá sér stórvirkið Titanic árið 1997.



**Á HEIMSFRUMSÝNINGU** Pétur Már lukkulegur í London á frumsýningu myndarinnar Avatar sem fer í almennar sýningar hérlendis 18. desember.



**YRSA SIGURÐARDÓTTIR** Yrsa fær góða dóma fyrir Sér grefur gröf hjá The Independent. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Hrós í Independent

Glæpasaga Yrsu Sigurðardóttur, Sér grefur gröf, er sögð ein af glæpasögum ársins á heimasíðu breska dagblaðsins The Independent. „Orðspor íslenskra glæpasagna fer ört vaxandi. Önnur skáldsaga Yrsu Sigurðardóttur, Sér grefur gröf, er fyndin en á sama tíma þétt og vel skrifuð saga sem gerist í íslenskri heilsulind sem reynist langt í frá heilsusamleg fyrir gestina," segir í Independent.

Pétur Már Ólafsson hjá Veröld, sem gefur út bækur Yrsu hér á landi, er mjög ánægður með þessi tíðindi. „Það kemur slíkur fjöldi af glæpasögum út í Bretlandi að það að komast í svona úrtak er frábær árangur," segir hann. „Hún hefur fengið frábæra dóma fyrir Sér grefur gröf á þessu ári. Times sagði að hún væri í hópi fremstu glæpasagnahöfunda Norðurlanda. Hún er greinilega að ná augum og eyrum manna á þessum erfiða markaði." - fb






# Gáfumannahljómsveit sem kynntist á Íslandi

**Gáfumannahljómsveitin The Esoteric Gender vann nýverið alþjóðlega lagakeppni sem var haldin á Netinu. Hljómsveitin er skipuð erlendum nemum úr Háskóla Íslands og einum háskólaprófessor.**



**THE ESOTERIC GENDER** Gáfumannahljómsveitin vann alþjóðlega lagakeppni sem var haldin á Netinu.

„Þetta kom okkur mjög á óvart. Við áttum alls ekki von á því að vinna þetta," segir söngkonan Lisa Jamesdaughter frá Manchester. Hljómsveitin, sem spilar seiðandi rafpopp, sigraði með laginu Pretty Muted Blue. Keppnin nefnist SEAT og geta notendur síðunnar Sellband.com í hverjum mánuði kosið eitt lag af þeim tíu sem eru tilnefnd. Þær hljómsveitir sem bera sigur úr býtum eru síðan styrktar til plötuútgáfu. Einnig geta notendur síðunnar tekið þátt í að styrkja sveitirnar til plötuútgáfu og fá þeir í staðinn hluta af hagnaði plötunnar.

Lisa fluttist til Íslands árið 2003 eftir að hafa útskrifast sem hljóðmaður úr listaháskóla Bítilsins Pauls McCartney í Liverpool. Hún skráði sig í nám í skapandi ritsmíðum við Háskóla Íslands og kynntist þar Frakkanum Jean-Christophe Salaün. Saman stofnuðu þau hljómsveitina The Esoteric Gender og skömmu síðar bættist við danski trommuleikarinn Thomas Brorsen Smidt, sem stundar meistaranám í kynjafræði. „Fyrstu tónleikarnir okkar voru á Café Rosenberg. Okkur vantaði stóra trommu og fengum eina lánaða sem Egill Ólafsson átti. Mér var bent á að banka upp á hjá honum og þá gerði ég mér enga grein fyrir því að hann ætti heima þarna. Allt í einu mætti náunginn úr Stuðmönnum til dyra og hann var mjög vingjarnlegur og lánaði okkur trommuna," segir Lisa.

Einn meðlimur til viðbótar bættist við nokkru síðar og það var Gabriel Malenfant frá Quebec í Kanada, sem kennir heimspeki við Háskóla Íslands. „Hann er prófessor í háskólanum og við komumst að því að hann væri gítarleikari líka. Það er dálítið fyndið að hann skuli vera að kenna í skólanum og sé núna hluti af hljómsveitinni okkar." Það var síðan upptökustjórinn og hljóðmaðurinn Tony Platt, sem Lisa kynntist í listaskóla McCartneys, sem hvatti þau til að taka þátt í keppninni á Netinu. Hann hefur unnið með flytjendum á borð við The Who, Led Zeppelin, Wings, AC/DC, Metallica og Bob Marley.

The Esoteric Gender er sem sagt mikil gáfumannahljómsveit. Spurð hvort gáfurnar endurspeglist í tónlistinni segir Lisa að vissulega hafi þær eitthvað að segja. „Nýjasta lagið okkar fjallar um hvernig bókmenntir hafa áhrif á okkur og við syngjum líka mikið um kynjamál. Sumir textarnir virka stundum femínískir en eru það ekki alltaf. Til dæmis gerði ég einn texta um að konur drepi karla tilfinningalega," segir hún og hlær.

Hljómsveitin er starfrækt á Íslandi og lítur hún á sig sem íslenska þótt allir meðlimirnir séu erlendir. „Reykjavík er mjög hentugur staður fyrir okkur sem hljómsveit og hérna er gott alþjóðlegt samfélag. Við lítum á okkur sem íslenskt band því við stofnuðum hljómsveitina hér og fáum mikinn innblástur úr umhverfi okkar," segir Lisa. freyr@frettabladid.is





Íslensk hönnun
Íslensk framleiðsla
mediline+
• Hægt að breyta stífleika dýnu
• Þarf ekki að snúa
• Lagar sig fullkomnlega að líkamanum
• Styður þétt við bak og mjóhrygg
• Hægt að taka dýnuver af og þvo
• Möguleiki á tveimur mismunandi stífleikum í sömu dýnunni
mediline+
heilsurúm 160 x 200 cm
Jólatilboð
Verð frá kr. 121.936
Innifalið: Heilsudýna, botn og lappir.
Gæða rúm á góðu verði
LYSTADÚN
Marco
í 60 ár
Liam rúm 160 x 200 cm
Jólatilboð
Verð frá kr. 188.240
Innifalið: Rúm, náttborð, mediline+ heilsudýna.
Stillanlegt Liam rúm 160 x 200 cm
Jólatilboð
Verð frá kr. 341.840
Innifalið: Rúm, náttborð, bluconfort rafmangsbotn og mediline+ heilsudýna.
Vaxtalaus lán í allt að 6 mánuði
MasterCard VISA
Frábærar Jólagjafir
Unglinga heilsurúm 120x200
Margar stærðir og stífleikar
Jólatilboð verð frá kr. 94.288
Heilsukoddar Jólatilboð kr. 8.560
100% hrein andadúnsæng 140x200 cm
Jólatilboð kr. 21.520
Moltex
Rúmteppi og púðar, mikið úrval
20% afsláttur til jóla
Satin og Damask
Sængurverasett mikið úrval og margir litir
Jólatilboð, verð frá kr. 3.825
Reykjavík: Mörkin 4, sími: 533 3500
Akureyri: Hofsbót 4, sími: 462 3504
Opið virka daga: 10-18 og laugard.: 11-16

SAMBÍÓIN




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| OLD DOGS | kl. 6 - 8D - 10:10D | L |
| OLD DOGS | kl. 8 - 10:10 | VIP |
| SORORITY ROW | kl. 8 - 10:20 | 16 |
| NINJA ASSASSIN | kl. 8 - 10:10 | 16 |
| TWILIGHT 2 NEW MOON | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| TWILIGHT 2 NEW MOON | kl. 5:30 | VIP |
| A CHRISTMAS CAROL M/ Ensku. Tali | kl. 5:50(3D) Ótextuð | 7 |
| A CHRISTMAS CAROL M/ ísl. Tali | kl. 5:50 | 7 |
| A CHRISTMAS CAROL M/ Ensku. Tali | kl. 8 | 7 |
| PANDORUM | kl. 5:50 | 16 |
| LAW ABIDING CITIZEN | kl. 10:10 | 16 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| OLD DOGS | kl. 6 - 8 - 10 | L |
| SORORITY ROW | kl. 8 - 10:20 | 16 |
| NINJA ASSASSIN | kl. 10:40 | 16 |
| TWILIGHT 2 NEW MOON | kl. 5:30 - 8 | 12 |
| A CHRISTMAS CAROL M/ Ensku. Tali | kl. 5:50(3D) Ótextuð | 7 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| OLD DOGS | kl. 8 - 10 | L |
| THE TWILIGHT SAGA | kl. 8 | 7 |
| NINJA ASSASSIN | kl. 10:30 | 16 |

NÝTT Í BÍÓ!




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| SAW 6 | kl. 8 - 10.10 | 16 |
| SAW 6 LÚXUS | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 16 |
| JULIE AND JULIA | kl. 5.20 - 8 - 10.35 | L |
| ARTÚR 2 | kl. 4 - 6 | L |
| THE BOX | kl. 8 | 16 |
| 2012 | kl. 4.45 - 8 - 10.30 | 10 |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| ANVIL | kl. 6 - 8 - 10 | 7 |
| WHATEVER WORKS | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 7 |
| A SERIOUS MAN | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |
| DESEMBER | kl. 6 - 8 - 10 | 10 |

facebook.com/smarabio
AÐDÁENDUR GETA UNNIÐ BÍÓKORT ÚT ÁRIÐ, BOÐSMIÐA Á FORSÝNINGAR O.M.FL.

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| 2012 | kl. 8 | 10 |
| THE BOX | kl. 10.15 | 16 |
| LOVE HAPPENS | kl. 6 | L |
| 9 | kl. 6 | 7 |
| CAPITALISM | kl. 8 | L |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

| | | |
|---|---|---|
| BAD LIEUTENANT | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 16 |
| JULIE AND JULIA | kl. 5.20 - 8 - 10.35 | L |
| PARANORMAL ACTIVITY | kl. 10.30 | 16 |
| 2012 | kl. 6 - 9.15 | 10 |
| LOVE HAPPENS | kl. 5.30 - 8 | L |

NÝTT Í BÍÓ
LAUGARÁSBÍÓ
Sími: 553 2075
- bara lúxus




LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| BAD LIEUTENANT-(POWER) | kl. 5.30, 8 og 10.20 | 16 |
| EXTRACT | kl. 8 og 10.10 | 12 |
| ARTHÚR 2 - Íslenskt tal | kl. 6 | L |
| COCO BEFORE CHANEL | kl. 5.50 og 8 | L |
| 2012 | kl. 10 | 10 |




Megas í góðra manna hópi ásamt Sigurði Guðmundssyni og Guðmundi Kristni Jónssyni úr hljómsveitinni Senuþjófunum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Útgáfuhóf Borgarinnar

**Útgáfufyrirtækið Borgin hélt partí á Nasa á fimmtudagskvöld til að fagna útgáfunni fyrir jólin. Helstu listamenn fyrirtækisins létu sjá sig og skemmtu sér hið besta. Borginni hefur á rétt tæpu hálfu ári tekist að skapa sér stóran sess innan tónlistargeirans. Frá því í ágúst hafa níu plötur komið út á vegum fyrirtækisins við góðar undirtektir. Í útgáfuhófinu á Nasa stigu á svið Hjaltalín, Megas & Senuþjófarnir, Hjálmar, Baggalútur, Sigríður Thorlacius & Heiðurspiltar, Snorri Helgason og Berndsen.**



Særún, Haukur Valgeir og Steinþór Helgi Arnsteinsson, stjórnandi Borgarinnar, voru í útgáfuhófinu.



Axel Haraldsson, Högni Egilsson og Rebekka Bryndís Björnsdóttir úr hljómsveitinni Hjaltalín voru á meðal gesta.



Úlfur Hansson, Snorri Helgason og Birgir Ísleifur Gunnarsson úr Motion Boys voru hressir.



Söngkona Hjaltalín var meðal þeirra sem tróðu upp á Nasa.


Fiskiveislan er byrjuð

Löngusteik ........ 1.490,-
(Lemmon Kóríander kryddmarineruð)

Nýlagaður Plokkfiskur ........ 1.490,-
(að hætti Fiskikóngsins. sennilega sá besti í bænum)

Fiskibollur ........ 1.090,-
Nýsteiktar og hrikalega góðar

Eldeyjarrækja ........ 1.890,-
(Stór, Pilluð og Hrikalega Djúsí)

Humar ........ 2.000,-
(Lausfrystur 1.kg í poka)

Skata fyrir byrjendur // Skata fyrir lengra komna // Skata fyrir þá sem vilja taka næsta skref
Skata fyrir þá sem vilja fara alla leið

Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • sími 587 7755


TILBOÐ DAGSINS
Remington
gæða keramik sléttujárn
3.989 kr.
Fullt verð 7.989
Philips
bikini trimmer og
epilator með fimm
trimm formum
12.989 kr.
Fullt verð 19.989
BaByliss
2000w ionic
hárblásari
með dreifara
4.989 kr.
Fullt verð 8.989
Þúsundir tegunda raftækja í boði!
Melissa
hárblásari
1.989 kr.
Remington
skeggsnyrtir
4.489 kr.
BaByliss
hárklippur
fyrir
karlmenn
4.989 kr.
Philips keramík
sléttujárn
5.989 kr.
Philips
hárblásari
5.989 kr.
Tony&Guy
sléttujárn
6.989 kr.
Remington
hárblásari
7.989 kr.
BaByliss
hárblásarasett
8.989 kr.
BaByliss keramík
og titanium
sléttujárn
9.989 kr.
Taska
fylgir
BaByliss
hárklippur
9.989 kr.
Remington
hárklippur
10.989 kr.
Remington
rakvél
24.989 kr.
FRÉTTABLAÐIÐ
?
Fylgstu með TILBOÐI DAGSINS
í blaðinu á morgun!
MAX
RAFTÆKI
Opið mán. - fös. kl. 11-19
Laugardaga kl. 11-18
Sunnudaga kl. 12-18
MAX Kauptúni 1 - Garðabæ
Sími 412 2200 - www.max.is

## > Allt í mínus hjá Monaco

AS Monaco steinlá á heimavelli í gær fyrir Lille, 0-4. Eiður Smári Guðjohnsen var kominn í byrjunarlið Monaco á ný en hann fann sig engan veginn frekar en fyrri daginn. Fór svo að hann var tekinn af velli á 62. mínútu. Þá var staðan 0-2 fyrir Lille. Monaco var í toppbaráttu fyrir nokkrum vikum en leikur liðsins hefur síðan hrunið til grunna og Monaco er nú í tólfta sæti deildarinnar.

Lille komst upp í þriðja sæti með sigrinum stóra.




sport

sport@frettabladid.is

**N1-DEILD KARLA:** FH TRYGGÐI SIG Í DEILDABIKARINN MEÐ GÓÐUM SIGRI Á VAL Í VODAFONE-HÖLLINNI

# *Baráttusigur hjá FH-ingum að Hlíðarenda*

FH tekur þátt í deildabikarnum eftir góðan baráttusigur á Val, 23-20. Bæði lið voru lengi að finna leiðina í gegnum vörn andstæðingsins því leikmenn beggja liða stóðu vaktina vel í vörninni. Vörn heimamanna var mjög góð framan af og markvörðurinn Hlynur Morthens varði vel í marki Vals. Gestirnir í liði FH voru einnig að spila góðan varnaleik og var Pálmar Pétursson traustur í rammanum. Staðan í hálfleik, 9-10.

Það var erfitt að sjá hvort liðið ætlaði að hirða öll stigin því liðin fylgdust að fram á lokamínútu leiksins. Það var hornamaður FH, Bjarni Fritzson sem náði að skora áður en flautan gall og gulltryggði gríðarlega mikilvægan sigur FH gegn Val.

Það vantaði mikið í Valsliðið í leiknum og sóknarleikurinn var veikburða og hugmyndasnauður. Fannar Friðgeirsson komst aldrei í takt við leikinn sem og Ernir Hrafn Arnarsson og munar um minna. Hlynur Morthens, markvörður Vals, var ástæðan fyrir því að þeir voru inni í leiknum fram til loka, varði oft frábærlega en það reyndist ekki nóg núna.



FH-ingar voru vel samstilltir og unnu þennan leik á liðsheild og baráttu. Þeir stóðu vörnina vel og voru skipulagðir. Pálmar Pétursson átti fínan dag í markinu og sýndi lykilmarkvörslu í lokin.

Eftir leikinn eru FH-ingar jafnir Val og Akureyri að stigum í öðru sæti deildarinnar með 11 stig, rétt á eftir Haukum sem sitja á toppnum með fjórtán stig.

„Þetta var alveg frábær sigur og gríðarlega mikilvægur fyrir okkur. Ég var ánægður með liðsheildina og samstöðuna sem er að koma alltaf meira og meira í liðið. Ef við ætlum að ná árangri í þessari íþrótt þá verðum við að spila sem lið en ekki einstaklingar. Við stóðum allir saman í dag og menn uppskera eftir því,“ sagði Sigurgeir Árni Ægisson, leikmaður FH, ánægður eftir leik.

Hlynur Morthens, markvörður Valsmanna, var eðlilega hundfúll með tapið. „Vörnin var góð og ég var að finna mig vel. En það virðist allt stoppa á sóknarleiknum. Það er alltaf grátlegt að tapa svona leikjum. Veit ekki hvað er að en það þarf að skoða það betur,“ sagði Hlynur eftir leik.

- rog



**VONBRIGÐI** Steven Gerrard var svekktur og pirraður í gær. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Liverpool tapaði enn eina ferðina í gær:

# Reiðilestur Wengers kveikti í Arsenal

**FÓTBOLTI** Klaufaskapur Glens Johnson og snilld Andrei Arshavin urðu þess valdandi að Arsenal vann sætan útisigur, 1-2, á Liverpool í gær. Arshavin skoraði sigurmarkið en hann kláraði Liverpool einnig á sama stað í apríl með fjórum mörkum. Hann kann því vel við sig í Bítlaborginni.

Liverpool leiddi í hálfleik, 1-0, en Arsenal var ekki með í fyrri hálfleiknum. Arsene Wenger, stjóri Arsenal, ku hafa orðið brjálaður í hálfleik og reiðilestur hans skilaði sér.

Glen Johnson jafnaði leikinn með skrautlegu sjálfsmarki en hann lagði boltann í eigið net, innanfótar. Glórulaust. Johnson mistókst síðan að hreinsa í sigurmarkinu sem og að koma í veg fyrir glæsiskot Rússans sem söng í Netinu.

„Wenger öskraði á okkur í hálfleik. Ég hef aldrei áður séð hann svona reiðan,“ sagði Cesc Fabregas, fyrirliði Arsenal, eftir leikinn. „Hann var afar svekktur og sagði að við ættum ekki skilið að spila í treyju Arsenal ef við ætluðum að spila svona áfram.“

Wenger viðurkenndi að hafa látið leikmenn sína heyra það en vildi annars ekkert tjá sig um hálfleiksræðuna. Rafa Benitez, stjóri Liverpool, segir að sjálfsmark Johnsons hafi komið sínum mönnum úr jafnvægi.

„Sjálfsmarkið breytti öllu. Þá fór sjálfstraust leikmanna og við byrjuðum að gera mistök,“ sagði Benitez eftir leikinn. - hbg




# Villa rotar öll stóru liðin

**Aston Villa vann um helgina sinn fyrsta sigur á Old Trafford síðan 1983. Villa er þar með búið að leggja Man. Utd, Chelsea og Liverpool í vetur. Chelsea missteig sig gegn Everton en United nýtti ekki tækifærið gegn Aston Villa.**

**FÓTBOLTI** Helgin í enska boltanum var skrautleg. Toppliðin Chelsea og Man. Utd mættu bæði liðum sem þau hafa ekki verið í vandræðum með í fjölda ára. Að þessu sinni lentu þau bæði í miklu basli.

Aston Villa vann sinn fyrsta deildarsigur á Man. Utd síðan 1995 en liðin höfðu mæst 27 sinnum í deildinni eftir það án þess að Villa næði sigri. Aston Villa komst með sigrinum upp í þriðja sæti deildarinnar sem það missti síðan aftur til Arsenal. Lærisveinar Martins O´Neill hafa verið í fantaformi gegn stóru liðunum en þrátt fyrir það heldur O´Neill sig á jörðinni.

„Þessi sigur gefur okkur mikið sjálfstraust en það sjálfstraust gæti auðveldlega fokið aftur út um gluggann gegn Sunderland á þriðjudag. Þetta er frábær sigur og ég vil alls ekki gera lítið úr því en það ánægjulegasta er að leikmenn náðu árangri gegn liði sem þeim hefur ekki gengið vel með,“ sagði O´Neill hæverskur.

Sir Alex Ferguson, stjóri Man. Utd, var ósáttur við þann litla tíma sem var bætt við leikinn og hefur



**BEÐIÐ UM HJÁLP** Drogba var í fínu formi um helgina en Chelsea tókst samt ekki að vinna. Liðið hefur ekki unnið í síðustu fjórum leikjum sínum. NORDIC PHOTOS/GETTY



**SVEKKTUR** Sir Alex Ferguson upplifði það í fyrsta skipti á löngum ferli um helgina hvernig það er að tapa gegn Aston Villa á heimavelli. NORDIC PHOTOS/AFP

stungið upp á því að aðrir en dómarar ákveði uppbótartíma. Dómari leiksins bætti aðeins þremur mínútum við síðari hálfleik þrátt fyrir sex skiptingar og tvö löng hlé vegna meiðsla.

„Hléin tóku rúmar tvær mínútur og síðan allar þessar skiptingar. Þessi uppbótartími olli miklum vonbrigðum. Það ættu aðrir en dómarinn að halda utan um hver réttur uppbótartími sé. Þetta er í rauninni fáranlegt. Það er næstum komið árið 2010 og tími til að þessu sé breytt,“ sagði Ferguson svekktur.

Chelsea spilaði sinn fjórða leik í röð um helgina án þess að ná sigri. Everton nældi í 3-3 jafntefli á Stamford Bridge en þetta voru fyrstu stigin sem Chelsea tapar á heimavelli í vetur.

„Hver getur eiginlega haldið því fram að það sé krísa hjá okkur? Ég er ekki á því að það sé nein krísa. Við lékum vel en klúðruðum leiknum með því að verjast illa gegn föstum leikatriðum,“ sagði Carlo Ancelotti, stjóri Chelsea, en öll mörk Everton komu upp úr föstum leikatriðum.

„Við eigum enn mikla möguleika á að verða meistarar. Það er mikið eftir af þessu móti og enska úrvalsdeildin er erfið,“ bætti Ancelotti við.

**henry@frettabladid.is**

## ÚRSLIT

### *Enska úrvalsdeildin:*

BIRMINGHAM CITY - WEST HAM UNITED 1-0
1-0 Lee Bowyer (51.).

BOLTON - MANCHESTER CITY 3-3
1-0 Ivan Klasnic (10.), 1-1 Carlos Tevez (27.), 2-1 Gary Cahill (42.), 2-2 Micah Richards (46.), 3-2 Ivan Klasnic (52.), 3-3 Carlos Tevez (76.).

BURNLEY - FULHAM 1-1
0-1 Bobby Zamora (49.), 0-1 Bobby Zamora (50.), 1-1 Wade Elliott (59.).

CHELSEA - EVERTON 3-3
0-1 Petr Cech, sjm (12.), 1-1 Didier Drogba (17.), 2-1 Nicolas Anelka (22.), 2-2 Yakubu Aiyegbeni (49.), 3-2 Didier Drogba (58.), 3-3 Louis Saha (62.), 3-3 Louis Saha (63.).

MANCHESTER UNITED - ASTON VILLA 0-1
0-1 Gabriel Agbonlahor (20.).

STOKE CITY - WIGAN ATHLETIC 2-2
0-1 Emmerson Boyce (15.), 0-1 Emmerson Boyce (17.), 1-1 Tuncay Sanli (36.), 1-2 Maynor Figueroa (72.), 2-2 Ryan Shawcross (73.).

SUNDERLAND - PORTSMOUTH 1-1
1-0 Darren Bent (21.), 1-1 Younes Kaboul (93.).

TOTTENHAM - WOLVES 0-1
0-1 Kevin Doyle (2.)

LIVERPOOL - ARSENAL 1-2
1-0 Dirk Kuyt (41.), 1-1 Glen Johnson, sjm (50.), 1-2 Andrei Arshavin (58.)

**STAÐAN:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Chelsea** | **16** | **12** | **1** | **3** | **40-13** | **37** |
| Man. United | 16 | 11 | 1 | 4 | 34-14 | 34 |
| **Arsenal** | **15** | **10** | **1** | **4** | **40-18** | **31** |
| Aston Villa | 16 | 8 | 5 | 3 | 26-14 | 29 |
| **Tottenham** | **16** | **8** | **3** | **5** | **35-22** | **27** |
| Manchester City | 15 | 6 | 8 | 1 | 29-21 | 26 |
| **Liverpool** | **16** | **7** | **3** | **6** | **32-22** | **24** |
| Birmingham | 16 | 7 | 3 | 6 | 16-16 | 24 |
| **Fulham** | **16** | **6** | **5** | **5** | **20-17** | **23** |
| Sunderland | 16 | 6 | 3 | 7 | 22-22 | 21 |
| **Stoke City** | **16** | **5** | **6** | **5** | **15-19** | **21** |
| Blackburn | 16 | 5 | 4 | 7 | 16-28 | 19 |
| **Burnley** | **16** | **5** | **3** | **8** | **20-34** | **18** |
| Wigan Athletic | 16 | 5 | 3 | 8 | 19-36 | 18 |
| **Everton** | **16** | **4** | **5** | **7** | **22-30** | **17** |
| Hull City | 17 | 4 | 5 | 8 | 17-34 | 17 |
| **Wolves** | **16** | **4** | **4** | **8** | **15-28** | **16** |
| West Ham | 16 | 3 | 5 | 8 | 24-31 | 14 |
| **Bolton** | **15** | **3** | **4** | **8** | **20-32** | **13** |
| Portsmouth | 16 | 3 | 2 | 11 | 14-24 | 11 |

### *N1-deild karla:*

**Valur-FH 20-23 (9-10)**

Mörk Vals (skot): Arnór Þór Gunnarsson 5 (7/1), Elvar Friðriksson 4 (11), Orri Freyr Gíslason 3 (3), Gunnar Ingi Jóhannsson 3 (6), Ernir Hrafn Arnarsson 3 (8), Ingvar Árnason 1 (3), Fannar Friðgeirsson 1 (5).

Varin skot: Hlynur Morthens 17 (40/3) 43%

Mörk FH (skot): Bjarni Fritzson 6/3 (6/3), Örn Ingi Bjarkason 5 (7), Ólafur Guðmundsson 4 (10), Ólafur Gústafsson 4 (11), Jón Heiðar Gunnarsson 3 (4), Ásbjörn Friðriksson 1 (4).

Varin skot: Pálmar Pétursson 13/1 (33/1) 39%.

**Fram-Stjarnan 26-34**

### *N1-deild kvenna:*

Fram-Víkingur 41-14
Haukar-KA/Þór 33-20
Valur-HK 41-22
Fylkir-KA/Þór 25-23

# @ HARÐIR PAKKAR

## ALLT TÖLVUTENGT Á BETRA VERÐI

### 8GB MINNISLYKILL



SanDisk

**Sandisk Cruzer**
Vandaður 8GB Micro Skin minnislykill.

**4.750**

### LOKUÐ HEYRNARTÓL



SENNHEISER

**Sennheiser HD 201**
Létt og þægileg lokuð heymatól með skörpum hljómi og þéttum bassa.

**3.750**

### LEIKJAMÚS



Logitech

**Logitech MX518**
Optical tölvumús. Pottþétt í leikina.

**6.450**

### HARÐDISK FLAKKARI



**WD Elements**
1TB flakkari með hljóðlátum WD Green Power disk. USB 2.0. Windows og Mac.

WD 1TB

**19.750**

### UNITED MARGMIÐLUNARSPILARI

WD

**500GB DISKUR**




**United HD MMP 9530**
- 720P/1080i HD 3.5" spilari
- 500GB WD Greenpower diskur
- SD/MMC kortalesari
- HDMI og USB Uplink ofl.

720/1080i

HDMI

**24.950**

### PRENTARI OG SKANNI



**Epson SX110**
Prentari og skanni sem prentar A4 í 5760 x 1440 punkta upplausn og skannar 600 x 1200. Prentar allt að 30 bls á mín. USB. Windows og Mac.

EPSON

**10.950**

### 5.1 HÁTALARASETT



**Philips SPA2602**
Kraftmikið og nett 45w RMS hátalarakerfi með 5 hátölurum og bassaboxi með Analogue Bass Boost og Bass reflex.

PHILIPS

**16.950**

### AMD TÖLVUPAKKI 2




- Coolmaster Elite turn
- Athlon II X240 2,8GHz DualCore
- 2GB DUAL DDR2 800MHz XMS
- 640GB SATA II WD
- MSI ATI Radeon HD4200
- 19" Acer breiðskjár 5ms
- 12xUSB2, 5 x SATA II, eSATA, ofl.
- Windows 7 Home Premium

**129.950**

### TOSHIBA FARTÖLVA




**Toshiba Sat L500-142**
- Intel Pentium Dual-Core T4300
- 3GB DDR2 800MHz minni
- 320GB harðdiskur
- 15,6" WXGA breiðskjár
- ATI Mobility Radeon HD 4570 skjákort
- Þráðlaust 802.11agn netkort
- 8xDVD±RW Dual Layer skrifari
- VGA vefmyndavél
- Windows Vista Home Premium

**129.950**

@tt.is
Allt tölvutengt á betra verði

SÆKTU EÐA FÁÐU SENT HEIM • SENDINGARKOSTNAÐUR AÐEINS KR. 750 HVERT Á LAND SEM ER • VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3 • 201 KÓPAVOGI • SÍMI 569 0700 • www.att.is

@tt.is
Allt tölvutengt á betra verði

# Vel heppnaður Stjörnuleiksdagur

KKÍ bauð upp á mikla körfuboltasýningu á laugardag þegar hinir árlegu stjörnuleikir fóru fram. Einnig var keppt í þriggja stiga skotkeppnum, troðslukeppnin var á sínum stað. Svo mættu gamlar landsliðskempur liði landsþekktra einstaklinga í sérstökum sýningarleik sem áhorfendur höfðu afar gaman af.



**Í TÓMU TJÓNI** Magnús Stefánsson og félagar hafa ekkert getað í vetur. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

N1-deild karla:

## Fram fer í jólafrí á botninum

**HANDBOLTI** Stjarnan vann botnbaráttuslaginn í N1-deild karla í gær er liðið mætti Fram í Safamýri.

Liðin voru jöfn á botninum fyrir leikinn með aðeins tvö stig.

Jafnræði var með liðunum í fyrri hálfleik en í síðari hálfleik völtuðu Stjörnumenn yfir Framara.

Þeir náðu mest níu marka forskoti og þegar upp var staðið landaði Stjarnan átta marka sigri, 26-34.

Þetta var síðasti leikur liðanna fyrir jólafrí og það verða því Framarar sem munu sitja á botni deildarinnar yfir jólin en Framarar hafa valdið gríðarlegum vonbrigðum í vetur.

Liðið rak þjálfarann sinn, Viggó Sigurðsson, fyrir nokkrum vikum en þjálfaraskiptin hafa ekki skilað sér nema síður sé.

- hbg



**DAVÍÐ HILDIBERG** Stóð sig ágætlega í Tyrklandi. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

EM í sundi í Tyrklandi:

## Inga Elín setti Íslandsmet

**SUND** Evrópumeistaramótinu í 25 metra laug lauk í Tyrklandi í gær.

Skagamærin Inga Elín Cryer setti Íslandsmet á lokadeginum er hún synti 400 metra fjórsund á 4:50,96 sekúndum. Hún bætti þar með met Erlu Daggar Haraldsdóttur. Þetta er fyrsta Íslandsmetið sem Inga Elín setur í kvennaflokki.

Ragnheiður Ragnarsdóttir og Ingibjörg Kristín Jónsdóttir kepptu báðar í 50 metra skriðsundi en hvorug komst upp úr undanrásunum. Ragnheiður varð í 25. sæti en Ingibjörg í 43. sæti.

Sindri Þór Jakobsson varð í 56. sæti í 50 metra flugsundi karla og Davíð Hildiberg Aðalsteinsson var nálægt sínum besta tíma í 200 metra skriðsundi.

- hbg

**KÖRFUBOLTI** Það var mikið um dýrðir í íþróttamiðstöðinni í Grafarvogi þegar bestu körfuboltamenn Iceland Express-deildanna mættu til að taka þátt í Stjörnuleiksdegi KKÍ.

Áhorfendur fjölmenntu á svæðið og urðu ekki fyrir vonbrigðum enda var þetta hin besta skemmtun. Bestu leikmenn Stjörnuleikjanna sjálfra voru þeir Andre Dabney úr Hamri og Heather Ezell úr Haukum. Karlaleikurinn var afar spennandi en kvennaleikurinn var aldrei neitt spennandi enda tók lið Benedikts Guðmundssonar strax góða forystu og hélt henni út leikinn.

Magnús Gunnarsson úr Njarðvík vann þriggja stiga keppnina hjá körlunum eftir harða baráttu við Sean Burton í Snæfelli en sá skoraði 16 þriggja stiga körfur í einum leik á dögunum. Magnús hafði eins stigs sigur í úrslitunum en Burton brást bogalistin á ögurstundu í keppninni. Guðjón Skúlason, þjálfari Keflavíkur, tók þátt í keppninni og komst í úrslit. Hann náði samt ekki að ógna þeim Magnúsi og Burton í úrslitunum.

Kristi Smith úr Keflavík vann þriggja stiga keppnina hjá konunum. Hún var aðeins þriðja í forkeppninni en sýndi allar sínar bestu hliðar í úrslitunum og fékk 13 stig. Koren Schram úr Hamri varð þriðja en Heather Ezell, sem varð efst í forkeppninni, varð að sætta sig við þriðja sætið.

Troðslukeppnin var æsispennandi og stórskemmtileg. Grindavíkurgormurinn Ólafur Ólafsson hafði skorað á erlenda leikmenn í keppnina og Ólafur veitti útlendingunum svo sannarlega harða keppni. Hann var efstur í forkeppninni ásamt John Davis úr Ármanni. Í úrslitunum urðu Ólafi síðan á mistök er hann kláraði ekki troðslu. Davis nýtti sér mistökin og landaði troðslutitlinum þetta árið.



**SVAKALEG TILÞRIF** Bandaríkjamaðurinn John Davis vann troðslukeppnina og hann tróð meðal annars eftir að hafa stokkið yfir tvo leikmenn. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Einn af hápunktum dagsins var síðan leikur eldri landsliðsmanna gegn liði landsþekktra einstaklinga. Gömlu mennirnir sýndu strax í upphafi að lengi lifir í gömlum glæðum því þeir náðu strax góðu forskoti. Munurinn 19 stig í hálfleik, 23-8, en hvor hálfleikur var aðeins átta mínútur.

Stjörnurnar brugðu á það ráð að fjölga í liði sínu í síðari hálfleik og undir lokin voru þeir allir inn á vellinum. Það dugði þó ekki til því landsliðskempurnar lönduðu sigri, 39-27.

henry@frettabladid.is



**STJÖRNURNAR SLAKAR** Lið landsþekktra einstaklinga sýndi ekki merkilega takta með körfuboltann gegn gömlum landsliðskempum. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL



**SEAN BURTON** Tapaði fyrir Magnúsi Gunnarssyni í þriggja stiga keppninni. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL



**GRINDAVÍKURGORMURINN** Ólafur Ólafsson sýndi lipur tilþrif í troðslukeppninni. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL



Íslendingarnir áberandi sem fyrr í þýsku úrvalsdeildinni í handbolta:

## Kiel á toppnum og Löwen í þriðja sæti

**HANDBOLTI** Lærisveinar Alfreðs Gíslasonar í þýska meistaraliðinu Kiel halda uppteknum hætti í þýsku úrvalsdeildinni og vinna alla leiki.

Kiel rúllaði yfir Hannover Burgdorf um helgina, 41-22, og hefur aðeins gert eitt jafntefli í vetur. Aðrir leikir hafa unnist. Aron Pálmarsson lék vel fyrir Kiel um helgina. Skoraði fimm mörk og mataði síðan félaga sína með góðum sendingum.

Helsti keppinautur Kiel, HSV, komst í hann krappann gegn TuS N-Lübbecke um helgina en marði að lokum eins marks sigur, 25-24. Heiðmar Felixson skoraði tvö mörk fyrir Lübbecke sem er í tólfta sæti deildarinnar. HSV sem fyrr í öðru sæti, aðeins stigi á eftir Kiel.

Íslendingaliðið Rhein-Neckar Löwen laumaði sér upp í þriðja sæti deildarinnar með öruggum sigri á Magdeburg, 40-21. Guðjón Valur Sigurðsson með sex mörk fyrir Löwen en þeir Snorri Steinn Guðjónsson og Ólafur Stefánsson skoruðu báðir þrjú mörk fyrir liðið.



**ARON PÁLMARSSON** Hefur leikið vel með Kiel og skoraði fimm mörk fyrir liðið um helgina. NORDIC PHOTOS/BONGARTS

Snorri náði um leið merkilegum áfanga því hann er búinn að skora 600 mörk í þýsku úrvalsdeildinni. Hann spilaði í fjögur ár með Grosswallstadt og Minden. Hélt svo til Danmerkur en kom aftur í þýska boltann í vetur.

Grosswallstadt er í áttunda sæti deildarinnar eftir 33-21 sigur á Düsseldorf. Sverre Andreas Jakobsson skoraði ekki fyrir Grosswallstadt en Sturla skoraði eitt mark fyrir Düsseldorf.

Alexander Petersson tryggði Flensburg síðan sigur á Gummersbach, 26-27. Alexander skoraði sigurmarkið rúmri mínútu fyrir leikslok. Landsliðsmaðurinn spilaði sinn besta leik í vetur og skoraði sex mörk.

Róbert Gunnarsson skoraði fimm mörk fyrir Gummersbach.

- hbg

Hannaðu þína eigin myndabók á oddi.is




VERÐ FRÁ 6.900 KR. EINTAKIÐ

Farðu inn á www.oddi.is og búðu til persónulega gjöf.
Vegleg innbundin myndabók með þínum myndum.

ODDI

Nikon

*At the heart of the image*

# HANDHÆGT TÆKNIUNDUR

**TILBOÐ!**
MEÐ ÖLLUM
NIKON D3000 FYLGIR
**VÖNDUÐ TASKA OG**
**2x2GB MINNISKORT**
(VERÐMÆTI: 14.995 kr.)










## NIKON D3000

Nikon D3000 er fullkomin stafræn myndavél fyrir metnaðarfulla áhugaljósmyndarann. Einfaldar leiðbeiningar í stýrikerfi vélarinnar auðvelda þér að taka frábærar myndir strax frá byrjun!

**Verð: 114.995 kr.**

Einnig fáanleg með AFS18-55VR linsu: 122.995 kr.

Nikon SCHOOL INTRO

**Nýjung á Íslandi!**

**Nikon skólinn**

Innifalið í kaupum er 2,5 klst. byrjendanámskeið á D-SLR (verðmæti: 12.000 kr.)

**www.nikon.is**

**Með öllum Nikon vélum fylgir íslenskur leiðarvísir.**

**SÖLUAÐILAR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU**

**Heimilistæki** – Suðurlandsbraut 26, 108 Reykjavík – 569 1500 – www.ht.is
**Sjónvarpsmiðstöðin** – Síðumúla 2, 108 Reykjavík – 568 9090 – www.sm.is
**Beco** – Langholtsvegi 84, 104 Reykjavík – 533 3411 – www.beco.is
**Fotoval** – Skipholti 50b, 105 Reykjavík – 553 9200 – www.fotoval.is
**MAX** – Kauptún 1, 210 Garðabær – 412 2200 – www.max.is
**Hagkaup** – Smáralind, 201 Kópavogur – 563 5000

**SÖLUAÐILAR Á LANDSBYGGÐINNI**

**Samkaup** – Borgarnesi, Blönduósi, Egilsstöðum, Seyðisfirði, Fáskrúðsfirði, Grundarfirði, Ísafirði; **Hljómsýn** – Akranesi; **Blómsturvellir** – Hellissandi; **Skipavík** – Stykkishólmi; **Kaupfélag V-Húnvetninga** – Hvammstanga; **Smárabær** – Blönduósi; **Skagfirðingabúð** – Sauðárkróki; **Verslunin Pan** – Neskaupstað; **Geisli** – Vestmannaeyjum; **Foto** – Vestmannaeyjum; **Tæknirað** – Grindavík; **Mosfell** – Hellu; **Heimilistæki** – Reykjanesbæ, Selfossi, Akureyri og Húsavík; **Omnis** – Borgarnesi, Akranesi og Reykjanesbæ.

Tilboð gildir 26. nóvember til 31. desember eða meðan birgðir endast.

Mynd: Morten Rygaard

## > Ben Affleck

„Ég þoli ekki þegar fólk er tregt til að viðurkenna kynþokka sinn. Til dæmis þegar fólk stillir sér upp hálf nakið og olíuborið í eggjandi stellingum fyrir myndir í viðtölum þar sem það segist ekki vilja vera álitið kyntákn. Óþolandi!“

***Affleck fer með aðalhlutverkið í kvikmyndinni Man About Town sem Stöð 2 Bíó sýni í kvöld kl. 22.00.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ SVAVAR HÁVARÐSSON OG SATT OG LOGIÐ

# *Lax, lax, lax - og aftur lax*



Ég hef lengi fullyrt að stærsti lax sem veiðst hefur á Íslandi kom upp úr Stöðvará fyrir um áratug. Ég veiddi laxinn, en þar sem ekki var til búnaður í firðinum til að vigta skepnuna þá get ég ekki sagt ykkur hvað hann var þungur. Hins vegar á ég enn þá veiðiuggann, sem vó 10 pund; hertur.

Það er gaman frá því að segja að þeir sem sáu fiskinn, stuttu eftir að honum var landað, kölluðu á prestinn á Heydölum í Breiðdal til að fara með stutta bæn. Það var talið útilokað annað, að þeirra mati, en að andskotinn væri að verki. Reyndar er ein ljósmynd til þar sem verið er að fara með laxinn inn í þorp á gámalyftara, en allir sem hafa séð þessa mynd halda því fram að þetta sé hnísa á myndinni. Ég ætla því ekki að birta hana með þessum pistli. Aðrar myndir, þar á meðal mjög skemmtileg mynd af eldri stráknum mínum liggjandi á milli augnanna á laxinum, voru gerðar uppteknar af tollayfirvöldum þegar ég fór síðast til að heimsækja bróður minn í Noregi. Hvorki hefur myndunum verið skilað né hef ég fengið skýringar á framgöngu norskra yfirvalda. Bróðir minn fékk hins vegar þær upplýsingar að þær hefðu brunnið, fyrir slysni.

Nú er það svo að sögur af löxum eru oft ýktar. Þetta eru hreinar lygasögur, segja hinir vantrúuðu sem aldrei hafa snert á stöng. Því vona ég að þeir hinir sömu hafi verið að horfa á Sjónvarpið á mánudagskvöldið þegar David Attenborough sagði frá göngum kyrrahafslaxa í heimildaþættinum Stórviðburðir í náttúrunni (Nature's Great Events). Öfugt við mig er byggt á stórkostlegum náttúrulífsmyndum við að lýsa staðreyndum.

Ekki er það aðeins stórkostlegt ferðalag þessa konungs fiskanna heldur mikilvægi hans í lífkeðjunni allri sem nær langt út fyrir straumvötnin. Hreint út sagt stórkostlegt.

Þriðji þáttur af sex verður sýndur í kvöld en þarna er lýst hvernig náttúruöflin setja af stað keðjuverkanir sem gjörbreyta landslagi og ráða örlögum stórra dýrahjarða, oft í órafjarlægð frá upptökunum. Horfið í kvöld og þér munuð trúa.

## MÁNUDAGUR



▶ **20.00 You Only Live Twice** STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **20.25 Glee** STÖÐ 2



▶ **20.30 Ástríður** STÖÐ 2 EXTRA




▶ **21.10 Glæpahneigð** SJÓNVARPIÐ



▶ **21.50 CSI: New York** SKJÁREINN

## SJÓNVARPIÐ

**16.10 Leiðarljós**

**16.55 Táknmálsfréttir**

**17.05 Sammi** (52:52)

**17.12 Pálína** (14:28)

**17.17 Stjarnan hennar Láru** (9:22)

**17.30 Útsvar** (e)

**18.35 Jóladagatalið - Klængur sniðugi** (e)

**18.45 Jóladagatalið - Klængur sniðugi**

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veðurfréttir**

**19.35 Kastljós**

**20.15 Stórviðburðir í náttúrunni** (Nature's Great Events) (3:6) Heimildamyndaflokkur frá BBC. Í þáttunum er sýnt hvernig náttúruöflin setja af stað keðjuverkanir sem gjörbreyta landslagi og ráða örlögum stórra dýrahjarða, oft í órafjarlægð frá upptökunum.

▶**21.10 Glæpahneigð** (Criminal Minds) (64:65) Bandarísk þáttaröð um sérsveit lögreglumanna sem rýnir í persónuleika hættulegra glæpamanna til þess að reyna að sjá fyrir og koma í veg fyrir frekari illvirki þeirra. Meðal leikenda eru Joe Mantegna, Thomas Gibson og Shemar Moore.

**22.00 Tíufréttir**

**22.15 Veðurfréttir**

**22.25 Trúður** (Klovn III) Jólaþáttur með rugludöllunum Frank og Casper. (e)

**22.55 Framtíðarleiftur** (e)

**23.40 Spaugstofan** (e)

**00.05 Kastljós** (e)

**00.40 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.20 You Only Live Twice**

**08.15 We Are Marshall**

**10.25 Wide Awake** Joshua

**12.00 Draumalandið**

**14.00 We Are Marshall**

**16.10 Wide Awake** Joshua

**18.00 Draumalandið**

▶**20.00 You Only Live Twice** Sean Connery fer með hlutverk James Bonds.

**22.00 Man About Town** Rómantísk gamanmynd með Ben Affleck í aðalhlutverki.

**00.00 The Water is Wide**

**02.00 Crank**

**04.00 Man About Town**

**06.00 On Her Majesty's Secret Service**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Áfram Diego, áfram!, Kalli litli kanína og vinir og Krakkarnir í næsta húsi.

**08.15 Oprah**

**08.55 Í fínu formi**

**09.10 Bold and the Beautiful**

**09.30 The Doctors**

**10.15 Beauty and the Geek** (9:10)

**11.00 The Moment of Truth** (14:25)

**11.45 60 mínútur**

**12.35 Nágrannar**

**13.00 Candles on Bay Street**

**14.35 Gavin and Stacey** (6:6)

**15.05 ET Weekend**

**15.50 Barnatími Stöðvar 2** Njósnaskólinn, Kalli litli kanína og vinir og Áfram Diego, áfram!.

**17.03 Bold and the Beautiful**

**17.33 Nágrannar**

**17.58 Friends** (20:24) Fylgstu með vinum fjóra daga vikunnar.

**18.23 Veður**

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**18.52 Íþróttir**

**18.59 Ísland í dag**

**19.16 Veður**

**19.25 The Simpsons** (13:25) Lífið hjá Hómer og Marge gengur sinn vanagang en ekki líður sá dagur að þau eða börnin rati ekki í vandræði!

**19.55 Two and a Half Men** (13:24) Charlie Sheen og John Cryer leika Harperbræðurna gerólíku, Charlie og Alan.

▶**20.25 Glee** (7:22) Frumleg og skemmtileg gamanþáttaröð sem gerist í menntaskóla þar sem metnaðarfullur kennari og fyrrverandi nemandi skólans ákveður að setja aftur saman sönghóp skólans sem gerði einmitt stormandi lukku í sönghópakeppnum á árum áður.

**21.10 So You Think You Can Dance** (16:25) Sjötta þáttaröðin í stórskemmtilegri þáttaröð þar sem leitað er að næstu dansstjörnu Bandaríkjanna.

**22.40 So You Think You Can Dance**

**23.30 K-Ville** (3:11)

**00.15 What If God Were the Sun?**

**01.45 True Blood** (12:12)

**02.40 Rescue Me** (11:13)

**03.25 Candles on Bay Street**

**05.00 Glee** (7:22)

**05.45 Fréttir og Ísland í dag**

## STÖÐ 2 SPORT *besta sætið*

**07.00 Valencia - Real Madrid** Útsending frá leik í spænska boltanum.

**15.50 Mónakó - Lille** Útsending frá leik í franska boltanum.

**17.30 The Shark Shootout** Útsending frá lokadegi mótsins sem haldið er af Greg Norman.

**20.30 Meistaradeild Evrópu: Fréttaþáttur** Skyggnst á bak við tjöldin og viðtöl tekin við leikmenn og þjálfara.

**21.00 Spænsku mörkin** Allir leikir umferðarinnar í spænska boltanum skoðaðir.

**22.00 Bestu leikirnir: FH - Fram 25.06.03** FH og Fram mættust í Kaplakrika í 7. umferð Íslandsmótsins en fyrir leikinn hafði Fram aðeins hlotið 2 stig af 18 mögulegum þegar liðið mætti í Kaplakrika. FH hafði aftur á móti unnið þrjá leiki í röð og virtust til alls líklegir á Íslandsmótinu.

**22.30 Atvinnumennirnir okkar: Eiður Smári Guðjohnsen**

**23.10 World Series of Poker 2009** Sýnt frá World Series of Poker 2009 en þangað voru mættir til leiks allir bestu og snjöllustu pókerspilarar heims.

## STÖÐ 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**07.00 Liverpool - Arsenal** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**16.05 Birmingham - West Ham** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**17.45 Premier League Review** Rennt yfir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni.

**18.45 PL Classic Matches** Liverpool - Arsenal, 1997.

**19.15 Liverpool - Arsenal** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**21.00 Premier League Review**

**21.55 Coca Cola-mörkin** Sýnt frá öllum leikjunum í Coca Cola-deildinni. Öll flottustu mörkin og tilþrifin á einum stað.

**22.25 Man. Utd. - Aston Villa** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁR EINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**

**07.10 Spjallið með Sölva** (12:13) (e)

**08.00 Dynasty** (27:29) (e)

**08.50 Pepsi MAX tónlist**

**12.00 Spjallið með Sölva** (12:13) (e)

**12.50 Pepsi MAX tónlist**

**16.35 Survivor** (6:15) (e)

**17.25 Dynasty** (28:29)

**18.15 Fréttir** Fréttir og veður frá fréttastofu Morgunblaðsins.

**18.30 Matarklúbburinn** (5:6) (e)

**19.00 America's Funniest Home Videos** (48:48) (e)

**19.30 Fréttir** (e)

**19.45 King of Queens** (17:25) Bandarískir gamanþættir um turtildúfurnar Doug og Carrie. (e)

**20.10 Kitchen Nightmares** (7:13) Kjaftfori kokkurinn Gordon Ramsey heimsækir veitingastaði sem enginn vill borða á og hefur eina viku til að snúa við blaðinu.

**21.00 The Truth About Beauty** (1:3) Í þessum þáttum verður skoðað hvað felst í þeim hugmyndum sem konur hafa um fegurð og hætturnar sem geta fylgt því að vilja vera flottari, mjórri og yngri.

▶**21.50 CSI: New York** (14:25) Bandarísk sakamálasería um Mac Taylor og félaga hans í rannsóknardeild lögreglunnar í New York. Rússneskur ferðamaður er myrtur og við rannsókn málsins komast Mac og félagar á spor glæpahrings sem stundar mansal í New York.

**22.40 The Jay Leno Show**

**23.25 Shame** (1:1)

**00.55 United States of Tara** (8:12) (e)

**01.25 King of Queens** (17:25) (e)

**01.50 Pepsi MAX tónlist**

## iNN

**20.00 Ertu í mat?** Annar þáttur af þremur þar sem skyggnst er á bak við tjöldin hjá íslenska kokkalandsliðinu.

**20.30 Segðu mér frá bókinni** Nýr þáttur þar sem rithöfundar kynna nýútkomnar bækur sínar og lesa úr þeim.

**21.00 Léttari leiðir** Þáttur um heilsufar og mataræði.

**21.30 Í nærveru sálar** Fjallað verður um fötluð gæludýr í þættinum.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.





DYNAMO REYKJAVÍK

GÓÐI ELSKHUGINN EFTIR STEINUNNI SIGURÐARDÓTTUR

„MERGJAÐUR SKÁLDSKAPUR“

Þröstur Helgason – Víðsjá

„Þetta er blátt áfram bráðfalleg saga um ást og aðskilnað, um endurfundi og óendurgoldna ást, um móðurást, um ofurást og um eirðarlausan ferðamann sem þráir að verða hamingjumaður ... mergjaður skáldskapur.“
– Þröstur Helgason, Víðsjá



BJARTUR

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 21.10

### So You Think You Can Dance

Sjötta þáttaröðin í stórskemmtilegri þáttaröð þar sem leitað er að næstu dansstjörnu Bandaríkjanna. Keppendur vinna með bestu og þekktustu danshöfundum Bandaríkjanna til að ná tökum á nýrri danstækni í hverri viku þar til að lokum stendur einn eftir sem sigurvegari. Í kvöld keppa 7 pör, en tveir dansarar fara heim eftir kvöldið.



### ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

### The Truth About Beauty - NÝTT

**Skjár einn kl. 21.00**

Ný, bresk þáttaröð. Hér eru skoðaðar hugmyndir kvenna um fegurð og hætturnar sem geta fylgt því að vilja vera flottari, mjórri og yngri. Hver þáttur hefur sitt þema og vekur athygli á þráhyggju þjóðfélagsins um útlit og fegurð. Í fyrsta þættinum er fylgst með Louise sem gerir örvæntingarfullar tilraunir til að komast aftur í form eftir að hún eignast sitt annað barn.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst
**06.50** Bæn
**07.03** Vítt og breitt
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.11** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Stefnumót
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**13.00** Hringsól
**14.03** Bak við stjörnurnar
**15.03** Útvarpssagan: Neistinn sem varð að báli
**15.28** Fólk og fræði
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.16** Spegillinn
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Kvika
**21.10** Heimur hugmyndanna
**22.12** Orð kvöldsins
**22.20** Tónlist á 20. öld
**23.15** Lostafulli listræninginn
**23.50** Úr kvæðum fyrri alda
**00.07** Næturtónar

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 | XA-Radíó | FM 96,3 | FM Suðurland | FM 90,1 | Rás 2 |
| FM 90,9 | Gullbylgjan | FM 96,7 | Létt Bylgjan | FM 102,2 | Útvarp Latibær |
| FM 91,9 | Kaninn | FM 97,7 | X-ið | FM 102,9 | Lindin |
| FM 93,5 | Rás 1 | FM 98,9 | Bylgjan | FM 105,5 | Útvarp Boðun |
| FM 95,7 | FM957 | FM 99,4 | Útvarp Saga | | |

## 2 EXTRA

**17.00 The Doctors** Spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey þar sem fjórir læknar á ólíkum sviðum veita aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar um heilsufarsmál.
**17.45 E.R.** (20:22) Þættir sem gerast á bráðamóttöku sjúkrahúss í Chicago þar sem erillinn er næstum óviðráðanlegur og læknarnir fá nánast engan tíma til að taka ákvarðanir upp á líf og dauða.
**18.30 Seinfeld** (4:22)
**19.00 The Doctors**
**19.45 E.R.** (20:22)
▶**20.30 Ástríður** (6:12) Árshátíð er í vændum og nýr maður birtist í lífi Ástríðar. Það er hinn bráðhuggulegi Sveinn Torfi, yfirmaður Eignarstýringar. Er hann riddarinn á hvíta hestinum?
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**22.00 The Mentalist** (3:22) Patrick Jane er sjálfstætt starfandi ráðgjafi rannsóknarlögreglunnar í Kaliforníu. Hann á að baki glæsilegan feril við að leysa flókin glæpamál með því að nota hárbeitta athyglisgáfu sína.
**22.45 Numbers** (22:23) Tveir ólíkir bræður sameina krafta sína við rannsókn flókinna sakamála. Sá eldri, Don er varðstjóri hjá FBI en sá yngri, Charlie er stærðfræðiséní sem fundið hefur leið til að nota reikniformúlur og líkindareikning í þágu glæparannsókna.
**23.30 Mad Men** (9:13)
**00.20 Ástríður** (6:12)
**00.50 Seinfeld** (4:22)
**01.20 Auddi og Sveppi**
**01.50 Sjáðu**
**02.15 Fréttir Stöðvar 2**
**03.15 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**12.20** Absolutely Fabulous **12.50** After You've Gone **13.20** After You've Gone **13.50** My Hero **14.20** My Hero **14.50** My Hero **15.20** The Weakest Link **16.05** Monarch of the Glen **16.55** Monarch of the Glen **17.45** EastEnders **18.15** The Weakest Link **19.00** Lead Balloon **19.30** Lead Balloon **20.00** This Is Dom Joly **20.30** The Catherine Tate Show **21.00** Hustle **22.00** Marc Wootton Exposed **22.30** Two Pints of Lager and a Packet of Crisps **23.00** The Catherine Tate Show **23.30** EastEnders

## DR 1

**12.20** OBS **12.25** Strömsö **13.10** Seinfeld **13.35** Seinfeld **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Boogie Mix **15.00** SPAM - Din digitale medieguide **15.30** Spiderman **15.55** Den lyserode panter **16.00** Tagkammerater **16.15** Den lille Julemand **16.30** Julefandango **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport **18.00** Aftenshowet med Vejret **18.30** Pagten **19.00** Supersværme **20.00** TV Avisen **20.25** Horisont **20.50** SportNyt **21.00** Inspector Morse **22.45** OBS **22.50** Klimaets ofre **23.20** Hvor vinter betyder velstand

## NRK 1

**12.00** NRK nyheter **12.05** Par i hjerter **13.00** NRK nyheter **13.05** Naboer **13.30** En plass i livet **14.00** NRK nyheter **14.05** Jessica Fletcher **15.00** NRK nyheter **15.10** Dynastiet **16.00** NRK nyheter **16.10** Oddasat - nyheter på samisk **16.25** Tid for tegn **16.40** Mánáid-tv - Samisk barne-tv **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.01** Jul i Svingen **17.20** Oisteins juleblyant **17.25** Sauen Shaun **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Nordkapp **19.25** Redaksjon EN **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.35** Livet i Fagervik **21.20** Store Studio **22.00** Kveldsnytt **22.15** Derrick **23.15** God natt, elskede

## SVT 1

**13.05** För min heta ungdoms skull **15.00** Rapport **15.05** Gomorron Sverige **16.00** Hannah Montana **16.25** Playa del Sol **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport med A-ekonomi **17.10** Regionala nyheter **17.15** Där ingen skulle tro att någon kunde bo **17.45** Julkalendern. Superhjältejul **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Livet i Fagervik **19.45** Hemliga svenska rum **20.00** Vem tror du att du är? **21.00** Fotografens sista bild **21.55** Kulturnyheterna **22.10** John Adams **23.15** Dansbandskampen




## HVAÐ SEGIR MAMMA?



*„Við pabbi hennar erum að rifna úr stolti. Það er draumur hennar að hafa atvinnu af þessu og ég er viss um að henni tekst það. Hún er róleg týpa og niðri á jörðinni svo ég hef engar áhyggjur af henni.“*

Auður Sólmundardóttir er mamma Karenar Pálsdóttur, sextán ára söngkonu sem tekur þátt í Eurovision eftir áramót með laginu „Future“.

# Þreyttur Páll Óskar þráir frí

„Ég þrái að liggja uppi í rúmi með tærnar upp í loftið og horfa á DVD. Það móment kemur bara ekki nógu oft,“ segir konungur poppsins, Páll Óskar Hjálmtýsson.

Vinsældir Palla eru með ólíkindum. Hann hefur selt plöturnar Allt fyrir ástina og Silfursafnið í meira en 32 þúsund eintökum og er búinn að bóka sig á skemmtanir út árið 2010 – og árið er ekki einu sinni hafið!

„Síminn stoppar ekki. Ég er löngu hættur að taka við bókunum, ég er að reyna að skera niður ef eitthvað er. Mig vantar ekki vinnu, mig vantar frí,“ segir Palli, en hann var staddur í Vestmannaeyjum að æfa fyrir jólatónleika þegar Fréttablaðið náði í hann. „Ég er staddur á einhverjum skrýtnum stað, þar sem mér líður eins og ég sé búinn að keyra mig út og er að sýna merki ofþreytu. Það er bara ekki baun sniðugt. Það er staður sem ég vil ekki vera á.“

Páll Óskar fagnar stórafmæli á næsta ári þegar hann verður fertugur og því hyggst hann fagna veglega. Þá vonast hann til að senda frá sér plötu, en ætlar ekki að stressa sig á því, heldur vinna að henni þar til hún verður góð.

- Á svo ekki að skella sér á strönd í janúar – taka smá frí?

„Jú. Ég er búinn að teikna upp árið 2010 í stórum dráttum og inni í því eru líka verðskulduð frí.“

- afb



**DUGNAÐUR** Páll Óskar er bókaður út næsta ár. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**LÁRÉTT**
**2.** hálfgras, **6.** lést, **8.** hyggja, **9.** svelg, **11.** í röð, **12.** kryddblanda, **14.** skæla, **16.** skst., **17.** arr, **18.** erlendis, **20.** tveir eins, **21.** sjúkdómur.

**LÓÐRÉTT**
**1.** lífræn sýra, **3.** tveir eins, **4.** pinkulítið, **5.** rekkja, **7.** æðibunugangs, **10.** dýrahljóð, **13.** farvegur, **15.** flatormur, **16.** nudda, **19.** ryk.

**LAUSN**
**LÁRÉTT:** **2.** stór, **6.** dó, **8.** trú, **9.** iðu, **11.** lm, **12.** karrí, **14.** gráta, **16.** no, **17.** sig, **18.** úti, **20.** óð, **21.** asmi.
**LÓÐRÉTT:** **1.** edik, **3.** tt, **4.** örlítið, **5.** rúm, **7.** óðagots, **10.** urr, **13.** rás, **15.** agða, **16.** núa, **19.** im.

## VEISTU SVARIÐ?

Svör við spurningum á síðu 8.

1. Hún er skosk og heitir Graeme Massie.
2. Roman Abramóvitsj, eigandi enska knattspyrnuliðsins Chelsea.
3. Jón Ólafsson, tónlistar- og dagskrárgerðarmaður.









## RÚNAR FREYR GÍSLASON: FÆR LOKSINS AÐ HREYFA SIG Í FAUST

# Lúinn eftir erfiðar æfingar

„Hópurinn er hægt og rólega að komast í form,“ segir Rúnar Freyr Gíslason sem leikur í Faust sem verður frumsýnt í Borgarleikhúsinu 15. janúar. Leikritið krefst mikils líkamlegs styrks og hafa Rúnar Freyr og samleikarar hans æft stíft undanfarinn einn og hálfan mánuð undir styrkri stjórn leikstjórans Gísla Arnar Garðarssonar og þrekþjálfarans Jóhannesar Níels Sigurðssonar.

„Þetta er ansi hressandi eftir dálítið mörg blaserjakkahlutverk sem ég hef verið í, að fá allt í einu að hreyfa sig almennilega,“ segir Rúnar Freyr. „Að fá að klifra svolítið, róla sér og hoppa á trampólíni er bara æðislegt. Við byrjum alltaf í fótbolta á morgnana og tökum svo þrek og púl. Þetta er trúlega gott fyrir líkamann og ekki síst sálina. Maður er alltaf einhvern veginn hress og kátur.“

Rúnar viðurkennir samt að verkefnið sé mjög strembið og að hver dagur sé mikil þrekraun. „Ég er að sýna í Söngvaseiði og Fjölskyldunni í Borgarleikhúsinu fjórar til sex sýningar á kvöldin. Svo eru æfingar á Faust alla daga þannig að maður er orðinn ansi lúinn. En þetta er samt svo gaman að ég kvarta ekki.“

Nýlega birtist viðtal í Fréttablaðinu við konu hans Selmu Björnsdóttur sem er önnum kafin við undirbúning á söngleiknum Oliver! sem verður frumsýndur á annan í jólum. Þar voru leiddar að því líkur að Rúnar Freyr myndi sjá um jólahaldið vegna anna Selmu. „Ég kasta því bara til baka. Selma sér um það,“ segir Rúnar og hlær. Hann er að vonum spenntur fyrir frumsýningardegi Faust. „Maður verður bara að fara rólega í jólasteikina sem Selma ætlar að elda, þannig að maður sé ekki of þungur á sér 15. janúar.“

freyr@frettabladid.is



**ERFIÐAR ÆFINGAR** Rúnar Freyr og Gísli Örn Garðarsson í ógurlegri teygjuæfingu fyrir Faust. Björn Hlynur Haraldsson fylgist spenntur með. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## FRÉTTIR AF FÓLKI



**Ingó Veðurguð** samdi nýjan suðrænan smell þegar hann var úti í Argentínu í haust við tökur á Wipe Out. Lagið, sem gengur undir nafninu Adios, verður væntanlega fyrsta Veðurguðalagið sem byrjar að heyrast með vorinu. Útvarpsmaðurinn Ívar Guðmundsson lætur vel af laginu, en þeir Ingó deildu saman hótelherbergi í Argentínu og fékk Ívar þá að finna smjörþefinn af Adios.



Stúlknasveitin The Charlies, sem hét áður Nylon, er í skemmtilegu viðtali í nýjasta tölublaði tímaritsins Monitor. Í viðtalinu kemur meðal annars fram að fyrir nokkru bauðst Steinunni, **Klöru** og Ölmu að láta gera eftir sér dúkkur. Stúlkurnar höfnuðu því vegna þess að þeim fannst hugmyndin kjánaleg, en þær voru einnig hræddar við hvernig dúkkurnar kæmu út.

Talandi um dúkkur, þá var sú sem Hagkaup lét gera eftir **Birgittu Haukdal** ein sú allra eftirminnilegasta, sérstaklega fyrir þær sakir að vera alls ekkert lík söngkonunni. Annar Íslendingur verður gerður ódauðlegur á þennan hátt á næstunni, en Lego hyggst framleiða leikföng byggð á ævintýramyndinni Prince of Persia, en þar leikur Gísli Örn Garðarsson einn af vondu köllunum. Það verður því spennandi að sjá hvernig Gísli kemur út sem Legokall.



- drg/afb

# Suðurnesjastrákar vilja læra dans

„Þegar ég var í háskóla var ég oft með námskeið í Keflavík og á Akureyri. Eftir það var maður oft að hitta gömlu nemendurna og það var verið að skora á mann að koma aftur, svo ég tók bara ákvörðun um að láta verða af þessu núna,“ segir Ásta Bærings dansari sem opnar dansskólann Danscentrum í Reykjanesbæ 11. janúar næstkomandi.

Sjálf er Ásta aðalkennari skólans, en hún hóf dansnám í Danslistarskóla JSB aðeins fimm ára gömul og lauk dansaradiplómu árið 2001. Síðan þá hefur hún starfað sem dansari og danshöfundur í leikhúsum og tekið þátt í söngleikjum á borð við Fame, Grease og Hafið bláa svo eitthvað sé nefnt. Aðspurð segir hún námið skiptast í tvær annir og fjölbreytileikann vera í fyrirrúmi, en nemendur læra ýmsa dansstíla svo sem, jazzdans, street jazz og hip hop. „So You think you can dance-þættirnir eru svolítil fyrirmynd að náminu. Allir læra ákveðna grunntækni, en við viljum að nemendur geti tileinkað sér mismunandi dansstíla,“ segir Ásta. Auk hennar kenna þær Guðríður Hafsteinsdóttir og Ósk Björnsdóttir við skólann, en vegna fjölda stráka sem hafa skráð sig ætlar hún að bæta við kennara. „Það eru rúmlega 100 nemendur búnir að skrá sig og þar af eru rúmlega tuttugu strákar. Ég er náttúrlega tilbúin að gera allt til að halda þeim og vil ekki að þeir flosni upp úr dansnáminu,“ útskýrir hún og hvetur nemendur til að skrá sig sem fyrst, en opið verður fyrir skráningu til 9. janúar á heimasíðu skólans danscentrum.is.

-ag



**FJÖLBREYTT NÁM** Ásta segir So you think you can dance-þættina vera fyrirmynd að dansnáminu í Danscentrum sem hún opnar í janúar í Reykjanesbæ. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN


ora
Ástríða í matargerð
Gleðileg jól
ora
GRÆNAR BAUNIR
Veislumatur
með Ora meðlæti
www.ora.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VISIR.IS

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst húsið

**DREIFING:** dreifing@posthusid.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



Jogastudio.org

JÓGA Stúdíó


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Samfylkingin laðar

Skrafað er um að útvarpsmaðurinn góðkunni, **Hjálmar Sveinsson**, kunni að stefna á prófkjör hjá Samfylkingunni í Reykjavík. Hjálmar yrði þá ekki eini heimilismeðlimurinn sem hefði fært sig um set yfir í Samfylkinguna. Kona hans, **Ósk Vilhjálmsdóttir**, var nefnilega í framlínu Íslandshreyfingarinnar sálugu fyrir kosningarnar 2007. Sú góða hreyfing gekk eins og hún lagði sig í Samfylkinguna fyrir þingkosningarnar nú í vor.



### Fjör á laugardegi

Blásið var til svokallaðs útbýtingarfundar á Alþingi á laugardagskvöld, svo koma mætti endurskoðuðu fjárlagafrumvarpi á dagskrá í tæka tíð fyrir þinglok. **Steinunn Valdís Óskarsdóttir,** 3. varaforseti þingsins, stýrði fundinum sem hófst klukkan 19.45 á laugardagskvöld og ku ekki hafa átt von á öðru en að sitja ein í salnum og geta drifið málið af. Því var hins vegar ekki að heilsa, því þrír valinkunnir dugnaðarforkar mættu á staðinn og skeggræddu um fundarstjórn forseta í einar sex mínútur. Það voru þeir Pétur H. Blöndal, Össur Skarphéðinsson og Ögmundur Jónasson.



### Eiður hugsi á bekknum

**Eiður Smári Guðjohnsen** og félagar hans í Mónakó töpuðu stórt gegn Lille á heimavelli í franska boltanum í gær. Eiður var í byrjunarliðinu, en var tekinn af velli um miðjan seinni hálfleik. Í kjölfarið veittu frönsku myndabandsupptökuvélarnar Eiði mikla athygli þar sem hann sat djúpt hugsi á varamannabekknum. Hann var ekki kátasti maðurinn á vellinum, en það er ekki skrýtið þar sem honum hefur ekki enn þá tekist að skora fyrir liðið.



## Mest lesið VÍSIR.IS

1. Björgunarafrekið við Steinsholtsá – myndir
2. Kvartaði undan umfjöllun við útgefanda DV
3. Berlusconi varð fyrir árás
4. Íbúar í Houston velja samkynhneigðan borgarstjóra
5. Eldur við Fjarðarstræti á Ísafirði








